

Skíma

MÁLGAGN MÓÐURMÁLSKENNARA

1. tbl. 33. árgangur 2010

Viðtal við Heimi Pálsson

Norsk sjónvarpsþáttaröð um
kennara og skólastarf

Íslenska á alþjóðavettvangi

Norrænt samstarf

Kynning á norrænum
tímaritum

Pýddar greinar úr norrænum
tímaritum

Spurt og svarað um
Nordspråk

Íslenskukennarinn

Norrænt námskeið um
barnabókmenntir

Leikur og nám á www.nams.is

Hefur þú skoðað gagnvirka vefi á Krakkasiðum
og Unglingasiðum Námsgagnastofnunar?



Lesum og skoðum orð



Að skrifa rétt



Æfum íslensku



Álfur




Algebrufurinn



Almenn brot



Brúsamir



Ferningarnir



Fjaran og hafid



Fuglavefurinn



Lífsleikurinn



Iceland in English



Orðakistur Krillu



Kynfræðsluvefurinn



Lesbjálfi



Lífsleikurinn




Málfræðigreining



Í undirdjúpunum



Plöntuvefurinn



Prósentur



Ritfærni



Málframsmolar



Stafaleikir Búa



Think about it



Vogin



Write right



Klukkan



English poetry



Kortavefsjá af Íslandi



Íslensku húsdýrin

Allar hljóðbækur Námsgagnastofnunar
eru aðgengilegar til niðurhlaðs af

www.nams.is

Við hvetjum alla sem hafa áhuga á því námsefni sem er í boði
fyrir grunnskóla að skrá sig á póstlista Námsgagnastofnunar
til að fá sendar tilkynningar um allt nýtt efni sem kemur út.

ÚTGEFANDI

Samtök móðurmálskennara
Kennarahúsinu við Laufásveg, 101
Reykjavík

HEIMASÍÐA SM

<http://www.ki.is/sm>

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐAR- MAÐUR

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir
svansver@hi.is
sími 863 2424



RITNEFND



Helga Birgisdóttir
helgabi@hi.is



Kristín Björk
Gunnarsdóttir
kristinb@kopavogur.is



Málfríður Gylfadóttir
Blöndal
malfridur@keilir.net

FORSÍÐUMYND

Hanna Margrét Einarsdóttir tók myndina á forsíðu á tæknisýningu í gróðurhúsinu fyrir utan Norræna húsið.

MYNDIR Í SKÍMU:

Ritstjóri Skímu tók ýmsar myndir í blaðinu. Nokkrar myndir eru af vefnum flickr-www.flickr.com/

UMBROT

Halldór B. Kristjánsson/Letурval

PRENTUN

Litróf ehf.

Efnisyfirlit

Að horfa út fyrir landsteinana – Pistill ritstjóra	4
SVANHILDUR KR. SVERRISDÓTTIR „Ég hef alltaf lítið á mig sem kennara“ – Viðtal við Heimi Pálsson	5
Leiðin til læsis – Ráðstefna Samtaka móðurmálskennara	10
Spurt og svarað um Nordspråk	11
Hvers vegna fara kennarar á Nordspråk-námskeið?	12
GUÐLAUG GUÐMUNDSDÓTTIR Hvers virði er Nordspråk-samstarfið fyrir okkur?	15
SVANHILDUR KR. SVERRISDÓTTIR Norræn tímarit fyrir móðurmálskennara	16
CHARLOTTE RYTTER Notkun fréttatexta í kennslu	18
HALLVARD KJELEN Fantasíu frásagnir í bókmenntakennslu á unglingsstigi	20
ANNIKA HELLMANN Nám í gegnum stuttmyndagerð	23
KATARINA VON NUMERS-EKMAN Ritgerðir í ruslakörfunni	25
INGIBJÖRG JÓNSDÓTTIR KOLKA „Skólinn gerir ekkert og barnið mitt situr uppi með ómögulegan kennara!“	29
KJERSTI LEA Hvert stefnir móðurmálskennsla í Noregi?	32
ÚLFAR BRAGASON Íslenska á alþjóðavettvangi	36
HALLDÓRA JÓNSDÓTTIR OG ÞÓRDÍS ÚLFARSDÓTTIR ISLEX – Íslensk-norræn veforðabók	37
SÆMUNDUR HELGASON Gætu námsbækur í íslensku komið frá Noregi? – Umfjöllun um námsefni fyrir unglingsstigið	40
ÍSLENSKUKENNAÐARINN Kristinn Jóhannesson	42
VETURLIÐI G. ÓSKARSSON Málfarshornið – Góða frænkan danska	43
HELGA ÁGÚSTSDÓTTIR OG HELGA DÍS SIGURÐARDÓTTIR Norræn sýn á barnabókmenntir	44
MARGRÉT I. ÁSGEIRSDÓTTIR OG PIA VIINIKKA Heimsókn í bókasafn Norræna hússins	47
GUÐRÚN EGILSON Nemendavæn bókmenntasaga – Umfjöllun um Bókmenntir í nýju landi	48
Ritfréttir	49

STJÓRN SAMTAKA MÓÐURMÁL- KENNARA 2010



Sæmundur
Helgason



Eygló Eiðsdóttir



Inga Ósk
Ásgeirsdóttir



Lilja Möller



Sigurður
Konráðsson



Að horfa út fyrir landsteinana

Kennarar tala oft um mikilvægi samstarfs og að þeir hafi áhuga á að skoða hvað aðrir kennarar gera. Þeir vilja gjarnan hittast og ræða málin, fara í skólaheimsóknir, funda með kennurum úr öðrum skólum eða af öðrum skólastigum. Þeir vilja sjá kennsluáætlanir annarra, skoða námsmatið og forvitnast um kennsluhættina. Þessari löngun deila mjög margir móðurmálskennarar á Norður-löndunum.

Frændþjóðir okkar láta sig varða sömu atriði og við í sambandi við móðurmálskennslu. Kennarar velta vöngum yfir því hvað ætti að vera í námskránni og hvernig kennslubækur sé best að nota. Þeir hafa áhyggjur af stöðu læsis, vilja bæta færni nemenda í ritun, finnst ungu fólki of tamt að grípa til enskrar tungu í samskiptum við aðra Norðurlandabúa, svo fátt eitt sé nefnt. Um margt af þessu er rætt í tímaritum samtaka móðurmálskennara í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og á námskeiðum á vegum Nord-språk, sem er samstarfsvettvangur móðurmálskennara á Norðurlöndunum.

Varla þarf að taka fram fram hve mikilvægt það er okkar fámenna hópi móðurmálskennara að horfa út fyrir landsteinana og vera í sambandi við aðrar þjóðir, læra af þeim, kynna það sem við gerum, fara utan á námskeið, fylgjast með erlendum straumum í móðurmálskennslu. Þess vegna ættum við að leggja meiri rækt við nágrannaþjóðir okkar, frændþjóðirnar á Norðurlöndum. Við ættum líka að gæta þess að nemendur okkar skynji mikilvægi þess að geta talað

norræn tungumál. Við getum gert það með því að tengja viðfangsefni okkar viðfangsefnum þeirra, tengja þau við norrænar þjóðir. Við eigum að vera óþreytandi að kynna menningu annarra Norðurlandþjóða, skoða það sem er skylt í tungumálum okkar, hafa samband við skóla, kennara, nemendur á hinum Norðurlöndunum, meta gildi norrænna bóka, tónlistar, kvikmyndar. Því þetta eru þau mál sem skyldust eru íslenskunni: Norska, danska, sænska, færeyska. Enskan skyggir að mínu mati allt of mikið á þessi tungumál frændþjóðanna.

Skíma kemur nú út í 66. sinn. Að þessu sinni er horft út fyrir landsteinana og áhersla lögð á norrænt samstarf. Meðal efnis er viðtal við Heimi Pálsson, lektor í Uppsölum, þýddar greinar úr norrænum tímaritum fyrir móðurmálskennara, skrif tveggja móðurmálskennara frá Noregi og kynning á norrænum tímaritum. Forsíðu Skímu prýðir ljósmynd eftir Hönnu Margréti Einarsdóttur. Henni og öðrum sem hafa lagt hönd á plóginn til að koma Skímu í höfn að þessu sinni eru færðar bestu þakkir fyrir framlag sitt. Lesendur Skímu eru enn og aftur hvattir til að senda inn efni; greinar, hugleiðingar, kennsluhugmyndir eða annað sem erindi á við íslenskukennara á öllum skólastigum.

Næsta Skíma verður helguð læsi og eru allar góðar tillögur og ábendingar um efni vel þegnar.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir ritstjóri.



„Ég hef
alltaf
litið á
mig
sem
kennara“



Viðtal ritstjóra Skímu við Heimur Pálsson, lektor við Nordiska språk í Uppsölum

Nýlega dvaldi ég í Uppsölum og þar lágu leiðir okkar Heimis Pálssonar saman á ný en fyrir mörgum árum var hann kennari minn við Háskóla Íslands. Áður en dvölinni lauk mætti ég með upptökutæki og myndavél í kaffi á Eystri-Árgötuna þar sem Heimur býr. Tækið rúllaði í tvo klukkutíma og óhætt er að segja að umræðan hafi verið innihaldsrík. Við skoðuðum bækur og handrit, hlógum saman og ég gekk út með margar hugmyndir í kollinum – og margs vísari.

Í þessum skrifum dreg ég saman það sem helsta sem Heimur hafði að segja um íslenskukennslu, námsefni, starf sitt við Nordiska språk og rannsóknarstörfin.

Íslenskukennarinn

Við byrjuðum samtalið á því að ræða um íslenskukennslu í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi enda er Heimur margreyndur á því sviði, sérstaklega innan framhaldsskólans.

Ef þú lítur yfir sögu íslenskukennslunnar, hvað kemur upp í hugann?

Ég get ekki vikist undan þeirri ábyrgð sem ég og mín kynslóð berum á að skilið var, að minnsta kosti í framhaldsskólum,

svo afdráttarlaust milli greinanna málfræði og bókmennta. Við höfðum vaxið upp í skólum þar sem maður varði miklum tíma í að greina Völuspá og *Eglu* í orðflokka og eins og oft verður sýndist okkur brýnt að leggja ekki á nemendur okkar það sem á okkur hafði verið lagt.

Við meintum vel en eins og hendur fórum við kannski óþarflega langt. Við fórum að kenna háskólagreinarnar bókmenntafræði og málvísindi en sjálfst meginatriðið, tungumálið og beiting þess, varð útundan. Íslenska er tungumálið sem við notum og talmálið er númer eitt. Margir trúá því að ritmál

sé eins og vandað talmál en það er langur vegur þarna á milli. Mér fannst áhugavert að lesa skrif Sverris Páls í síðustu Skímu. Hann talar um mikilvægi þess að leggja áherslu á talað mál og skapandi skrif en ekki heimildaritgerðir. Þetta eru þættir sem mér finnst skipta miklu máli. Málfræðin er hrífandi fræðigreinin en hún býr ekki til betri málnotanda, hún býr ekki til betra talmál. Þú þarft að kunna málfræði til að geta talað um mál og málfræði en þú getur talað málið án þess að kunna málfræði.

Málfræði er fyrst og fremst lýsing á máli og sú lýsing sem við höfum kennt í íslenskum skólum á rætur sínar að rekja í bækur Rasmusar Kristjáns Rask. Á henni byggði Halldór Kr. Friðriksson sína málfræði, það er í raun latnesk málfræði. Og þess vegna finnst mér að við leggjum áherslu á málfræðikennslu eins og nemendur væru útlendingar. Við erum að kenna þeim mállýsingu og höldum að hún dugi til málbeitingar. Til eru dæmi og aðstæður þar sem gott er að geta beitt reglum meðvitað. En ég held við höfum lagt óþarflega mikla áherslu á formlega málfræðikennslu og fræðilega bókmenntakennslu en of litla áherslu á talmál og málbeitingu af öllu tagi. Maður þarf að eiga bæði hversdagsföt og spariföt og að geta notað mismunandi málsnið. En nú er nauðsynlegt að taka fram að ég hef ekki starfað í íslenskum skóla síðastliðin sjö ár og veit þess vegna of lítið um stöðu mála þessa stundina.

Hvaða skoðun hefur þú á íslenskukennslu eins og hún fer fram í dag?

Það er einmitt það. Skoðun get ég haft, en hún stendur á því sem ég *held* en ekki því sem ég *veit*. Ég held að skólar dugi almennt ekki vel til að fást við nútímann. Af því að krakkarnir kunna ekki það sem við kunnum finnst okkur þeir ekki kunna neitt. Þarna er kynslóðabilið ljósast og nú kann ég allt of lítið í einhverri félagssálfræði til að geta leyft mér að segja svona, en ég held að það sé miklu meiri munur núna á máli kynslóða en var hér áður fyrr. Veröldin breytist hraðar en fyrr og það eru allt aðrir hlutir sem börn og unglingar fást við en var fengist við á því tungumáli sem við eldra fólkið kennum í skólum. Vandamálið hefur verið, held ég, að kennslan breytist ekki. Við kennum annaðhvort eins og okkur var kennt eða öfugt, forðumst að kenna eins og okkur var kennt. Það þýðir að kennsluáferðir mótast að verulegu leyti á grunnskólagöngunni. Það er þá sem væntanlegar áferðir verðandi kennara verða til.

Mér hefur fundist alvarlegasta meinið í íslenskum skólum vera sú hugmynd að telja að þekkingin sé óbreytanleg og endanleg og þar er ágætis dæmi að menn héldu áfram í 25 ár að kenna um tilvísunarfornöfn í íslensku eftir að búið var að sýna fram á að það eru ekki til tilvísunarfornöfn í íslensku. Breytingar á þekkingu eru afskaplega seinar að koma inn í skólakerfið. Þær eru seinar að koma inn í kennslubækur og

Heimir Pálsson fæddist á Laugum í Reykjadal lýðveldisárið 1944. Hann á öflugan feril að baki og hefur m.a. starfað sem framhalds-skólakennari, námsefnishöfundur, háskóla-kennari, ritstjóri, skólameistari og nú síðast dósent við deild norrænna fræða við Uppsala-háskóla. Heimir var formaður Samtaka móðurmálskennara 1987–90.

þó að þær komi inn í einstaka bækur eru þær samt ekki í kennslubókunum sem kennarnir notuðu sjálfir í skóla og þar með treysta þeir því ekki að þetta sé rétt. Maður heldur sig við það gamla sem maður kann.

Nei, þekkingin er ekki sú sama nú og hún var. Við höfum aðra þekkingu á heiminum en menn höfðu á 12. öld. Það þýðir þó ekki að við eigum að láta okkur í léttu rúmi liggja hvernig menn hugsuðu þá. Við getum látið lesa íslenskar fornbókmenntir t.d. sem lykil að hugsunarhætti sem byggir á tiltekinni þekkingu og aðferðum til þess að reyna að skilja veröldina í kringum okkur. Við getum hlegið að sögunni um það þegar Gefjun plægði burt bita úr Svíþjóð og bjó til eyjuna Sjáland en það er samt sem áður goðfræðileg tilraun til þess að skilja. Og það ER stórt vatn í Svíþjóð þar sem vikurnar eru mjög líkar töngunum á Sjálandi.

Stundum finnst mér að góðar hugmyndir strandi á framkvæmdinni. Hvernig eigum við að tileinka okkur nýjungar með góðum árangri?

Við komumst líklega seint að einhverri niðurstöðu en þegar maður er farinn að halda í gamlar áferðir til að halda uppi aga er illa komið fyrir skólakerfinu. Það skiptir máli að vera vakandi fyrir þessari hugsun. Ég hef stundum verið dálítið rogginn yfir því að íslenskan sé eina Norðurlandamálið sem á orðið *nám* og notar sögnina að *nema* um að læra. Sögnin að *nema* þýðir bara að tína saman, að plokka upp. Þetta er sögnin *nehmen* í þýsku og hún merkir að taka og tileinka sér og þannig er nám ekki hugsað út frá því að þér sé *kennt* eitthvað heldur að þú tínið saman. Ég held að þetta sé

Fyrst og fremst kennari

Ég hef verið svo lánsamur að það starf sem ég hef sinnt hverju sinni hefur alltaf verið mér kærast. Ég ímynda mér að þegar frá líður muni það verða kennslan sem ég sakna mest. Ég hef alltaf lítið á mig sem kennara og kennari er það sem ég er. Þótt ég eigi aðallega eftir að vinna við rannsóknir það sem eftir er breytir það ekki því að ég hef alltaf haft gaman að því að vera kennari.

grundvöllurinn að hinni svokölluðu hugsmíðahyggju, þegar menn álíta að það eigi að vinna út frá nemandanum út frá því stigi sem hann er staddur á en ekki út frá því hvort hann sé 9 ára eða 12 ára. Ég veit vel að það er ekki hægt að komast hjá því að kenna einhver grundvallaratriði í málfræði og hvernig á að nota málfræðihugtök einfaldlega svo hægt sé að tala saman um málið. En ef þú getur fengið nemendur til að hugsa um málið og velta því fyrir sér þá skiptir miklu minna máli hvað þetta heitir, meginatriðið er að vita hvernig þetta er. Sverrir Páll talar um yndislestur og ég held að hann geti verið afskaplega nytsamur, meðal annars vegna þess að ef menn lesa það sem þeim þykir skemmtilegt að lesa auka þeir að sjálfsögðu orðaforða sinn, þeir sjá fleiri setningagerðir, fá alls konar dæmi og fyrirmyndir. Við erum afskaplega hreykin af fornsögnum og öllu þess háttar, og það er mjög við hæfi í sjálfu sér, en þá fyrst er gaman að fornsögnum ef maður getur lesið þær inn í sitt eigið samhengi og séð þær út frá því og skoðað. Hugsaði fólk t.d. allt öðru vísi fyrr á öldum en við? Niðurstaðan er auðvitað NEI!, það hugsaði bara alveg eins. Þannig búum við okkur til einhver samfélagsleg tæki.

Í íslenskum skólum er gegnum gangandi áhersla á vandað mál og óvandað. Frá sex ára og upp í háskóla er hamrað á sömu atriðunum; ég vil, ég vill, hann vantar, honum vantar. eru Svíar með sambærilega áherslu og eiga þeir málstefnu sambærilega við þá sem við höfum nýlega samið?

Það virðist miklu minni áhersla vera lögð á svona atriði hér en á Íslandi. Svíar myndu sjálfir vera kallaðir af Íslendingum fullkomnir reiðareksmenn í málfræðinum. Ég hef oft verið kallaður það líka.

Lektorinn í Uppsölum

Heimir hefur í nokkur ár verið lektor í íslensku í norrænu deildinni við háskólann í Uppsölum, Nordiska språk. Ég spurði hann út í þessa kennslu og um leið um íslenskukennslu við háskóla á Norðurlöndum.

Svíar hafa nú í fyrsta skipti, líkt og Íslendingar, samið málstefnu. Það var norræn samvinna sem fæddi hana af sér. Í sænsku málstefnunni eru merkilegir hlutir sem er svo alveg augljóst að verður ekki hægt að fylgja eftir vegna þess að það fæst ekki fjármagn til þess sem stungið er upp á að sé gert. En eitt af því sem er gert núna í fyrsta skipti er að orðuð er sú staðreynd eða staðfest að sænska sé ríkismál. Hún hefur hvergi verið skrásett sem ríkismál í lögum. Þörfin á Íslandi er væntanlega minni en hér, hins vegar heyrir mér enginn vita hvað þetta muni þýða – eða hvort það þýðir eitthvað? Er þetta til einhvers, munu menn t.d. hætta að hafa



Orðabók bekkjarins

Krakkar eru alltaf hrifnir af skrítnum orðum. Þess vegna getur verið skemmtilegt að leyfa þeim að búa til Orðabók bekkjarins með orðum sem safnað er saman yfir einhvern tíma. Slík vinna kallar á svolitla rannsóknarvinnu. Það þarf að skoða hvernig orðabækur líta almennt út og hvað þær innihalda. Hvaða upplýsingar eru í orðabókum. Það þarf að hafa notkunardæmi, málfræðiupplýsingar, t.d. um kyn, beygingu og tölu. Þarna fer málfræðin að hafa hlutverk. Krakkarnir sjá að þetta eru mismunandi flokkar orða og við erum komin með vísi að orðflokkgreiningu. Og svo má fara lengra og skoða jafnvel málsögu, uppruna orðanna. Ef þú færð þetta til að gerast í einhverju merkingarbæru samhengi, þá vekur þú áhuga krakkanna.

reglugerðir á ensku þar sem þær koma frá Evrópusambandinu?

Hverjir læra íslensku við Háskólann í Uppsölum?

Íslenskukennslan hér er öllum frjálst val. Þetta eru bara frístáende kurser, þeir eru ekki á einni námsbraut heldur eru þeir í frjálssa valinu. Þar með er nútímaíslenskan í samkeppni

Endurnýting bókmenntaarfsins

Við eigum að vinna úr þessum textum, endurnýta þá. Ef við setjum íslenskar fornbókmenntir bara inn í glerskáp og höfum þær þar og segjum „þetta er roslega flott,“ þá eru þær auðvitað afskaplega lítils virði. Þess vegna finnst mér svo óskaplega gaman að sjá höfunda í dag endurríta Sturlungu. Allt í einu er Sturlunga orðin með vinsælli bókum á Íslandi. Ég heyrði einu sinni þessa yndislegu setningu í bókabúð: „Áttu ekki Sturlungu í kilju?“ Mér fannst alveg guðdómlegt að heyra það. Sturlunga hefur verið gefin tvisar út á Íslandi, það er nú allt og sumt.

við ýmislegt annað. Það þýðir líka að ég fæ nemendur hér í íslensku úr öllum mögulegum áttum, ekki bara nemendur sem eru að lesa sænsku eða málfræði. Einn er úr guðfræði, annar að lesa til þýðanda, þriðji úr náttúrufræði, kannski að búa sig undir ferð til Íslands. Oft mjög sundurleitur hópur, mjög mismunandi lagður til þess að læra málfræði. Yfirleitt eru allir kúrsar fimm vikur og þá er próf. Og svo byrjar næsti. Þetta er fullkomlega fráleitt í byrjendakennslu í erlendu máli. Kenna mönnum eitthvað í fimm vikur og prófa svo. Og svo gera menn kannski ekki neitt meira með þetta.

Hvaða markmið setur þú þér sem kennari þessara nemenda?

Markmiðið hjá mér er að kenna það sem er nauðsynlegt til að nemendur geti farið að nota texta á íslensku. Þá er ég óskaplega oft að hugsa um einhverja sögulega eða bókmenntalega texta. Eitthvað sem kemur við nám þeirra á öðrum sviðum, þannig að þeir geti með hjálp orðabóka notað texta. Hærra set ég ekki markið. Þeir eiga líka að geta búið til einhverjar einfaldar setningnar á íslensku en það veitist þeim óskaplega erfitt.

Hvaða þýðingu hefur það fyrir okkur Íslendinga að íslenska sé kennd við norræna háskóla?

Ég lít svo á að það sé mjög mikilvægt, einkum af tvennum

sökum. Okkur sárvantar fleiri þýðendur á íslenskum nútímabókmenntum og það er mjög mikilvægt fyrir íslensk fræðastörf að við gerum sem flesta stautlæsa á íslensk vísindarit. Það er stundum sorglegt að skoða ritaskrár í sænskum doktorsritgerðum um norræn fræði, þar sem greinilegt er að höfundur notar eingöngu sænsk og ensk rit. Getur kannski ekki lesið aðrar tungur. En nú er staða mála sú hér í Svíþjóð að lektorsembættið í Gautaborg verður lagt niður og þar með er engin kennarastaða eftir nema hér í Uppsöllum.

Fræðimaðurinn

Það er ekki laust við að Heimir fari á fræðaflug þegar við ræðum um umfangsmikla rannsókn sem hann vinnur að núna ásamt samstarfshópi í Svíþjóð. Hann sýnir mér handrit og útskýrir á svo liflegan hátt að ég sé næstum eftir því að hafa ekki lagst í handritarannsóknir.

Um hvað snýst rannsóknin sem þú vinnur að núna í stuttu máli?

Við erum að rannsaka eitt handrit *Snorra-Eddu*, Uppsala-handritið DG 11 4to. Ég kem að rannsókninni sem kennslubókahöfundur, skoða þetta verk sem kennslubók, og er auðvitað að reyna að átta mig á því hvernig kennslubækur eru endurunnar. Við höfum ekki betra dæmi um endurvinnslu menningararfsins en *Eddu*, sjáum hvernig kennslubækur breytast þegar þær eru endurskrifaðar til þess að þær henti nýjum kennurum eða nýjum nemendum, kannski nýjum kennsluháttum í einhverjum tilfellum. Þetta er, held ég hægt sé að fullyrða, byrjað á 13. öld með *Snorra-Eddu*. Verkið í heild er ekki eldra en frá 1225 eða þar um bil og þegar kemur lengra fram á 13. öld er greinilegt að strax er farið að endurvinna það. Svo er rifist um með hvaða hætti það er gert. Við sjáum til hvað kemur út úr þeim rannsóknum. Í þessari umferð er ég fyrst og fremst að reyna að skilja hvað það er sem vakir fyrir ritstjóra eða skrifara þegar til verður handrit eins og þetta, svona kennslubók eins og við erum

Fjandvinir íslenskunnar

Nemendum mínum hér þykir alltaf jafngaman að því þegar ég sýni þeim stefnuýfirlýsinguna úr Boðsbréfi Lærdómslistafélagsins 1780. Menn lýstu því yfir að þeir ætluðu að vernda íslensku sem hið sanna þjóðarmál Íslendinga, vernda hana fyrir ásókn. Þá þegar er búið að skilgreina þetta þannig að erlend mál séu mögulegir fjandar, þau séu hættuleg. Þetta finnst nemendum mínum hér í Svíþjóð óskaplega fyndið. Hér hafa náttúrulega komið öldur, t.d. þegar þýsk orð streymdu inn í sænsku. Svo kom annað tímabil þegar frönsk orð og síðar ensk voru mjög gjaldgeng í sænsku. Það þurfti aðeins að aðlaga þau en mjög lítið. Þetta fannst öllum vera sjálfsagt mál, svona hefur þetta verið og svona á þetta að vera. Svíum finnst því mjög hlægilegt að það sé búin til sú hugmyndafræði að líta á erlend mál sem fjendur.

með í höndunum þarna. Inn í hana er bætt alls konar efni og það er gert að mjög yfirlögðu ráði.

Hverjir taka þátt í rannsókninni með þér og hvað áttu von á því að hún muni taka langan tíma?

Ég byrjaði sumarið 2008 og svo tindust fleiri inn eftir því sem þeir losnuðu úr öðrum verkefnum. Nú erum við fjórir, ég, Henrik Williams, Lasse Mårtensson, og Daniel Sävborg. Auk þess vinnur einn doktorsnemi við rannsóknina, Maja Bäckvall. Við munum vinna að þessu næstu tvö árin á fullu. Kannski dugar það ekki til, það á eftir að koma í ljós.

Hvað gera Íslendingar sjálfir með svona rannsóknir?

Við eru í samvinnu við Árnastofnun. Ætlunin er að birta allan textann, bæði stafréttan og samræmdan með skýringum, það hefur ekki verið gert áður. Væntanlega kemur vinna okkar að notum í útgáfu á Eddu í Íslenskum fornritum. Og svo er auðvitað bara að sjá hvaða niðurstöðu við getum dregið fram.

.....

Ég kveð Heimi Pálsson eftir langt spjall og hjóla út í frostkaldan, sænska veturinn. Heimir hefur fest rætur við Fyrisána sem liðast gegnum þennan forna háskólabæ. Hann var hér sendikennari í nokkur ár en eyddi drjúgum hluta starfsævinnar heima á Íslandi. Upp úr aldamótum afréð hann þó að hverfa aftur til Svíþjóðar. Hann unir sér vel með útsýni yfir gömlu dómkirkjuna, háskólann og konungshöllina. Fegurra útsýni er varla hægt að hugsa sér.



Dómkirkjan í Uppsölum. Bygging hennar hófst árið 1270. Þetta er ein stærsta kirkja Norðurlanda.

Ráðstefna Samtaka móðurmálkennara

Leiðin til læsis

Laugardaginn 6. febrúar síðastliðinn héldu Samtök móðurmálkennara ráðstefnu um læsi í Bratta, húsi Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Ráðstefnugestir voru rúmlega 200. Markmið ráðstefnunnar var að fjalla um stöðu læsis og kynna leiðir í átt til betra læsis.

Í upphafi ráðstefnunnar las Þorbjörg Atladóttir, nemandi í Hagaskóla og vinningshafi Stóru upplestrarkeppinnar, ljóð. Erindi fluttu Katrín Jakobsdóttir, ráðherra mennta- og menningarmála, Rósa Eggertsdóttir frá HA, Guðmundur B. Kristmundsson frá HÍ og Hrafnhildur Ragnarsdóttir frá HÍ.

Eftir hádegi gátu ráðstefnugestir valið um fimm mismunandi smiðjur þar sem kynntar voru aðferðir sem tengjast læsi. Á leikskólastigi sáu Árdís Hrönn Jónsdóttir og Inga María Ingvarsdóttir úr leikskólanum Tjarnarseli um kynningu á lestarverkefni fyrir leikskólann. Á yngsta stigi grunnskólans kynntu Rannveig Lund og Guðlaug Einarsdóttir efni frá Flatarskóla. Guðmundur Engilbertsson frá HA og Guðjón Ragnar Jónasson úr Austurbæjarskóla kynntu efni fyrir miðstig grunnskóla. Anna Steinunn Valdimarsdóttir og Fríða Haraldsdóttir úr Laugalækjarskóla kynntu efni fyrir unglíngastig og Eiríkur Brynjólfsson og Elín Vilhelmsdóttir frá FÁ fjölluðu um efni fyrir framhaldsskólann. Fundarstýra var Ingibjörg Einarsdóttir. Í næstu Skímu verða m.a. birtar greinar sem tengjast efni ráðstefnunnar.



Spurt og svárað um Nordspråk

Nordspråk er samstarfsvettvangur norrænna móðurmálskennara og þeirra sem kenna norræn mál sem erlend mál. Markmiðið er að efla og auka skilning norrænu þjóðanna á skandinavísku málunum, koma á tengslum og þjappa frændþjóðunum saman. Öll samskipti fara fram á dönsku, norsku eða sænsku.

Nordspråk gefur út margs konar kennsluefni, heldur úti heimasíðu og árlega eru haldin þrjú til fjögur námskeið. Sumarnámskeiðið er umfangsmest og stendur í viku. Allir félagar í Samtökum móðurmálskennara geta sótt um að komast á þessi námskeið.

Stjórn **Nordspråk** og fulltrúaráð hittast á haustfundi ár hvert. Þá er farið yfir starfsemi líðandi árs og lögð drög að námskeiðum og fundum næsta starfsárs. Guðlaug Guðmundsdóttir og Sæmundur Helgason eru fulltrúar Íslands í **Nordspråk** ásamt tveimur fulltrúum Félags dönskukennara.

Allir félagar í Samtökum móðurmálskennara geta sótt um þátttöku á námskeiðum á vegum **Nordspråk**. Námskeiðin eru m.a. auglýst á heimasíðu Samtaka móðurmálskennara www.ki.is/sm og **Nordspråk** www.nordspraak.dk

Hvernig námskeið eru haldin á vegum Nordspråk?

Námskeið á vegum Nordspråk hafa verið mjög fjölbreytt. Þau fjalla m.a. um norrænar bókmenntir, tungumálin og kennslufræði.

Hvar eru námskeiðin haldin?

Námskeið á vegum Nordspråk eru haldin á Norðurlöndunum. Norrænu menningarsetrin Hanaholmen í Helsinki, Lysebu og Voksenåsen í Ósló og Scheffergården í Gentofte í Danmörku eru heimastöðvar námskeiðanna. Aðstæður til funda- og námskeiðahalds eru einkar hentugar á þessum stöðum.

Hverjir geta sótt námskeiðin?

Námskeið á vegum Nordspråk eru ætluð öllum kennurum sem kenna norrænu málin sem móðurmál eða erlent mál.

Er hægt að fá styrki til að sækja námskeið?

Þátttakendur á námskeiðum á vegum Nordspråk geta sótt um styrki til Kennarasambands Íslands. Eyðublöð og allar upplýsingar má sækja á heimasíðu KÍ slóðin er: www.ki.is

Hvaða námskeið hafa verið haldin nýlega?

Í mars var námskeið um lestur og lestraráhuga haldið á Scheffergården. Í apríl var stutt námskeið haldið í Hanaholmen, ætlað finnskum og finnlandssænskum kennurum.

Hvaða námskeið eru framundan?

Sumarnámskeiðið 2010, „Frá Snorra til uppstands“, verður haldið í Reykholti í Borgarfirði og Borgarnesi 2.–6. ágúst. Námskeiðið er ætlað kennurum á öllum skólástigum.

Haustrámskeiðið „Mobilkultur og sociale medier i Norden“ verður haldið í Stokkhólmi 29. október til 1. nóvember. Það er ætlað grunn- og framhaldsskólakennurum.

Upplýsingar um kostnað og skráningu er að finna á heimsíðu Nordspråk, slóðin er <http://nordsprak.dk>

Hvers vegna fara kennarar á Nordspråk-námskeið?

Þeir eru ófáir íslenskukennararnir sem farið hafa á Nordspråk-námskeið sem haldin eru árlega á Norðurlöndunum. Nokkrir þeirra deila hér með lesendum Skímu reynslu sinni og upplifun. Það er samdóma álit þeirra sem sótt hafa þessi námskeið að þau séu dýrmæt reynsla auk þess sem þau styrkja tengslanetið og víkka sjóndeildarhringinn. Það er ekkert skilyrði að hafa gott vald á Norðurlandamáli til þess að geta nýtt sér það sem fram fer á Nordspråk-námskeiði. Svo er alveg ótrúlegt hvað ein ferð á norrænt námskeið gerir mikið fyrir tungumálakunnáttuna.



Eygló Eiðsdóttir
eyglo@verslo.is

„Skaldskap av mannamunni“

Eina Nordspråk-námskeiðið sem ég hef sótt var haldið í Þórshöfn í Færeyjum í júní árið 2006. Það bar yfirskriftina *Skaldskap av mannamunni*. Mér fannst mjög áhugavert að fara til Færeyja og eiga þess kost að dveljast þar í hópi móðurmálskennara frá öllum Norðurlöndunum. Segja má að þessir dagar í Færeyjum hafi verið eins og ævintýri. Mjög góð þátttaka var frá Íslandi, við vorum um tíu kennarar af grunn- og framhaldsskólastigi. Auk þess var góð þátttaka frá hinum Norðurlöndunum en einna síst frá Finnlandi. Fyrirlesarar voru flestir kennarar á menntaskólastigi í Færeyjum og voru auðvitað með misáhugaverða fyrirlestra en það sem ég man best núna er ung kona sem kenndi í Klakksvík og talaði um *Færeyingasögu* og kennslu hennar. Fjórum árum síðar hugsa ég um hversu gaman og gagnlegt það var að hitta norræna kollega og geta rætt við þá um þeirra reynslu sem auðvitað er ekki ólík okkar. En það sem stendur þó upp úr eru þær móttökur sem við fengum hjá vinum okkar Færeyingum og viðmót þeirra. Mest lærði ég daginn sem Gunnvör, umsjónarkona námskeiðsins, og eiginmaður hennar buðu hópnum til Nolseyjar. Þar var fram reiddur gamall færeyskur matur í grunnskóla eyjarskeggja og okkur kenndur færeyskur dansur. Um kvöldið var stærsta straumsvöluvarp í heimi skoðað. Þessi ferð mun seint gleymast.



Hulda Ólafsdóttir
hulda@langholtsskoli.is

„Fiktionens virkelighed“

Árið 2008 hélt Nordspråk sumarnámskeið á Borgundarhólmi um *Fiktionens virkelighed*. Borgundarhólmur er lítil perla sem gaman er að koma til. Það fór vel um okkur á gömlu hóteli við höfnina í Svaneke þar sem námskeiðið var haldið. Fyrir utan að leiða saman kollega frá Norðurlöndunum var tilgangur námskeiðsins að ræða vægi sannleikans í skálduðum sjálfsævisögum. Fyrirlesarar og bækur til umfjöllunar voru: Einar Már Guðmundsson, íslenskur, *Rimlar hugans*, Hans Otto Jörgensen, danskur, *Ida og Axel trilogien*, Knud Romer, danskur, *Den som blinker er bange for døden*, og Vigdis Hjort, norsk, *Hjulskift*.

Ég náði að lesa eitthvað eftir alla höfundana og var forvitnust um Knud Romer. Bók hans, *Sá sem blikkar er hræddur við dauðann*, kom út 2005 og fékk sterk viðbrögð í Danmörku. Hún vakti hatrammar deilur um hvað væri satt og hvað logið um framkomu Dana í garð Þjóðverja sem fluttust til Danmerkur eftir stríð.

Það var fróðlegt að sjá og heyra Knud, sem var mælskur og talaði hratt, gera grein fyrir hvers vegna hann skrifaði þessa bók.

Fyrirlesararnir voru jafn ólíkir og þeir voru margir. Vigdís var leikræn og skemmtileg, Hans Otto hægur og djúpur og svo sameinaði okkar maður, Einar Már, dýpt og skemmtun og sló í gegn! Við fórum í ferðir þvers og kruss um eyjuna og vorum full af fróðleik, skemmtun og góðum mat er heim á hótelið kom.



Karl Hallgrímsson
karlh@akmennt.is

Rapp- og rokktextar

Haustið 2005 sótti ég námskeið á vegum Nordspråk sem haldið var í Bergen í Noregi. Námskeiðið bar yfirskriftina Rapp- og rokktextar í móðurmálskennslu og var einkum ætlað móðurmálskennurum á elsta stigi grunnskólans og í framhaldsskólum. Í íslenska hópnum voru að sjálfsögðu nokkrir dönskukennarar. Skipulag námskeiðsins þótti mér gott og efni fyrirlestranna var áhugavert. Það tók á mörgum þáttum og nálgun fyrirlesara á viðfangsefnið var ólík.

Það sem mér er minnisstæðast frá þessari ferð, fyrir utan að hafa hitt bæði Bill Wyman og Barða í Bang Gang, eru samverustundirnar með hinum þátttakendunum, bæði á kvöldin og á meðan á ferðalaginu sjálfu stóð. Það er dýrmætt að fá tækifæri til að vera með öðrum kennurum í kringumstæðum eins og þessum. Umræðurnar í tengslum við fyrirlestrana voru oft ágætari en umræðurnar sem sköpuðust eftir að fyrirlestrunum lauk; yfir kaffibolla eða björglasi, voru skemmtilegri, minnisstæðari og alveg jafngagnlegar. Svo voru mynduð ný kynni og þau gömlu styrktust. Ég hef t.d. skipst á geisladiskum við einn færeyska þátttakandann og fæ sérstaklega hlýjar móttökur þegar ég heimsæki kennarastofur í skólunum þar sem hinir þátttakendurnir starfa.

Í veislunni sem haldin var síðasta kvöldið tróð hver og einn þátttakandi upp með frumsömdu rappnúmeri. Færeyingarnir í hópnum stýrðu hringdans og Danirnir buðu snafs. Þetta var hin ánægjulegasta ferð.



Kristín Jónsdóttir
kjons@hi.is

Að gefa og þiggja

Fyrstu skref mín sem fulltrúi SM í norrænu samstarfi móðurmálskennara voru hikandi. Menn töluðu tungum á fundum og ég var alls ekki alltaf með á nótunum. Ég komst að því að í norrænu kennaratungumáli eru ýmis orð notuð sem ég hafði ekki heyrt þegar ég var í menntaskóla í Stokkhólmi eða vann á ávaxtasölutorginu með tyrkneskum innflytjendum. Samt tók ég þátt í að skipuleggja samnorræn námskeið og sótti þau í nokkur ár ásamt kennurum héðan. Þá lærði ég meira í sænsku og slangur í dönsku og norsku, get líka skálað á finnsku og dansað á færeysku! Minnistæðust er samveran, söngurinn og galsinn en jafnframt hafa kynnin af alls kyns kennslufræði og norrænum fræðum nýst mér vel. Þessi margþætti ávinningur veldur því að ég hef óbilandi trú á mikilvægi norræns samstarfs fyrir okkur kennara. Samfélög Norðurlandanna eru mátulega lík okkar og þó nógu frábrugðin til þess að við höfum bæði gagn og gaman af því að kynnast þeirra skólastarfi, hugsjónum, kenningum og aðferðum. Fyrir fáum árum kvaddi ég Langholtsskóla og hélt til starfa við kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Þar tek ég áfram þátt í að efla samstarf við okkar norrænu kollega, til dæmis um nemenda- og kennaraskipti við Högskolen í Bergen, þess fullviss að við getum bæði gefið og þegið í samstarfi við frændþjóðir okkar.



Elínborg Ragnarsdóttir
elinborg@kvenno.is

Kära nordiska vänner!

Sumarið 1995 fór ég í fyrsta skipti á sumarnámskeið Nordspråk. Það var haldið í heimavistaraskóla í bænum Hemsö á Gotlandi og Svíar í gestgjafahlutverki. Fjölmargir norrænir fyrirlesarar fræddu okkur um munnlega geymd og frásagnarlist. Þeir voru bæði fræðandi og skemmtilegir en ég verð að viðurkenna að efnið er ekki alveg jafn eftirminnlegt og samverustundir með íslenskum og norrænum kollegum. Veðrið lék við okkur þessa yndislegu ágústdaga og nokkrir þátttakendur tóku meira að segja sundsprett í hlýjum sjónum.

Ferðalagið frá Svíþjóð til Danmerkur, þaðan sem við flugum heim, var ævintýri líkast. Við fórum með rútu sem minnti helst á hippatímabilið og fullkomnaði útlit og látbragð bílstjórans þá mynd. Samkennarar mínir í VMA höfðu áður farið með umræddum bílstjóra til Svíþjóðar og höfðu sagt mér ótal sögur um þá ferð. Sögurnar voru með þvílíkum ólíkindablæ að ég trúði þeim rétt mátulega en komst að því að þeir höfðu lítið fært í stílinn.

Ég hef sótt fjölmörg námskeið á vegum Nordspråk, bæði sem almennur þátttakandi og skipuleggjandi. Ég hef verið í Kaupmannahöfn á kvikmynda-námskeiði, á námskeiði um norræna málssögu, í Noregi á málfræðinámskeiði, á ritunarnámskeiði á Flúðum og sumarnámskeiði á Grænlandi svo einhver séu nefnd. Öll hafa þau verið frábærlega skipulögð og vel til þeirra vandað í alla staði. Dagskráin hefur verið metnaðarfull og fyrirlesarar fyrsta flokks. Mikilvægasta markmið Nordspråk er að efla kynni milli kennara á Norðurlöndunum. Oftast tekst svo vel til að í lokavöldverði ávarpa menn gjarnan hver annan með þeim fleygu orðum: Kära nordiska vänner!



Edda Pétursdóttir
eddap@melaskoli.is

Nordspråk námskeið er upplifun

Nordspråk námskeið er upplifun. Nærandi upplifun. Prennt kemur strax upp í hugann: Hugmyndabankinn stækkar. Venjulega kem ég heim með fulla skjóðu af hugmyndum sem hægt er að nýta í kennslu. Sumar strax en aðrar seinna.

Viðbót við þekkingu. Góðir fyrirlesarar bæta við fróðleikssafnið og ýmislegt rifjast upp. Þetta er góð leið til að fylgjast með því sem er að gerast í fræðunum.

Viðkynning og ný tengsl. Bæði við íslenska móðurmálskennara sem ferðast saman og þátttakendur frá hinum Norðurlöndunum. Alltaf er um að ræða skemmtilega viðkynningu við áhugavert fólk. Stundum myndast tengsl til lengri tíma og hópar hittast áfram.

Ég er grunnskólakennari og hef aðallega kennt á miðstigi. Námskeiðin eru stundum eyrnamerkt ákveðnu skólastigi en ég hef aldrei látið það aftra mér að sækja námskeið. Það sem ég sækist eftir er að bæta við þekkingu mína sem fagmaður og þegar heim er komið að laga ég kennsluhugmyndir að nemendum mínum og því námsefni sem ég kenni í það skiptið.

Með þátttöku á Nordspråk-námskeiði öðlast maður oft en ekki nýja sýn á viðfangsefni og umhverfið í kringum sig. Ég tel það eftirsóknarvert og þess vegna hef ég verið dugleg að sækja Nordspråk-námskeið og hvet móðurmálskennara til að gera slíkt hið sama.



Hvers virði er Nordspråk-samstarfið fyrir okkur?

Móðurmálskennarar á Norðurlöndunum eiga þess kost að sækja fjölbreytt námskeið sem eru skipulögð af Nordspråk og rausnarlega niðurgreidd af Norrænu ráðherranefndinni. Markmið þeirra er að efla menningartengsl og stuðla að auknum málskilningi meðal þjóðanna í norðri. Samskiptamálin eru danska, norska eða sænska. Námskeiðin gefa kennurum kost á að ferðast, brjóta upp hversdaginn og tengjast starfssystkinum á Norðurlöndunum.

Nordpråk er samstarfsvettvangur þeirra sem kenna norrænu málin sem móðurmál eða annað mál. Allar norrænu þjóðirnar eru virkar í samstarfinu, sem einkum felst í námskeiðahaldi og útgáfu efnis til kennslu. Íslendingar hafa átt öflugan fulltrúa í Nordspråk í marga áratugi og verið sérlega duglegir að sækja námskeiðin. Rétt er að minna á greinar sem birst hafa í Skímu gegnum árin og fjalla um þessi áhugaverðu námskeið.

Námskeiðin eru ýmist haldin á kennslutíma eða í sumarleyfinu. Vetrarnámskeiðin standa gjarnan yfir helgi, fjalla um eitt markvisst þema, t.d. læsi, kvikmyndagerð eða barnabækur en sumar námskeiðin eru lengri og fjölbreyttari. Sumarnámskeið Nordspråk hafa verið

haldin á fallegum stöðum víðs vegar um Norðurlönd. Þau standa í fimm daga og þar er blandað saman fyrirlestur og vettvangsferðum. Þátttakendur á sumarnámskeiðum kynnst landi og þjóð, menningu, einkum bókmenntum og kennslufræði. Undanfarin ár hefur verið lögð rík áhersla á að kynna nýjar bókmenntir og höfunda sem vakið hafa athygli. Þátttakendur geta sótt um góða styrki til að sækja Nordspråk-námskeið í endurmenntunarsjóði Kennarasambands Íslands en allar upplýsingar um þá er að finna á heimasíðu KÍ.

Undanfarin ár hafa verið gerðar skipulagsbreytingar á starfi Nordspråk.

Það hefur haft ýmsar breytingar á starfinu og umgjörð þess í för með sér.

Til hagræðingar hefur t.d. verið ákveðið að námskeiðin skuli að jafnaði haldin á ákveðnum stöðum sem allir eru í eigu norrænu félaganna.

Þetta eru svokallaðar

Perlur (Perlene); Scheffergården í Kaupmannahöfn, Lysebu og Vuxenholmen í Ósló og Hanaholmen í Helskinki. Einnig er nú orðið óvissa um

framtíð sumarnámskeiðanna og hugsanlega verður námskeiðið sem halda á í Borgfirði í ágúst nk. *Frá Snorra til uppistands* síðasta sumarnámskeið Nordspråk. Margir fulltrúanna eru þeirra skoðunar að stuttu námskeiðin sem haldin eru á starfstíma skóla nýti fjármagnið betur og hafi meira faglegt gildi en sumarnámskeiðin sem eru óneitanlega mjög fjárfrek.

Menntamálaráðuneytið og Kennarasamband Íslands styrkja þátttöku Samtaka móðurmálskennara og Félags dönskukennara með fjárstyrkjum til að senda fulltrúa félaganna og ritstjóra Skímu á skipulagsfundina sem haldnir eru á hverju hausti. Þar er safnað saman hugmyndum að námskeiðum og ákveðið hvaða áherslur skuli lagðar á komandi misserum. Fulltrúar Íslands í Nordspråk um þessar mundir eru Guðlaug Guðmundsdóttir og Sæmundur Helgason frá SM og Erna Jessen og Ingibjörg S. Helgadóttir frá FD.

Nordspråk-samstarfið býður okkur Íslendingum upp á ómetanlegan vettvang samstarfs og skoðanasamskipta við þá sem standa okkur næst í menntamállum, þ.e. þjóðirnar á Norðurlöndunum.

Allar upplýsingar um Nordspråk má finna á heimsíðunni nordsprak.dk

*Höfundur er íslenskukennari
í MH.*

guðlaugg@mh.is



NORRÆN TÍMARIT fyrir móðurmálskennara

Samtök móðurmálskennara á öllum Norðurlöndunum gefa út fagtímarit sem eru samþærileg við Skímu. Danir og Finnar gefa út tvö mismunandi blöð. Margt í þessum blöðum á fullt erindi við íslenska móðurmálskennara. Til að nálgast þau er hægt að gerast áskrifandi, kaupa stök eintök eða jafnvel hlaða niður greinum af netinu. Nánari upplýsingar um tímaritin má nálgast á heimasíðu Nordspråk, sem er samstarfsvettvangur norrænna móðurmálskennara, eða á heimasíðum tímaritanna. Einnig er hægt að senda ritstjórunum bréf í tölvupósti. Ritstjórar norrænu tímaritanna funda í september á hverju ári, á sama tíma og haldinn er árlegur vinnu- og skipulagsfundur Nordspråk. Þá bera þeir saman bækur sínar og velta fyrir sér útgáfumálum. Slík samvinna hefur mikið gildi fyrir útgáfumálin. Hér á eftir eru birtar nokkrar þýddar greinar úr þessum tímaritum.



1. Danmörk

DANSK er gefið út af samtökum móðurmálskennara í Danmörku og er ætlað dönskukennurum í grunnskólanum. Í blaðinu er fjallað um það sem efst er á baugi í fræðunum og á vettvangi, birtar eru greinar, umræður, fréttir af starfsemi félagsins, faglegar reynslusögur og fleira sem nýtist grunnskólakennurum í starfi. Blaðið er gefið út fjórum sinnum á ári í um 8.000 eintökum. Hvert blað er 40–50 síður. Ritstjóri er Ann-Kathrin Aulkær Andersen. Með henni í ritstjórn eru þrír starfandi kennarar. Hægt er að nálgast blaðið á heimasíðu samtakanna.

Slóðin: www.dansklf.dk/dansk

Netfang ritstjóra: AKA@dansklf.dk



2. Danmörk

Dansk noter er tímarit danskra móðurmálskennara á framhaldsskólastigi. Blaðið er með menningarlegu ívafi. Það inniheldur tilkynningar til félaga auk faglegra og vísindalegra greina og reynslusagna sem kennarar jafnt sem vísindamenn hafa skrifað. Tímaritið er ávallt myndskreytt af þekktum listamönnum og frá og með næsta tímariti verða einnig sýnishorn úr nýútgefnum bókum. **Dansk noter** er gefið út fjórum sinnum á ári í 3.000 eintökum. Hvert blað er um 70 síður. Blaðið er aðgengilegt á heimasíðu samtaka dönskukennara. Ritstjóri er Niels Kristian Nygaard Holm og í ritnefnd eru sex starfandi dönskukennarar af framhaldsskólastigi.

Slóðin: www.dansklf.dk/dansknoter

Netfang ritstjóra: nk@eg-gym.dk



3. Svíþjóð

Svenskläreren er tímarit ætlað sænskukennurum á öllum skólastigum. Auk þess er blaðinu dreift til bókasafna og háskóla. Blaðið kemur út fjórum sinnum á ári í u.þ.b. 2.500 eintökum, yfirleitt er hvert blað 48 síður. Ritstjóri er Maria Löfstedt og með henni í ritnefnd eru fimm starfandi kennarar. Hægt er að nálgast hluta af efninu á heimasíðu samtakanna. Meðal efnis er áhugaverð og mikilvæg umfjöllun um tungumál og bókmenntir. Hvert hefti hefur ákveðið þema og umfjöllun um bækur. *Rithöfundur um rithöfund* er dalkur sem alltaf er í lok hvers blaðs. Þema þessa árs er sýn á þekkingarfræði, einstaklingshyggja, nýtt fólk í faginu og samfélagsmiðlar.



Slóðin: <http://www.svensklaraforeningen.se/>

Netfang ritstjóra: marialofstedt@gmail.com

4. Finnland

Poppis er tímarit sænskra móðurmálskennara í Finnlandi. Það er gefið út í 2.200 eintökum og er prentað í lit. Hvert blað er um 20 síður. **Poppis** hefur komið út í 17 ár, lengst af kom það út tvisvar á ári. Síðastliðin tvö ár hefur blaðið komið út fjórum sinnum á ári en vegna niðursveiflu í efnahagsmálum verður því breytt aftur og blaðið gefið út tvisvar á ári. Ritstjóri er Ari Korpela. Hægt er að nálgast úrval greina úr blaðinu á heimasíðu samtakanna. Efnið er mest allt á sænsku en nokkrar greinar á finnsku.



Slóðin: <http://www.suomenruotsinopettajat.fi>

Netfang ritstjóra: aki.korpela@iki.fi

5. Finnland

Arena er tímarit sænskra móðurmálskennara í Finnlandi. Blaðið kemur út þrisvar á ári. Það er prentað í lit í um 500 eintökum og er hvert blað yfirleitt 20 síður. Ritstjóri er Katarina von Numers-Ekman. Ekki er hægt að nálgast einstaka greinar úr **Arena** á netinu en hins vegar má sjá forsiðu




blaðsins og efnisyfirlit auk ýmissa upplýsingar um það á heimasíðu sænskra móðurmálskennara.

Slóðin: www.smlf.fi

Netfang ritstjóra: katarina.von.numers@mattliden.fi

6. Noregur

Norsklæreren er fagtímarit norskra móðurmálskennara. Blaðið kemur út fjórum sinnum á ári í 2.400 eintökum. Hvert blað hefur ákveðið þema. Blaðið er yfirleitt 68 síður og er prentað í lit. Ritstjóri er Astrid Elisabeth Kleiveland. Astrid er í barn-eignarleyfi og leysir Berit Oksfjellelv hana af fram í ágúst 2010. Hægt er að nálgast úrval greina úr hverju tímariti á heimasíðu samtaka norskra móðurmálskennara.



Slóðin: <http://www.norskundervisning.no/>

Netfang ritstjóra: astridkleiveland@gmail.com

7. Ísland

Skíma er fagtímarit íslenskra móðurmálskennara. Það er ætlað kennurum á öllum skólastigum. **Skíma** hefur komið út frá árinu 1978. Hún er prentuð í lit í um 700 eintökum og send félagsmönnum sem eru grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólakennarar. Einnig eru eintök send til fjölmíðla, almenningsbókasafna, skólabókasafna, ýmissa stofnana og áhugamanna um móðurmálskennslu. Ritstjóri er Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og í ritnefnd með henni eru þrjár starfandi kennarar af grunnskólastigi, framhaldsskólastigi og háskólastigi. **Skíma** er ekki vistuð á heimasíðu SM enn sem komið er. Það mun þó væntanlega breytast innan skamms og verður hægt að nálgast eldri árganga á tölvutæku forni þegar fram líða stundir.



Slóðin: www.ki.is/sm

Netfang ritstjóra: svansver@hi.is

Charlotte Rytter

Notkun fréttatexta í kennslu



Charlotte Rytter er blaðakona og kennari við Tre Falke Skolen í Frederiksberg í Danmörku. Greinin heitir á frummáli „Nyhedsartiklens analyse-potentialer“. Hún birtist í tímaritinu DANSK 1 2009. Edda Hrund Svanhildardóttir íslenskaði.

Það eru fjölmargir og augljósir kostir við að greina fréttatexta og nota í skólastarfi. Hér eru dregnar fram nokkrar hugmyndir sem kennarar geta nýtt sér þegar þeir velja fréttir til að nota í kennslu eða við samningu prófa.

Þær eru út um allt, fréttirnar. Á netinu, á lestarstöðvum, í strætó. Síðustu ár höfum við notið þess að fá sífellt fleiri ókeypis fréttablöð, fleiri fréttasiður á netinu og meira að segja sérstaka fréttastöð í sjónvarpi sem flytur eingöngu fréttir allan sólarhringinn. Próun sem þessi gerir kröfur til fólks, okkar sjálfra og nemenda okkar. Það er ekki nóg að geta gert útdrátt úr fréttum, kannast við myndir úr fréttum o.s.frv. Samhliða því að straumur fréttar eykst verðum við sem lesendur og notendur ýmissa miðla að lesa allar þessar fréttir á gagnrýnn hátt. Þannig áttum við okkur á því hvað er að gerast og höldum sjálfstæði okkar. Auk þess gerir gagnrýnin hugsun okkur hæfari til að taka ákvarðanir um lýðræðisleg málefni og áskoranir.

Tvö grundvallarhugtök – huglæg og hlutlæg

Markmið sérhvers blaðamanns með sjálfsvirðingu er að skrifa hlutlægar fréttagreinar en eins og sýnt er fram á í þessari grein eru alltaf einhverjir þættir sem að miklu eða litlu leyti lítast annaðhvort af hlutlægum eða huglægum sjónarmiðum. Auk þess eru sumir fjölmiðlar hlutlægar en aðrir. Þar sem við sem lesendur látum huglægar athugasemdir oft afvegaleiða okkur

er afar mikilvægt að nemendur þekki muninn á þessum grundvallarhugtökum. Sérstaklega þar sem fréttalestur snýst um gagnsæi; hvað raunverulega er sagt og hver segir það.

Heimildir

Fólk sem tjáir sig við fjölmiðla er kallað heimildarmenn. Heimildum má skipta í þrjár gerðir; reynsluheimild (d. *erfaringskilden*), hlutaðeigandiheimild (d. *partskilden*), og sérfræðiheimild (d. *ekspertkilden*). Stórir fjölmiðlar á borð við *Jótlandspóstinn* fylgja þeirri grundvallarreglu að til þess að hægt sé að telja grein trúverðuga verði hún að byggja á a.m.k. tveimur sjálfstæðum heimildum sem helst þurfa að vera af mismunandi gerðum.

- **Reynsluheimild** er einhver sem tengist fréttinni eða kemst sem næst því að hafa upplifað það sem fjallað er um. Notkun slíkra heimildarmanna gefur fréttinni kjöt á beinin þar sem ákveðin tilfinningaleg nálægð skapast. Auk þess eiga lesendur auðveldara með að finna til samkenndar. Álit reynsluheimildar er alltaf huglægt og litað af viðkomandi. Einhver annar hefði getað upplifað sama atburð á annan hátt. Þar af leiðandi ætti aldrei notast eingöngu við vitnisburð reynsluheimildarmanns.
- **Hlutaðeigandiheimild** er flóknari. Þá er um að ræða fólk sem hefur *áhuga* á sögunni á bak við fréttina, t.d. stjórnálamenn eða



samtök. Það fólk er aldrei hlutlaust heldur túlkar það söguna eða atburðinn. Því getur verið gott að hlusta einnig á mótaðilann til að fá sem hlutlausasta mynd. Stundum skýlir hlutaðeigandiheimild sér á bak við það að vera „sérfræðingur“ og hafa ber í huga að í sumum tilfellum nýtir fólk sér stöðu sína sem hlutaðeigandi heimildarmaður til að koma sjálfu sér eða skoðunum sínum á framfæri. Það á einnig við um margar stofnanir og fyrirtæki sem oft nýta slík tækifæri sér til framdráttar.

- **Sérfræðiheimild** er einstaklingur með ákveðna staðreyndavitneskju um efni fréttarinnar, t.d. læknir, sálfræðingur eða hagfræðingur. Slíkir heimildarmenn hafa mikinn trúverðugleika og geta aðstoðað með því að veita skilning og yfirsýn. Sérfræðiheimildir birtast sem hlutlausar heimildir og leggja fram staðreyndir út frá hlutlægum forsendum.

Með því að skilgreina þessar þrjár tegundir heimilda fá nemendur faglegar forsendur til að meta hvort notaðar hafi verið annars konar heimildir við vinnslu fréttarinnar.

Textategundir

Við val á fréttagreinum til notkunar í kennslu og prófum þarf að gæta þess að þær innihaldi bæði staðreyndaupplýsingar og tilvitnanir frá einni eða fleiri heimildum ásamt fréttaskýringakafli. Greining á staðreyndaupplýsingum hefur að sjálfsgöðu þann megin-tilgang að draga fram helstu staðreyndir sögunnar en einnig að láta nemendur meta trúverðugleika fréttarinnar með því að skoða hvers konar heimildir fréttamaðurinn notar. Ef staðreyndaupplýsingarnar eru fyrst og fremst fengnar frá reynsluheimild ættu viðvörunarbjöllur að hringja. Er hægt að treysta þeim? Hér ætti að skoða vel muninn á hlutlægni og huglægni.

Fréttaskýringar eru sá hluti fréttarinnar sem gefur lesendum tilfinningu fyrir stemmningunni – næstum líkt og þeir hafi sjálfir verið viðstaddir. Fréttaskýringar eru mjög misjafnar milli fréttu. Á sama hátt og reynsluheimildir gefa fréttaskýringar fréttinni kjöt á beinin. Fréttaskýring er huglæg lýsing af atburðinum og hér ættu nemendur að vera vel á verði. Að hve miklu leyti er fréttaskýringin hlutlæg lýsing og hversu mikil áhrif hefur huglæg reynsla blaðamannsins sjálfs á textann? Með hverjum höfum við samúð og með hverjum ekki? Eru litrík lýsingarorð notuð til að móta skoðanir eða viðhorf okkar? Hér koma umræður um siðfræði og siðferði

í fjölmörgum til sögunnar og spurningar eins og hvort lesendur hafi tilhneigingu til að dæma fólk fyrirfram í umdeildum málum skjóta upp kollinum.

Sjónarhorn

Sjónarhorn fréttar er í grófum dráttum sá útgangspunktur sem leitað er staðfestingar á í textanum. Blaða- og fréttagreinar eru ekki birtingarmynd hins heilaga sannleika eða raunveruleika. Greinin fjallar um eitt sjónarhorn, eitt þversnið af því hvernig raunveruleikinn gæti litið út. En hinn raunverulegi sannleikur býr í augum þess sem á horfir. Til að kenna nemendum að greina mismunandi sjónarhorn getur verið gott að sýna sömu frétt í mismunandi útgáfum tveggja eða fleiri dagblaða.



Mynd: flickr.com.

Þegar Ungdómshúsið á Norðurbrú var rýmt 1. mars 2007 var áhugavert og jafnframt mikilvægt að sjá muninn á því hvernig *Jótlanspósturinn* og *Politiken* kynntu fréttina á forsíðum sínum, bæði í vali á staðsetningu og fréttaskýringamynd. Aðferð sem þessi getur hjálpað til við að skýra hugtakið um mismunandi sjónarhorn fyrir nemendum og hana má gjarnan nota í öðru samhengi einnig, t.d. munnlegu prófi.

Viðmið við val á greinum til prófs

Þau atriði við greiningu á fréttum sem hér hefur verið fjallað um getur verið gott að nota sem gátlista við val á hentugum greinum, fyrst og fremst til kennslu en einnig til að nota við prófagerð. Kennarar vilja gjarnan gefa nemendum sínum möguleika á að sýna það sem þeir hafa lært. Því fleiri tækifæri sem nemendur fá til að greina heimildarmenn og mismunandi tegundir fréttu og tengja við hugtök eins og hlutlægni og huglægni, þeim mun meiri líkur eru á að fagleg umræða skapist í kennslustofunni.

Hallvård Kjelen

Fantasíu frásagnir í bókmenntakennslu á unglíngastigi



Greinarhöfundurinn **Hallvård Kjelen** kennir kennslufræði í norsku við Háskólann í Nesna. Hann var áður kennari bæði á unglíngastigi grunnskóla og í framhaldsskóla. Hann hefur haldið sumarnámskeið á vegum Nordsprák fyrir norræna móðurmálskennara. Námskeiðið fjallaði um hið ævintýralega í norrænum frásögnum. Greinin heitir á frummáli „Den fantastiske fortellingen i klasserommet – med særlig vekt på ungdomstrinnet“. Hún birtist í tímaritinu *Norsklæraren* 2010. **Kristín Björk Gunnarsdóttir** íslenskaði.

Kennarar kunna vel að meta þegar inn á borð þeirra berast fantasíu frásagnir þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín. Innan unglíngamenningarinnar er algengt að rekast á þætti sem byggja á frjóu ímyndunarafli. Má þar nefna ýmislegt er tengist hræðslu, ótta, göldrum, drekum, varúlfum, vampýrum, sverðum, hringjum og galdrastöfum. Þetta kemur fyrir í kvikmyndum, bókum, tölvuleikjum, hlutverkaleikjum og sjónvarpsþáttum. **Ævintýralegar frásagnir af ýmsu tagi virðast mjög þekktar í unglíngamenningunni. Innan kennslufræðanna er einmitt bent á að farsælt sé að ganga frá hinu þekktu til hins óþekktu þegar farið er inn á ný svið í kennslunni. Hér á eftir verður tekið mið af námskrá norska grunnskólans og rætt um aðferðir við að nýta ævintýralegan bókmenntatexta við kennslu unglínga.**

Námskráin

Gagnstætt eldri norskum námskrám gefur námskráin (*Kunnskapsløftet*) frá árinu 2006 móðurmálskennurum ákveðið frelsi við val á textum. Mörgum kennurum finnst þetta spor í rétta átt því þeir geta nú valið úr fleiri textum en áður, ekki síst norrænum fornaldarsögum. Í stað lista með nöfnum rithöfunda setur námskráin fram grein-

ingartæki fyrir kennara. Með öðrum orðum, námskráin tilgreinir *hvernig* eigi að lesa fremur en *hvað* eigi að lesa.

Markmiðin í efri bekkjum grunnskólans hvað móðurmál og menningu varðar snúast um að kynna mikilvæg þemu og frásagnarhætti í samtímasögnum og bera saman við framsetningu í klassískum verkum úr þjóðarhefðinni. Má þar nefna atriði eins og kærleika og kynjahlutverk, hetjur og persónur sem eru gjörsneiddar öllum hetjueiginleikum, raunveruleika og ímyndunarafl, völd og valdaleysi, lygi og sannleika og loks ábyrgð og ábyrgðarleysi. Þessi markmiðasetning virðist gefa svigrúm fyrir ævintýralega texta, ekki einungis umfjöllun um ímyndun og raunveruleika heldur einnig ýmis önnur þemu, s.s. hetjudáð, völd, ábyrgð og kærleika eins og þau birtast í slíkum textum. Hugtakið (formuleringin) „norskur bókmenntaarfur“ er óheppilegt og of takmarkandi í alla staði. Margar gamlar ævintýralegar frásagnir flokkast ekki undir norskan bókmenntaarf heldur byggja fremur á sameiginlegum hefðum, norrænum og evrópskum.

Úrval af textum sem teknir hafa verið saman fyrir unglíngastigið sýnir að bókmarforlög hafa tekið vel við sér og mikið af ævintýralegum frásögnum er hægt að fá hjá þeim. Flestir þessara texta kynna ýmislegt nýtt er varðar textaúrval fyrir norska skólann og námskráin vísar leiðina í umfjöllun sinni um áherslur í bókmenntum.

Minni í bókmenntum

Umfjöllun um minni (*motiver*) í bókmenntum getur verið leið til að draga ævintýralegar frásagnir inn í bókmenntakennsluna. Slík umfjöllun



getur bætt miklu við kennslu bókmenntalegra þema sem komið er inn á í námskránni. Því ekki að byrja með því að varpa fram spurningu til nemenda? Hvaðan koma vampírurnar, drekarnir og galdrasverðin sem nútímalegir rithöfundar ævintýranna segja frá? Þeir fá nefnilega margt að láni frá eldri bókmenntum. Með því að fylgja slíkum minnum eftir er hægt að fá góða innsýn inn í heimsbókmenntirnar. Hér verða gefin fáein dæmi um aðferðir við að skoða minni í bókmenntum. Hægt er að láta nemendur skoða hvernig ævintýraminnin birtast annars vegar í dægurmenningunni og hins vegar í eldri bókmenntatextum og hvað er líkt eða ólíkt. Hægt væri að ræða um undirliggjandi merkingu og hvað einkennir varúlfinn, drekann, sverðið, hringinn o.s.frv. í hinum ólíku textum. Einnig væri hægt að skoða hvernig nútímalegir rithöfundar fá að láni eldgömul minni.



Kveld-Úlfur“ (1. kafli). Hugmyndina um berserki, menn sem fá styrk og grimmd bjarnarins, má víða finna, t.d. í *Völsunga sögu*. Varúlfshugmyndin er gömul og útbreidd og finnst í mörgum myndum. Í ævintýrum eru þekkt minni um fólk í dýrsham s.s. í (norska) ævintýrinu „Hvítábjörninn Valemon“. Nú á tímum er sennilega tróllið Remus Lupus í *Harry Potter*-bókunum best þekkt.

Drekar og ormar

Í bókmenntum er bardagi dreka oft notaður sem inngangur að baráttu gegn grimmdinni. Aðeins þeir hraustu og hugrökkustu geta sigrað drekann en baráttan við hann er oft síðasta þrautin. Baráttan við drekann er ótrúlega útbreidd í bókmenntaheiminum, alveg frá kristnum helgisögum til drekans Smeygins í *Hobbitanum*, *Kötlu í Bróðir minn Ljónshjarta* og ungversku gaddhalanna í *Harry Potter*. Í norrænu kvæðunum kemur fram ættingi drekans sem er ormurinn. Miðgarðsormurinn er sjálfsagt best þekktur þeirra og flestir vita hvað gerðist þegar Þór fór í veiðiferð með Hými. Einnig koma svokallaðir lyngormar fyrir í *Ragnars sögu loðbrókar* þegar Ragnar berst við lyngorm til þess að vinna Þóru borgarhjört. Möguleikarnir til samanburðar eru margir og eftirtektarvert er hversu stöðugt dreka- og ormaminnið er í evrópskri menningu.

Sverð

Drengir laðast gjarnan að vopnum og sverðum. Sverðið er einnig merki fyrir karlmennsku og hvers maðurinn er megnugur. Í ævintýrum og fornsögum er að finna mikið efni þessu tengt. Oft er það svo að þessir hlutir skipta miklu máli fyrir söguþráðinn. Sverðið Grásíða í *Gísla sögu Súrssonar* kemur fram fremur snemma í sögunni og við það tengjast tófrar „... því að það fylgir því sverði að sá skal sigur hafa er það hefur til orustu“ (1. kafli). Sverðið skipar stórt hlutverk í sögunni; því er breytt í spjót með meiri töfrakrafti og notað í drápunum á Þórgrími og Vésteini. Sverð sem brotnar og er smíðað aftur úr brotnunum er einnig þekkt minni í *Völsunga sögu* (Gramur, sverð Sigurðar Fáfnisbana). Önnur sverð úr bókmenntasögunni eru Excalibur (Arthúrs sagnir), sverðið Hrunting (Bjólfskviða) og stafur Bilbós (Hobbitinn) sem lýsir bláleitu ljósi ef það kemur nálægt orku. Í sögum Tolkiens eru margar nafngiftir á vopnum, sérstaklega sverðum.



Tré

Margir unglingar undrast að fantasíuhöfundurinn Tolkien taki að láni hobbitann frá Ludvig Holberg án þess að blikna. Nú er erfitt að segja til um hvort Tolkien hafi lesið Holberg en trén í *Nazar* og hobbitarnir í *Fangornskógi* eru sláandi lík. Þetta minni (talandi tré) er að finna víða í bókmenntum frá fyrri tímum. Í þrettánda söngnum í Helvíti Dantes í *Guðdómlega gleðileiknum* koma Virgill og Dante inn í talandi skóg þar sem trén bera grásvört blöð, eru án ávaxta en hafa þess í stað eittraða þyrna. Skógurinn er í raun fólk sem hefur tekið eigið líf. Fólk sem breytist í tré er einnig hægt að sjá í *Metamorfoser* (Ummyndanir) eftir Publius Ovidius Naso þar sem Apollon breytir Kyprisossi í sýprustré.

Varúlfar og annað fólk í dýraham

Skilin milli náttúrunnar og fólksins eru ekki alltaf skörp í heimi bókmenntanna. Það sama á við um dýr og fólk. Hamskipti eru mjög algeng í mörgum frásögnum og goðsögnum, næstum því hversdagslegt fyrirbæri. Fornsgurnar bera af er varðar ævintýralegan blæ en að auki bera margar raunsæissögur merki um hið sama, t.d. með göldrum og álögum. Einstaka sögupersónur skipta um ham eins og gerist hjá þeim Kveld-Úlfi og Skalla-Grími, afa og föður Egils hins ólma víkings: „En dag hvern, er að kveldi leið, þá gerðist hann stýggur, svo að fáir menn máttu orðum við hann koma; var hann kveldsvæfur. Það var mál manna, að hann væri mjög hamrammur; hann var kallaður

Byggt á hefðum (staðbundnar hefðir)

Af framangreindu má ráða að frásagnarhefð, minni og þemu í frásögnum og ævintýrum fara þvert á stað og tíma og birtast á ólíkan hátt á mismunandi stöðum og tímum. Ein leið til þess að vinna með ævintýralegar frásagnir er að nálgast staðbundnar sögur og ævintýri sem sögð eru mann af manni. Stundum breytast sögurnar í meðföllum manna og við þær bætist. Draugasögur eru ennþá til í munnmælum fólks þótt þær hafi tekið á sig aðra mynd. Vinsælir sjónvarpsþættir taka fyrir hvernig eigi að reka út illa anda og því um líkt. Sjálfsagt eru draugar ennþá á sveimi, galdranornir láta fyrirberast í yfirgefnum húsum og auðnin getur sett ímyndunarafl unglinga

af stað í útilegu. Enn þann dag í dag sjást skrímsli í vötnum í Noregi. Skrímsli er ekki bara að finna í norrænum hetjusögum heldur gefa tilefni til sögusagna nú á tímum.

Það væri metnaðarfullt skólaverkefni að safna staðbundnum frásögnum, einkum þeim sem eru langlífar í munnlegri geymd og rannsaka hvort minni, mynstur og þemu þessara frásagna líkjast þeim sem finnast í „stóru bókmenntunum“. Með þessu móti er hægt að draga athygli að því bókmenntalega í frásögnunum, þær séu ekki endilega sannar en noti aldagamlar og þekktar frásagnaraðferðir sem endurtaki sig. Slík innsýn er góð til þess að geta betur fengist við og skilið þær ævintýralegu frásagnir sem nú eru svo algengar.

Heimildir:

- Asdal, Fred Arthur og Hilde Justdal. 2006. *NB! 8*. Oslo: Damm.
- Asdal, Fred Arthur og Hilde Justdal. 2006. *NB! 9*. Oslo: Damm.
- Aske, Jorunn et al. 2007. *Neon 9. Norsk for ungdomstrinnet. Tekstsamling*. Oslo: Det Norske Samlaget.
- Dante. 2000. *Den guddommelege komedie*. Oslo: Gyldendal.
- Johansen, Arne B. 2009. Det er sjoom i Røssvatnet! *Spor 1/2009*. Trondheim: Seksjon for arkeologi og kulturhistorie, Vitenskapsmuseet, NTNU.
- Saga om Gisle Sursson*. 1990. Oslo: LNU/Det Norske Samlaget.
- Egils saga*. 1994. Oslo: Det Norske Samlaget.
- Tolkien, J.R.R. 1995. *The Lord of the Rings*. London: HarperCollinsPublishers.

Vefsíður

- Egils saga. 1997. <http://www.snerpa.is/net/isl/egils.htm> (Sótt 13.04.2010)
- Gísla saga Súrssonar. 1997. <http://www.snerpa.is/net/isl/gisla.htm> (Sótt 13.04.2010)
- Námskrár: www.udir.no/grep.

Lifandi ljóð!

Lög Tómasar R. Einarssonar við ljóð íslenskra skálda

Landsýn

Halldór Laxness, Ingibjörg Haraldsdóttir, Linda Vilhjálmisdóttir, Stefán Hörður Grímsson, Steinn Steinarr, Sigurður Guðmundsson, Pétur Gunnarsson, Gyrðir Elíasson, Snorri Hjartarson..

Söngur: *Ragnbildur Gísladóttir, KK, Guðmundur Andri Þorsson, Bergþór Pálsson, Sif Ragnbildardóttir, Pálmi Gunnarsson, Einar Örn Benediktsson, Björvin Halldórsson.*

Trúnó

Ingibjörg Haraldsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Halldór Laxness, Sveinbjörn I. Baldvinsson, Steinn Steinarr, Vilborg Dagbjartsdóttir..

Söngur: *Ragnbeiddur Gröndal og Mugison*


Í draumum var þetta helst

Einar Már Guðmundsson les ljóð sín við undirleik hljómsveitar Tómasar R.

Landsýn: 2.500 kr. / Trúnó: 2.200 kr. / Í draumum var þetta helst: 1.800 kr.

Allir diskarnir: 6.000 kr. Sendingarkostnaður innifalinn.

Skrifið: tomas.r@simnet.is eða hringið: 898 1183



Annika Hellmann

Nám í gegnum stuttmyndagerð

– listgreinar vísa veginn í samþættu námi í framhaldsskóla

Hvað hefur kennslufræði listgreina fram að færa? Annika Hellman lýsir samþættingu námsgreina út frá sjónarhorni sínu sem myndmentakennari.

Um þessar mundir er unnið að lýðræðisverkefni í fyrsta bekk KF framhaldsskólans þar sem ég starfa innan kennarateymis. Verkefnið byggir á Ungmennáþinginu, lýðræðisátaki sem yfirvöld menntamála í Stokkhólmi standa fyrir og gefst framhaldsskólum kostur á þátttöku í því átaki. Markmið verkefnisins er meðal annars að auka áhuga og skilning á lýðræði og samfélags- umræðu. Nánari upplýsingar um Ungmennáþingið má finna á www.stockholm.se/ungdomsparlamentet. Verkefni sem falla undir Ungmennáþingið snúast fyrst og fremst um þau samfélagsmál sem snerta ungt fólk og eru áberandi í umræðunni í dag. Dæmi um slík mál eru atvinnuleysi, afbrot ungmenna, kynþáttafordómar og lítil blöndun ungs fólks af ólíkum uppruna. Samfélagsfræði og sænska voru hluti af verkefni KF framhaldsskólans frá fyrri tíð en þetta árið stakk ég upp á að flétta myndmennt inn í verkefnið með því að gefa nemendum tækifæri til þess að tjá sig í gegnum stuttmynd. Í kennarateyminu komumst

við að þeirri niðurstöðu að láta nemendur gera mynd sem hefði það að leiðarljósi að hreyfa við tilfinningum áhorfandans. Myndirnar verða hluti af rökræðum nemenda í ungmennáþingi skólans og þær á að nota ýmist til þess að varpa ljósi á samfélagsleg málefni eða sem rök fyrir mögulegum lausnum þeirra vandamála sem ungmennin fjalla um.

Hugmyndavinna


Vinnan við myndirnar byrjaði á því að nemendur vörpuðu fram hugmyndum um viðfangsefnið og urðu síðan að komast að samkomulagi um söguþráð. Hver vinnuhópur fékk eitt afmarkað viðfangsefni til umfjöllunar ásamt stuttri lýsingu og upplýsingum um hvar væri hægt að finna heimildir um efnið. Sumir hópar urðu strax mjög áhugasamir, sökkstu sér í verkið og ræddu af ákafa um viðfangsefnið. Aðrir hópar áttu í erfiðleikum í byrjun, fannst erfitt að ná utan um og afmarka viðfangsefnið og þurftu hjálp við að komast af stað. Þessi undirbúningstími fannst mér einkennast af samningum og málamiðlunum á milli áhugasviðs nemendanna og rammans sem viðfangsefnið setti, það er spurninga á borð við: Hvað á myndin að fjalla um, hvaða sjónarhorn vill hópurinn færa fram og hvaða hluti viðfangsefnisins höfðar mest til nemendanna? Það sem var dýrmætast í þessum hluta vinnunnar var einmitt það að nemendur fengu tækifæri til þess að ræða sína eigin reynslu og setja fram sínar skoðanir. Þeir höfðu möguleika á að setja sína eigin upplifun í samhengi við umheiminn.

Handrit og sögurammar

Pegar hér var komið sögu þurftu nemendur að setja saman handrit. Þeir unnu að því að koma hugmyndum sínum í handrit bæði með



Greinarhöfundurinn **Annika Hellmann** er myndlistarkennari í KF framhaldsskólanum í Svíþjóð og er eins og stendur í meistaranámi í kennslufræði myndlistar í Konstfack listaháskólanum. Greinin heitir á frummáli „Lärande genom filmarbete - estetiska lärprocesser i ett ämnesintegrerat projekt på gymnasiet“. Hún birtist í tímaritinu *Svenskläraren* 2010. **Margrét Vala** Gylfadóttir íslenskaði.



mér og sænskukennaranum. Ólíkir styrkleikar og áhugasvið okkar bættu hvort annað upp og nemendur fengu ábendingar frá ólíkum sjónarhornum. Því næst þurftu þeir að yfirfæra hið skrifaða handrit yfir í söguramma, það er myndir af einstökum atriðum. Nemendurnir höfðu áður fengið æfingu í að nota ólík sjónarhorn í vinnu með stafrænar myndir. Einn hópurinn sem fékkst við afbrot ungmenna rökræddi hvernig best væri að sviðsetja slagsmál. Þau fengu þá hugmynd að slá með kreftum hnefa í átt að myndavélinni þannig að áhorfendur upplifi hluttekningu líkt og að þeir hafi orðið fyrir högginu. Innan ramma þessa verkefnis þurftu nemendur að nýta sér þekkingu í ýmsum faggreinum til þess að geta sett saman stuttmynd. Fókusinn í vinnunni fór á milli samfélagsumræðu, leiklistar, rökræðna og myndmáls. Nemendur þurftu að velja söguvið fyrir myndina og setja fram boðskap sinn á eins áhrifaríkan hátt og hægt var til þess að öðlast samúð áhorfandans. Reynsla nemenda af myndum, miðlun og sjónvarpi hafði áhrif í þessari vinnu þar sem þeir notfærðu sér tækni sem þeir höfðu séð áður í bland við sínar eigin hugmyndir og lausnir.

Upptakan

Þegar sögurammarnir voru tilbúnir völdu nemendur heppilega tókustaði. Meðan á upptökum stóð þurftu þeir að ákveða og meta ýmsa þætti: Hvernig átti að taka atriðið upp, hvar átti myndavélin að standa og var hljóðið nægilega gott? Meðan á upptökum stóð rökræddu nemendur ákaft, þeir skoðuðu upptökurnar og tóku stundum sama atriðið upp mörgum sinnum. Í þessum hluta verkefnisins þurftu nemendur að koma þekkingu sinni til skila í gegnum nýjan miðil og gera þannig efnið að sínu eigin. Þeir völdu úr og sömdu sín á milli um hvað átti að sýna og hvernig það átti að vera.

Klipping

Síðasti hluti vinnunnar fólst í því að flytja upptökurnar yfir á tölvu. Við notfærðum okkur Windows Movie Maker sem er einfalt og aðgengilegt forrit til þess að klippa stuttmyndir, setja inn hljóð og texta. Nemendur byrjuðu á því að flokka efnið sitt og grófklippa. Í þessum hluta eins og þeim fyrri

fólst stór hluti vinnunnar í samvinnu og samræðu á milli nemenda um lengd og röð atriða, hljóðvinnslu og texta þannig að myndin yrði að einni heild með boðskap. Þessi vinna stendur enn, því ekki eru allir hópar búnir að klippa efnið sitt saman. Sá hluti sem er mest spennandi er enn eftir og það er að sjá myndirnar fullkláraðar.



Mynd: flickr.com.

Hugleiðingar

Í vinnunni sem hér er lýst að ofan fer fram nám á mörgum sviðum, bæði við það að skapa stuttmyndina og einnig að móta innihald hennar. Námið fer fram í gegnum vinnuna með stuttmyndina. Það ferli sem nemendurnir fóru í gegnum krafðist greiningar, ígrundunar og verkvits. Þannig fléttast fræði og praktik saman. Nemendahóparnir urðu að draga ályktanir út frá staðreyndum, færa þekkingu sína í nýjan búning og öðlast

þannig annan og dýpri skilning á viðfangsefninu. Vinnan einkenndist af virkri samvinnu nemenda, þeir hugleiddu, rökræddu og gerðu málamiðlanir um lausnir á öllum stigum verkefnisins. Þá lærðu þeir um uppbyggingu kvikmynda og eykur það möguleika þeirra til þess að meta fjölmiðlaefni á gagnrýnninn hátt.

Á þeim fimm árum sem ég hef kennt í KF framhaldsskólanum hef ég á hverju ári aukið þann fjölda stunda sem ég legg í samþættingu við aðrar námsgreinar. Mér finnst ég sjá aukna meðvitund meðal nemenda og aukinn vilja til að læra með þessu vinnulagi þar sem faggreinarnar mætast í því sem þær eiga sameiginlegt án þess að tapa þó í nokkru sérstöðu sinni og innihaldi.

Staðreyndir

Kooperetiva Förbundets Gymnasium, KF framhaldsskólinn, er lítill skóli með um það bil 230 nemendur, á Södermalm í Stokkhólmi. Í skólanum vinna kennarar í teymum eftir árgöngum og fylgja nemendum í þau þrjú ár sem þeir eru í skólanum. Skólinn var stofnaður árið 1994 og byggir á hugmyndum um samvinnunám, lýðræði, umburðarlyndi og samstarf. Nemendur vinna oft að samþættum verkefnum þar sem virkni þeirra er í fyrirrúmi.

Ritgerðir í ruslakörfunni

Ég skelli í mig síðasta sopanum af stöðnu kaffinu um leið og ég andvarpa og legg frá mér möppuna með textagreiningarverkefnum. Svo sópa ég saman yddspæninum úr rauða blýantinum sem ég hef yddað og notað til að merkja við villurnar. Annars nota ég rauðan blýant afar sjaldan þegar ég fer yfir ritunarverkefni nemenda. Ég lærði það strax sem kennaranemi að rauði leiðréttingarpenninn hefði niðurdrepandi áhrif á skrif nemenda. En þegar maður leiðréttr lokaritgerðir á stúdentsprófi grípur maður til rauða pennans. Þá er það í lagi – leiðréttingarnar eiga hvort eð er aldrei eftir að koma fyrir augu þess sem skrifaði textann.

Það er svolítið annað að lesa lokaritgerð á stúdentsprófi en að lesa venjuleg nemenda-verkefni. Yfirlesturinn gengur hraðar fyrir sig og er á vissan hátt skemmtilegri. Það er forvitnilegra að kynnast því hvernig nemendur standa sig þegar á hólminn er komið, rithönd þeirra er vandaðri og svo losnar maður alveg við að skrifa athugasemdir. Aftur á móti vefst fyrirgjöfin meira fyrir manni en venjulega og svo bætast við áhyggjur af þeim sem fatast flugið.

Það er alkunna að [samræmda] stúdentsprófið stýrir kennslunni, ekki aðeins í framhaldsskólanum heldur alveg niður í neðri bekkni grunnskólans. Hjá okkur móðurmálskennurum er þetta eilíf jafnvægislist milli þess að undirbúa nemendur með ábyrgum hætti fyrir þessi tvö yfirvofandi stúdentspróf í okkar námsgrein og að veita rými til einhvers frjálslegra og skemmtilegra. Við erum langt fram á nótt að leiðrétta og skrifa athugasemdir við prófritgerðir og textagreiningarverkefni og andvörpum þungan þegar við verðum varir við að nemendur okkar hafa alls ekki tileinkað sér það sem við höfum reynt að kenna þeim í ritun. Maj-Britt Grönholm, ráðgjafi og móðurmálskennari á eftirlaunum, sagði eitt sinn í viðtali að nemendatextar væru henni eins og hvert annað dóp.

Hún yrði bara að fá fleiri og fleiri. Ég vildi óska að ég gæti öllum stundum verið svona ákafur lesandi prófritgerða og textagreiningarverkefna en ef satt skal segja er ég á köflum alveg að bugast á bunkunum.

Eftir að hafa kynnt mér doktorsritgerð Annette Kronholm-Cederbergs, *Ritun og endurgjöf í skólameningunni. Framhaldsskólanemar segja frá skriflegum athugasemdum kennara í ritgerðum* (2009) og tekið þátt í útvarpsumræðum um hana hefur aðferðafræði endurgjafarinnar æ oftast strítt á hug minn. Kronholm-Cederberg sýnir fram á með rannsókn sinni að nemendum reynist oft erfitt að skilja hvað móðurmálskennarinn eigi við með leiðréttingum sínum og athugasemdum. Og allar vinnustundirnar sem kennarinn hefur eytt í að skrifa athugasemdir við texta þeirra ummyndast í þrældóm Sisyfúsar þegar ritgerðinni er stungið ofan í tösku ef hún ratar ekki beint í ruslið eftir að nemandi hefur rétt litið yfir athugasemdirnar. Kronholm-Cederberg vitnar í J. Truscott sem fullyrðir að venjuleg leiðréttingarvinna kennarans sé tilgangslaus tímasóun – og hver vill ekki með glöðu geði losna undan henni?

Allir móðurmálskennarar kannast við það þegar ritgerðum er fleygt beina leið í ruslakörfuna. Um leið vitum við að þar með er ekki öll sagan sögð. Ég man ennþá eftir athugasemdum sem ég fékk eftir ritgerðir sem ég skrifaði í menntaskóla því ég drakk þær í mig eins og svampur. Ég var áreiðanlega undantekning. Og þær má vafalaust finna í hverjum bekk. Samanber þeir sem doka við eftir kennslustundina og vilja ræða um ritgerðirnar sínar, óska eftir frekari viðbrögðum og rökstuðningi fyrir því hvers vegna þeir fengu aðeins 8,5 en ekki 9. Sannleikurinn er samt sá að fæstir lesa athugasemdirnar vandlega – og þeir sem gera það eru oftast þeir sterkustu, ekki veikari hópurinn sem maður vildi óska að tileinkaði sér þó ekki væri nema brot af ábendingunum. Um



Greinarhöfundurinn **Katarina von Numers-Ekman** er kennari í móðurmáli og bókmenntum við Mattlidens-framhaldsskólann í Esbo í Finnlandi. Hún setti sér það verkefni að skrifa ritgerð byggða á tilteknu efni. Ritgerðarfyrirmæli hennar voru: Skoðið aðferð móðurmálskennarans við endurgjöf og athugasemdir í nemendaritgerðum og takið mið af doktorsritgerð Annette Kronholm-Cederbergs „Ritun og endurgjöf í skólameningunni. Framhaldsskólanemar segja frá skriflegum athugasemdum kennara í ritgerðum“. **Halla Kjartansdóttir** íslenskaði.

leið getur maður spurt sig hvar mörkin liggja milli ábyrgðar kennarans og ábyrgðar framhaldsskólanemans á því að taka framförum í ritun. Er til of mikils mælst af 18 ára ungmenni að staldra einhverju sinni við og reyna að taka til sín það sem kennarinn hefur skrifað í lok ritgerðarinnar eða bera sig upp við hann og spyrja hvað hann eigi við með „að skerpa á röksemdafærslunni“ eða að „aðgæta orðaröð“? Nú eða láta í sér heyra ef hann skilur hvorki upp né niður í athugasemdunum? Móðurmálskennarar eru yfirleitt ekki einhverjir ruddar sem enginn þorir að andmæla eða gagnrýna.

Kronholm-Cederberg lýsir góðum pennum svo að þeir þurfi ekki að eyða orku í stafsetningu, orðaval eða orðaforða (á þrönga textasviðinu) heldur geti þeir einbeitt sér að því að dýpka inntakið, nýta heimildir og velta fyrir sér heildarsýn (á víða textasviðinu). Á meðan hinir slakari „festast í smáatriðum, hafa ekki heildarsýn eða rödd í textanum“ vegna þess að öll orkan beinist að þrönga textasviðinu. Miðað við þann efnivið sem Kronholm-Cederberg lagði til grundvallar í rannsókn sinni virtust athugasemdir kennaranna að sama skapi oftast beinast að þessu þrönga textasviði, þær væru staðlaðar og villumiðaðar en bentu ekki á það sem vel væri gert. Til að veita nemandanum víðari sýn á textann ætti kennari fremur að beina athugasemdum sínum að víða textasviðinu.

Það er rétt að halda því til haga að þeir textar sem Kronholm-Cederberg byggði rannsókn sína á voru ritgerðirnar, þ.e. ritgerðarprófið sem er elsta form hins venjubundna skólaverkefnis og jafnframt það próf sem dæmt er hvað harðast á mælakvarða hins þrönga textasviðs. Margir ábyrgir móðurmálskennarar finna sig áreiðanlega knúna til að merkja við hvert einasta smáatriði í þessari síðustu ritgerð í röð ritgerða sem nemendur hafa skrifað á sínum sex önnum. Í stúdentsprófinu sæta málvillur, ónákvæmni í orðfæri, óljóst samhengi, talmálsáhrif og óljós notkun myndmáls harðri gagnrýni. Og myndin sem Kronholm-Cederberg dregur fram af aðferð móðurmálskennarans við staðlaða endurgjöf í



rannsókn sinni markast af þessu. Sem betur fer vinnum við með fleiri textategundir og aðrar aðferðir við endurgjöf í móðurmálskennslu í framhaldsskóla. Og til allrar hamingju bjóðum við upp á (að minnsta kosti í stærri framhaldsskólum) áfanga sem snúast um annað en undirbúning undir stúdentsprófið.

Ég reyni sjálf að veita endurgjöf á mismunandi svið textans. Ég er vön að merkja við málvillur og koma með orðalagstillögur (ég er fyrir löngu hætt að skrifa málfræðihugtök til skýringar á leiðréttingum mínum á spássíu því ég áttaði mig á að nemendur mínir skildu hvorki upp né niður í þeim). Ég geri athugasemdir við byggingu, framsetningu, inntak, heimildanotkun og ef efnistöð eru á skjön við fyrirmæli. Ég legg mig í líma við að draga fram það sem vel er gert og reyni af fremsta megni að gefa þeim sem hafa stílgáfu eitthvað bitastætt að móða úr svo þeir geti orðið ennþá betri – afgreiði þá ekki bara með „Ágætt“. Ég REYNI í raun að vera þessi forvitni og áhugasami lesandi.

En það er áreiðanlega vegna alls þess sem ég hef tíundað hér á undan sem ég verð að játa það á mig í laumi hvað ég verð stundum þreytt á að lesa nemendatexta. Og það er auðvitað vegna þess hvað ég hef eytt miklum tíma og mæðu í að veita endurgjöf sem ég verð sár þegar ritgerðirnar rata beina leið í ruslakörfuna – og mér fellur allur ketill í eld þegar Lísa kann ekki ennþá rétta skráningu á tilvísun eftir sínar sex framhaldsskólaánnir. Ekki að furða þótt maður sé sjálfur stundum kominn á fremsta hlunn með að demba bara ritgerðunum beint í ruslið. Ég mundi svo sannarlega vilja veita annars konar endurgjöf, ekki síst ef ég væri viss um að það væri árangursríkari leið – bara að ég hefði hugmynd um hvernig ég gæti komið því við í mínu starfi.

Og hvaða tillögur að breyttum aðferðum við endurgjöf setur Annette Kronholm-Cederberg fram í sinni ritgerð? Í fyrsta lagi að horfa á ritunarferlið og að veita endurgjöf á texta sem eru í vinnslu – ekki bara endanlega afurð. Í öðru lagi að skapa það sem Kronholm-Cederberg nefnir samræðu

um endurgjöf. Að skrifa í skrefum er ekkert nýtt út af fyrir sig og við vitum það öll sem eitthvað fáumst við skriftir hve gott það er að hvíla textann, að umskrifa, að láta aðra lesa yfir og koma með athugasemdir. En það skal heiðarlega játað: Ég er ekki góð í að nota þessa aðferð í kennslustundum. Ég veiti svo sannarlega þeim sem vilja tækifæri til að endurvinna texta sína – en hversu margir taka slíku tilboði? Oftast er það bara Pelle metnaðarfulli, sem er óánægður með 9,5 fyrir ritgerðina sína og ætlar sér að fá fyrstu ágætiseinkunn fyrir stúdentsprófsritgerðina, sem skilar inn endurunninni ritgerð. Og þegar ég gef út þau fyrirmæli að það sé skylda að endurvinna ritgerðirnar sit ég rangeygð fram á nótt og bæti enn í endurgjöfina. Þau orðaskipti sem venjulega eiga sér stað í mínum skóla þegar maður skilar aftur yfirlesnum ritgerðum til endurvinnslu er eins konar samræða um endurgjöf sem á víst að vera árangursríkt. En það getur hver maður reiknað það út hvað það tekur langan tíma að sitja og spjalla um texta í 15–30 mínútur með 130 nemendum (sem að vísu deilast niður á þrjá kennara).

Og af hverju spara ég sjálfri mér þá ekki tíma og mæðu með því að láta nemendur veita hver öðrum endurgjöf? Raunar er ég fljót að gjalda varhug við öllu slíku með sjálfri mér þó ég voni að einhver geti bent mér á að ótti minn sé ástæðulaus. Í fyrsta lagi er ég hrædd við að nemendurnir muni upplifa öryggisleysi ef textar þeirra eru til umræðu í bekknum. Textar sem eru skrifaðir í okkar fagi geta verið mjög persónulegir og það sem Kronholm-Cederberg kallar eintóna endurgjöf skrifast í einhverjum tilvikum á það að móðurmálskennarinn er traustur lesandi. Hún eða hann er lesandi sem er vanur að fást við viðkvæma texta frá nemendum, lesandi sem þekkir vel til veikleika í máli og stíl hjá hverjum og einum og andstætt bekkjarfélögum er bundinn þagnarskyldu. Vitneskjan um að texti manns verði lagður í dóm bekkjarins leiðir áreiðanlega til þess að maður velur fremur að skrifa um eitthvað almennt, yfirborðslegt og leiðinlegt en það sem raunverulega brennur á manni. Ég er líka hrædd við að einhver nemandi muni setja fram ómálefnalega eða illgjarna athugasemd um texta annarra. Ég veit ekki heldur hvernig ég eigi að sannfæra lélegustu pennana, sem að sjálfsögðu eru meðvitaðir um veikleika sína, um að þora að taka þátt í sameiginlegri endurgjöf. Ég er hrædd um að þeim allra duglegustu, sem gera mestar kröfur, muni ekki finnast þeir fá neitt bitastætt frá bekkjarfélögum sínum – þeir eru alveg jafn uppteknir af samræmda stúdentsprófinu og við framhaldsskólakennara. Já, ég efast einfaldlega um eigin hæfileika til að leggja jafningjamatið þannig upp að nemendurnir fái í raun og veru víðari sýn á textann og að öllum líði vel við þær aðstæður sem skapast. Að sjálfsögðu ræðum við oft um texta nemenda – en þá eru það nafnlausir textar sem eru skrifaðir af einhverjum öðrum en þeim sem eru í bekknum.

Annette Kronholm-Cederberg bendir á gagnvirkar samskiptaaðferðir á netinu þar sem allir virðast geta tjáð sig og haft samskipti á jafningjagrunni á bloggsíðum og ýmsum samskiptasíðum sem leið til lausnar. Hún heldur því fram að nemendur og kennarar mætist frekar sem jafningjar á þessum rafræna ritvelli en annars. Og ég er ekki frá því að eitthvað sé til í því. Í mínum skóla erum við t.d. ánægð með reynslu af að nota blogg sem aðferð í kennslunni. Að þurfa að gefa efni út á netinu hvetur nemendur til að vanda framsetningu sína og tjáningarmáta og þeim finnst jákvætt að fá athugasemdir frá mismunandi lesendum. Kronholm-Cederberg vitnar í Olgu Dysthe o.fl. sem hefur sýnt fram á að margradda athugasemdir, þar sem nemendur eru jafnvel á öðru máli en kennararnir, auki á sjálfstæði nemandans og styrki eignarhaldstilfinningu gagnvart eigin texta. Ég verð sjálf fyrir mun meiri innblæstri af því að lesa blogg færslur nemenda og athugasemdir en að lesa hefðbundnar ritgerðir, að ekki sé talað um textagreiningarverkefni. Og við höfum líka leyft blogginu að njóta sín í áföngum sem ekki eru beinn undirbúningur undir stúdentsprófsritgerðina.

Ég held meira að segja að gagnvirkar endurgjöfin á netinu



Mynct: flickr.com.

Heilabrot!

Lesendum **Skímu** gefst enn og aftur kostur á að reyna sig í spurningaleik. Vinsamlegast sendið svar á netfangið svansver@hi.is fyrir 1. maí 2010 og þið gætuð unnið glæsileg bókaaverðlaun. Merkið tölvupóstin **Spurningaleikur Skímu**. Tveir heppnir lesendur verða dregnir út. Takið fram fullt nafn og heimilisfang.

Verðlaunaspurningar:

1. Hvað heita samstarfsmenn Heimis Pálssonar í þeirri rannsókn sem hann vinnur núna að í Uppsölum?
2. Hver orti þessar ljóðlínur og hvert er efnið sótt? „Ég hef barist við drekana / en í kvöld ætla ég í bío.“
3. Hvað heitir aðalsögupersónan í bókinni *Góði elskhuginn* eftir Steinunni Sigurðardóttur?

Svör við síðustu

Heilabrotum:

1. Terry Gunnell fyrir framúrskarandi fræðimennsku í norrænum örnefnafræðum, mállýskum og þjóðsögum. Heimir Pálsson fyrir dýrmætt framlag til rannsókna á íslenskum fornþókmenntum. 2. Jónas Hallgrímsson. 3. Sigbrúður. Aðeins ein rétt lausn barst frá Jóhönnu G. Ólafsson í Garðabæ. Hún hlýtur í verðlaun bókina *Góði elskhuginn* eftir Steinunni Sigurðardóttur. Útgáfan Bjartur gaf bókina.



Hver er klárastur á kennarastofunni?

1. Hvað er Gullrýtingurinn?
2. Hvað heitir elsti starfandi skóli á Norðurlöndunum?
3. Hve oft hefur Sturluga komið út?
4. Hvaða íslenski ljóðaflokkur var upphaflega hugsaður sem ballet?
5. Hvaða ljóðskáld orti um tíma undir dulnefninu Anonymus?
6. Hvaða skáld orti ljóðið „Kyssti mig sól“?
7. Hvað er ISLEX?
8. Í hvaða norrænni borg er Munch-safnið?
9. Hvernig er hinn finnski Múminsnaði á litinn?
10. Undir hvaða heiti er fyrirbærið *Flettismetti* betur þekkt?

Svör:

1. Aflæg verðlaun Samtaka glæpasagnahöfunda.
2. Chrísti Krýbbe skólinn
3. Tvisvar
4. Trímín og vatnið eftir Stein Steinarr
5. Jóhannes úr Kötlum
6. Guðmundur Böðvarsson
7. Íslensk-norræn veforðabók
8. Osíó
9. Grár
10. Fésbók (Facebook)

beinist yfirleitt að inntakinu þ.e. víða textasviðinu. En á meðan enn er við lýði stúdentspróf í móðurmáli og bókmenntum sem notast við mælistiku hinna formlegu viðmiða í textagerð er erfitt að sjá fyrir sér hvernig hægt er að draga úr athugasemdum sem snúa að þröngu textasviðinu. Og er það ekki ígildi „rauða pennans“ að setja fram athugasemdir um málvillur og slíkt í rafrænu formi? Ég get ekki vikist undan því að undirbúa nemendur mína undir stúdentsprófið hversu heitt sem ég óska þess á stundum. En þori ég að treysta því að nemendur læri nógu mikið með gagnvirkum netskrifum? Ritmenningin á netinu verður svo sannarlega sífellt sjálfsagðari og eðlilegri hluti af lífi nútímaunglinga – en þeir eru ekkert betri pennar en nemendurnir sem ég var með fyrir tíu árum. Eiginlega þvert á móti. Og hvert verður þá hlutverk mitt og ábyrgð sem kennari á rafrænum ritvelli netsins þar sem jafningjar skiptast á skoðunum um texta? Hvernig haga ég mínu mati sem ég mun ekkert losna undan? Og er hætta á að þeir sem eiga í erfiðleikum með skriftir verði ennþá ruglaðri í ríminu ef þeir fá allt öðruvísi endurgjöf frá kennaranum en frá bekkjarfélögum? En úr því að þeir henda hvort eð er ritgerðunum sínum í ruslakörfuna er rafræna endurgjöfin, af tvennu illu, kannski skárrí ef hún fær þá til að ígrunda skrif sín aðeins meira en þeir eiga að venjast.

Ég er ekki viss. Annette Kronholm-Cederberg hefur hvatt móðurmálskennara til að vera aðeins frjálsslyndari í afstöðu sinni til stúdentsprófanna. En áður en ég þori að taka þá áhættu þarfnast ég hjálpar og vantar vel útfærðar hugmyndir um hvernig ég geti skipulagt og stjórnað jafningjamati á textum í kennslustofunni. Kronholm-Cederberg skrifar: „Með einföldum fyrirmælum kennara getur endurgjöfin orðið margradda samtal innan bekkjarins eða á öðrum vettvangi.“ Ég held að það sé margt til í þessu en í mínum augum eru svona fyrirmæli alls ekki einföld. Ég vil vita hvernig ég geti nýtt ritmenninguna á netinu á árangursríkan hátt. Ég vil skilja hvernig ég á að fara að því að veita nemendum þannig endurgjöf að sem flestir læri af henni. Ég vil hafa þau áhrif á nemendur mína að þeir taki ábyrgð á að þróa sig áfram á ritvællinum. Ég vil verða móðurmálskennari sem hefur örlítið meiri ánægju af því að lesa ritgerðir nemenda. Það væri ekki verra ef nemendum þætti svolítið skemmtilegra að skrifa þær.

Nokkur atriði til útskýringar:

Í Finnlandi taka allir framhaldsskólanemar tvenns konar lokapróf í móðurmáli og bókmenntum; annars vegar próf í textagreiningu og hins vegar ritgerðarpróf þar sem nemendur skrifa ritgerð með frjálstri aðferð út frá einhverju fyrirfram gefnu efni, staðhæfingu, stuttum fyrirmælum eða tilteknu efni (mynd, blaðagrein, smásögu, ljóðum o. fl.) sem bregðast skuli við á gagnrýnn hátt. Kennarinn notar rauðan penna til að strika undir hverja villu og gefur bráðabirgðaeinkunn sem síðan er send til prófdómara stúdentsprófa sem gengur frá endanlegri einkunn.

Gakktu í samtökin

Viltu ganga í Samtök móðurmálskennara? Félagsgjaldið er aðeins 2.900 kr. á ári. Innifalið eru tvær Skímur á ári, skammdegisfundur, bókakynningar, námskeið, fræðsla, samvinna.

Kynntu þér heimasíðu Samtakanna – www.ki.is/sm



„Skólinn gerir ekkert og barnið mitt situr uppi með ómögulegan kennara!“

Hvernig kemur starf kennara fyrir sjónir? Hver eru einkenni afburðakennarans? Eyðileggja ómögulegir kennarar skólagöngu fólks? Í Noregi hafa í vetur verið í gangi tvær ólíkar norskar þáttaraðir um kennara og skólastarf sem meðal annars hafa vakið ofangreindar spurningar og blandast í umræðuna um kennara og skólastarf. Greinin er hugleiðing um þær og hvaða ímynd þær gefa af kennurum. Í þáttunum er starf kennara sýnt á ólíka vegu. Annars vegar er fjallað um hvernig ómögulegir kennarar eyðileggja skólagöngu fólks og hverju afburðakennarar fá áorkað. Hins vegar er dregin upp mynd af starfsumhverfi kennara og hvers vegna fólk velur þennan starfsvettvang.

Hér í Noregi eru (óraun)veruleikabættir, heimildabættir og spurningabættir fyrirferðarmiklir í dagskrá sjónvarpsins. Bandarískir þættir, norskar útgáfur af þeim og jafnvel danskar og sænskar líka. Þar fyrir utan eru ýmsir norskir þættir um hitt og þetta í mannlífinu. Þar á meðal hafa verið tvær þáttaraðir í vetur um kennara og skólastarf. Önnur þeirra fylgdi nokkrum kennurum í tilteknum grunnskóla yfir einn vetur (*Lærerne*). Myndavélarnar fylgdu kennurum og nemendum um alla ganga og í allar stofur og auk þess komu viðtöl inn á milli. Hinn þátturinn fjallaði um nemendur í tilteknum grunnskóla úti á landi sem gengið hefur illa í skólanum fram að þessu en fá að sögn nýtt tækifæri til að sanna sig undir handleiðslu bestu kennara Noregs (*Klasse 10B*). Myndavélarnar eru inni í skólastofunni, á kennarafundum, á kennarastofunni, vinnustofu kennara og heima hjá krökkunum. Þar fyrir utan eru viðtöl

við nemendur, kennara, skólastjórnann og foreldra.

Hvaða viðhorf ríkja á meðal fólks?

Í þessum þáttum koma fram ýmis viðhorf til náms, nemenda, foreldra, kennara og skólastarfsins í heild sinni. Þessi viðhorf kallast að nokkru leyti á við samræðuna í samfélaginu og ekki síst í fjölmiðlum um skólamál. Norska skólakerfið þykir dýrt í rekstri en alls ekki nógu skilvirkt eða framleiðið og því þurfi skólarnir virkilega að taka sig á í sínu starfi. Þetta er sagt koma skýrt fram í samanburði við önnur lönd í alþjóðlegum prófum, eins og Pisa. Kristin Halvorsen þekkingarráðherra (kunnskapsminister) fer með málefni leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu. Segja má að hún hafi verið mjög sýnileg, einkum í fjölmiðlum, og þar hefur hún lagt mikla áherslu á að nú verði tekið á málefnum skólanna. Þetta kemur til dæmis fram

í því að fórnarlömb eineltis eru hvött til þess að kæra skólann þar sem eineltið átti sér stað og þykir sérstakt áhyggjuefni hversu fáir fara þessa leið. Minna fer fyrir umræðu um hvernig styrkja megi skólana þannig að komið verði í veg fyrir einelti.

Nýir kennarar, ný tækifæri

Þættirnir um nemendurna sem fengu nýtt tækifæri hafa sogast inn í þessa samræðu. Í kynningu á þáttunum er sagt hreint út að nemendurnir fái nýtt tækifæri vegna þess að þeir fá nýja kennara í öllum fögum. Takmarkið var að einkunnir bekkjarins yrðu eftir veturinn með þeim hæstu í Noregi í stað þess að vera með þeim lægstu. Takmarkið náðist ekki en allir nemendurnir bættu sig mjög mikið í öllum fögum. Það er skjalfest á einkunna-blöðunum þeirra eins og áhorfendur fengu að sjá.

Gömlu kennararnir hafa orðið hold-

gerving gamalla og nýrra vonbrigða í skólagöngu fólks, vonbrigða með eigin skólagöngu og ekki síst skólagöngu barna sinna. Þessir kennarar virðast ekki hafa verið með í ráðum með neitt sem sneri að þessu verkefni. Þeir kenna áfram við skólann en öðrum 10. bekk. Fram kemur að þeir voru ekki sérlega ánægðir með þessa tilhögun og allra síst orðsporið sem þeir hafa fengið. Reyndar hljóta allir kennarar skólans að liggja undir grun um að vera ekki starfi sínu vaxnir og skólinn er þar að auki í litlu sveitarfélagi úti á landi.

Áhorfendum gefst tækifæri til þess að hitta einn kennara og einn nemanda á netinu eftir þættina og leggja fyrir þá spurningar. Í þessum spurningum kemur blóraböggulsafstaðan til kennara mjög sterkt fram, bæði hjá foreldrum sem hafa áhyggjur af börnunum sínum, krökkum sem gengur illa í skólanum og fullorönu fólki sem gekk illa í skólanum á sínum tíma. Móðir frá Bergen lýsir vonleysi sínu og biður stærðfræðikennarann um ráð: „Syni mínum hefur ekki tekist að læra þá stærðfræði sem hann ætti að læra og hann skortir ekki gáfurnar til þess en hann skortir hvatningu. Við getum víst ekki skipt út kennurunum en lumið þið á ráði um hvernig við getum byrjað á raunhæfan hátt, kannski leysa gömul próf?“ Stærðfræðikennarinn svarar engu um kennara og hvatningu en ráðleggur vefsíðu með stærðfræðiprautum. Margir örvæntingarfullir foreldrar skrifa kennurunum og biðja um ráð vegna barna sinna. Margir lýsa ánægju sinni yfir því að í Noregi skuli þrátt fyrir allt vera til frábærrir kennarar en lýsa jafnframt þeirri skoðun sinni að flestir grunnskólakennarar séu frekar slakir.

Sjálfstraust til þess að læra

Margir krakkanna í 10.B lýsa því að kennararnir hafi átt stærsta þáttinn í því að þeir stunduðu skólann í vetur og nefna sérstaklega að kennararnir hafi haft óbilandi trú á þeim og aldrei gefist

upp á þeim. Aftur á móti bregst ein stúlkan í bekknum hart við þegar hún er spurð á netinu hvort henni finnist ekki óréttlátt að þau skuli hafa fengið alla bestu kennarana á meðan aðrir nemendur sitji uppi með lélega kennara og fái aldrei að sýna hvað í þeim býr. Hún bendir á að þau hafi öll lagt mikið á sig og unnið fyrir einkunnunum sínum, þetta snúist allt um vinnu. Enginn eigi að láta kennara stöðva sig í námi. Hún bendir jafnframt á að ómögulegt sé að sanna að þessir kennarar hafi verið bestu kennarar Noregs en eitt sé öruggt, bekkurinn hafi ekkert fengið gefins. Þar með færir hún athyglina af kennurunum yfir á nemendurna. Loksins verða nemendurnir gerendur í sínu námi en ekki eilífir þolendur kennara og skólans. Í umfjöllun og kynningu á þáttunum er ætíð gengið út frá vinnu og ágæti kennaranna og hvaða áhrif þeir geti haft á nemendurna. Þetta kemur einnig fram í viðtölum við foreldra krakkanna. Minna fer fyrir vinnu og ágæti nemendanna og hvaða áhrif þeir hafa hver á annan, á kennara og ekki síst sjálfa sig.

Mikil áhersla var á að mæla árangurinn af starfinu út frá einkunnum úr lokaprófum en þegar spennan vegna prófa og einkunna minnkaði og í ljós kom að upphaflega markmiðinu var ekki náð, sáu bæði nemendur og kennarar að ýmislegt annað hefði áunnist, þrátt fyrir allt. Stærðfræðikennarinn nefndi til dæmis að algeng ástæða fyrir brottfalli úr framhaldsskóla væri stærðfræði en þessir krakkar þyrftu ekki að kvíða því. Móðurmálskennarinn nefndi sjálfsvirðingu, virðingu fyrir öðrum og sjálfstraust sem mestu framfarirnar og ég held að stærsti sigur og mesti árangur krakkanna hafi verið stóraukið sjálfstraust. Sjálfstraustið og sjálfsvirðingin endurspeglast í svári

stúlkunnar sem minnir á að nemendurnir hafi lagt sig fram og unnið og þess vegna fengið góðar einkunnir. Kennararnir voru þeim til aðstoðar.

Fyrirmyndarkennarinn

Umbúnaðurinn var þannig að utanumhaldið var mikið. Kennarar funduðu um hópinn í heild sinni og jafnframt um hvern og einn nemanda. Umsjónar-



kennari tók krakkana í nemendaviðtöl og börnunum var fylgt heim þar sem talað var við foreldra. Þeir virtust mjög áhugasamir og sýndu námi barnsins síns greinilega áhuga. Lítið var þó fjallað beint um áhrif foreldra á nemendur. Svo virtist sem kennararnir hefðu óendanlegan tíma fyrir krakkana og gætu einbeitt sér óhindrað að þessu verkefni eingöngu. Sumir buðu upp á ókeypis aukatíma eftir skóla og nemendur gátu hringt heim til kennara ef þeir þyrftu aðstoð með heimaverkefni á kvöldin. Ég hugsaði með mér að það væri mikill munur að hafa svona góðan tíma fyrir nemendur og geta þannig veitt þeim enn meiri athygli og umhyggju.

Hins vegar kom á daginn að allir

kennararnir eru í starfi annars staðar, sumir fullu og aðrir nærri fullu starfi. Í netsamræðunum bentu aðrir kennarar á að þættirnir gæfu alls ekki rétta mynd af kennarastarfinu vegna þess að kennarar væru störfum hlaðnir og hefðu hvorki tíma né orku til þess að sinna nemendum enn meir og betur en þeir þó gerðu, hvað þá bjóða upp á ókeypis aukatíma eftir vinnu. Þessu



svöruðu ofurkennararnir kokhraustir að þeir væru sjálfir á kafi í vinnu og þetta hefði einungis verið meðfram henni. Samt gætu þeir sinnt þessum hópi svona vel. Stærðfræðikennarinn er spurður hvort hann telji að kennarar sem vilji bæta sig eigi að nota frítíma sinn til þess að taka nemendur í viðtöl og bjóða þeim upp á aukatíma. Hún svarar þá að hún vonist til þess að þættirnir geti sýnt stjórnáráðgjafum og skólafyrirvöldum að þetta sé það sem til þurfi ef bæta eigi skólana og þar með þurfi meiri fjármuni og meiri tíma, góða kennaramenntun og hærra laun. Þarna kemur fram mótsögnin í þáttunum. Kennararnir eyða mun meiri tíma í þennan nemendahóp en gengur

og gerist og sinna þeim jafnvel utan vinnutíma en eru jafnframt í fullri kennslu annars staðar. Má þá ekki búast við að spurt verði: Er kennurum þá nokkur vorkunn að sinna sínu starfi almennilega fyrst þessi hópur gat það?

Aftur á móti hef ég mikið velt því fyrir mér hvort ekki hafi eitthvað mátt undan láta. Hvernig ætli þeim hafi gengið að sinna nemendum í skólanum sínum? Hvernig sinntu þeir aðalstarfi sínu fyrst hitt var hrein viðbót? Fengu nemendurnir þar sem engar voru myndavélarnar sömu þjónustu og eins mikinn tíma og hinir? Af því fara engar sögur. Hins vegar er ég hugsi yfir ímynd afburðakennarans. Er hann sá sem getur ávallt tekið að sér meiri kennslu, án þess að það komi niður á starfinu? Hvernig ætli honum gangi að halda heimili? Hvernig er að vera barn afburðakennara?

Í hverju felst starf kennara í raun?

Í þættinum um grunnskólakennarana í meðalskólanum í Ósló fá áhorfendur að fylgjast með venjulegum kennurum að störfum. Þarna birtast störfum hlaðnir umsjónarkennarar sem aldrei fá matarhlé heldur borða á meðan þeir funda eða funda á meðan þeir borða, það er svolítið óljóst. Þeir þurfa oft og iðulega að taka á ágreiningi á milli nemenda, einelti og agaleysi. Bekkirnir eru stórir og nemendur ólíkir en kennararnir bera mikla umhyggju fyrir nemendum sínum og starfið fylgir þeim allan sólarhringinn.

Allir eru þeir ólíkir kennarar með ólíka bekk. Nýútskrifaði kennarinn sem virðist hafa fengið erfiðasta bekkinn í hendur streðar við agastjórnun í 4. bekk og á erfitt með foreldraviðtölin. Greinileg andstæða hans er gamalreyndi kennarinn í 1. bekk sem hefur gengið börnunum í móðurstað og virðist hafa fullkomna stjórn á bekknum og ekki síður foreldraviðtölunum enda virðast fæstir foreldranna í þeim viðtölum sem þarna eru sýnd kunna mikla

norsku. Þarna má einnig sjá unga kennarann sem öðlast hefur öryggi reynslunnar og sér um heilan bekk af krökkum sem af ólíkum ástæðum þurfa stuðningskennslu og örlítið eldri og reyndari kennara í 6. bekk sem efast um þróun kennarastarfsins síðustu ár.

Enginn þessara kennara virðist vera ofurkennari og lítið fer fyrir kraftaverkum en allir eru þeir góðir kennarar sem leggja sig alla fram í sínu starfi. Þættirnir hafa verið gagnrýndir fyrir að draga einungis fram erfiðustu þætti starfsins, sérstaklega árekstra á milli nemenda eða við nemendur og foreldra, pappírsvinnu sem kemur kennslunni lítið við og ýmsa erfiðleika í dagsins önn. Hins vegar glitti minna í ánægjulegri þætti eins og vel heppnaðar kennslustundir og erfiðleika sem leysast. Gagnrýnin snýr einkum að því að þættirnir geti fælt fólk frá kennarastarfinu og hreinlega komið í veg fyrir endurnýjun innan stéttarinnar.

Hverjum dettur eiginlega í hug verða kennari?

Skólastjórinn var mjög sýnilegur í þáttunum um kennarana og hann hefur einnig verið sýnilegur í umfjölluninni á vefsíðu norska ríkissjónvarpsins. Þar hefur hann verið í viðtölum og setið fyrir svörum áhorfenda. Hann segist hafa fengið mjög góð viðbrögð við þáttunum og foreldramir tali um að þeir hafi fengið betri innsýn í starf skólans. Hvað hann sjálfan varðar veit hann núna betur hvað fer fram inni í skólafunum. Þetta sýnir hversu einangraðir við kennarar erum í starfi og hvað starf okkar er lítið sýnilegt. Gæti það haft áhrif á ímynd starfsins, ímynd kennara og ekki síst kjaramál okkar og starfsumhverfi?

*Höfundur kennir við Menntaskólann að Laugarvatni og stundar doktorsnám í menntunarfræðum
ijk1@hi.is*



Hvert stefnir móðurmálskennsla í Noregi?

Pegar íslenskar mennastofnanir standa á tímamótum og semja á nýja námskrá í íslensku og öðrum greinum getur verið fróðlegt og gagnlegt að kynna sér innihald og skipulag móðurmálskennslu í nágrannalöndunum. Í þessum pistli ræði ég um námskrá móðurmálsfagsins norsku í Noregi. Vissulega segir námskráin ekki alla söguna um hvernig móðurmálið er kennt í skólum landsins, hvað nemendur læra og hvaða augum kennarar líta fagið. Námskráin veitir engu að síður innsýn í fyrirætlanir norskra menntayfirvalda og hugmyndir þeirra um móðurmálskennslu. Greininni er ætlað að kynna íslenskum lesendum námskrána en ekki að setja fram gagnrýna úttekt á henni.

Núgildandi námskrá var innleidd árið 2006 þegar hið svonefnda „Kunnskapsløft“ tók gildi. „Kunnskapsløftet“ tekur til skólakerfisins í heild, frá fyrsta bekk barnaskóla til loka framhaldsskóla. Endurskoðunin hafði í för með sér breytingar á innihaldi kennslunnar og jafnramt skipulagi hennar og skólastarfsins í heild. Samin var ný námskrá fyrir allar námsgreinar. Almenna hluta

námskrárinnar var hins vegar ekki breytt en sá hluti hafði verið endurskoðaður árið 1997. Athygli vekur að ráðuneyti menntamála var á hendi jafnaðarmanna árið 1997 en þegar núgildandi námskrá tók gildi höfðu hægri menn tekið við ríkisstjórn. Almenni hluti námskrárinnar var því saminn í ráðuneyti jafnaðarmannsins Gudmund Hernes en Kristin Clemet ráðherra hægri flokksins og embættismenn hennar voru höfundar breytinganna í núgildandi námskrá. Þegar að því kom að innleiða námskrána hafði núverandi samstarfsstjórn miðjuflokkanna og jafnaðarmanna tekið við stjórnartumunum.

Ein af nýjungunum í þessari námskrá er að hugtakið „grundvallarkunnátta“ (*n. grunnleggende ferdigheter*) er innleitt í allar námsgreinar á grunnskólastigi (1.–10. bekk). Kennarar í öllum greinum þurfa að taka mið af skilgreiningum á grundvallarkunnáttu fyrir nemendur bæði við skipulag kennslu og framkvæmd hennar. Námskráin skilgreinir fimm afbrigði grundvallarkunnáttu: Munnlega tjáningu, skriflega tjáningu, lestur, reikning og notkun stafrænna hjálpartækja. Þetta hefur í för með sér að sögukennarinn

kennir líka ritun og norskukennarinn stærðfræði, svo dæmi séu tekin.¹

Í námskránni er að finna svonefndar heildaráætlanir (*n. langsgående planer*) fyrir þær greinar sem kenndar eru frá fyrsta bekk grunnskóla til loka framhaldsskóla. Tilgangurinn er að tryggja samfellda og eðlilega framvindu í náminu. Norska er meðal þeirra greina sem lýst er í slíkri heildaráætlun.

Auk grundvallarkunnáttu hefur námskráin að geyma skilgreiningu á aðalmarkmiði hvernar námsgreinar og svokölluð megin svið hennar. Hins vegar inniheldur hún ekki lýsingu á námsefni, upptalningu á höfundum sem nemendur eiga að kynnast eða rit sem þeir eiga að lesa. Námskráin segir enn fremur fátt um kennsluaðferðir.

Kaflinn um markmið norskukennslunnar hefst á fullyrðingu um að kennslugreinin norska skipti meginmáli fyrir „menningarläsi, samskipti, menntun og sjálfsvitund“.³³ Þetta eru vitaskuld stór orð en þau eru þó í samræmi við viðtekinn skilning á móðurmálskennslu í Noregi. Jafnframt veita þau svar við þeirri spurningu sem er að finna í fyrirsögn þessarar greinar: Námskráin kveður á um að norskukennslan eigi að auka menningarläsi

nemenda, hún á að þróa samskiptafærni þeirra, mennta þá og þroska sjálfsvitund þeirra. Þetta er stefna móður-málskennslunnar, samkvæmt námskránni.

Nánari útlistun á þessum markmiðum er að finna síðar í sama kafla og þar kemur meðal annars fram að norsku-kennslunni sé ætlað að „þroska málhæfni og læsi hvers nemenda eftir því sem forsendur hans og hæfileikar leyfa“ og „eitt meginmarkmið norsku-kennslu á öllum stigum er sjálfstraust á sviði tungu og eigin menningar, til að stuðla að eflingu sjálfsvitundar, virðingu fyrir menningu annarra, þátttöku í samfélaginu og ævilangri menntun.“³ Hins vegar er ekki tilgreint hvernig þessu markmiði skuli náð. Það er hlutverk kennara og nemenda að finna þær leiðir. En þótt námskráin skilgreini ekki námsefni eða kennsluáðferðir, sem fyrr segir, er að finna tiltölulega skýrar skilgreiningar á „hæfniviðmiðum“ þar sem tilgreint er hvað nemendur eigi að kunna á hverju meginsviði námsgreinarinnar á tilteknum aldri, nánar tiltekið eftir 2., 4., 7. og 10. bekk grunnskóla og fyrir hvert námsár í framhaldsskóla. Hæfnimarkmiðin segja ekkert um hvað eigi að lesa og lítið um hvernig skuli staðið að verki, en tilgreina hins vegar hvert nemendur skuli stefna, hvert markmið kennslunnar sé. Og hugtakið „hæfnimarkmið“ tekur bæði til verklegrar kunnáttu og fræðilegrar þekkingar.

Meginsvið norskukennslunnar eru *munlegur texti*, *skriflegur texti*, *samsettur texti og tunga og menning*. Segja má að hvert þessara sviða sé tvíþætt. Nemendurnir eiga að vera í hlutverki móttakanda (lesenda, áheyrenda eða áhorfenda) og túlkanda en jafnframt eiga þeir sjálfir að vera færir um að semja texta og tjá sig á öllum ofangreindum sviðum.

Munnlegur texti er samkvæmt námskránni á sviði munnlegra samskipta, „það er að segja að hlusta og tala og túlka munnlegan texta. Áhersla er lögð

á að nemandinn geri sér grein fyrir mismunandi tegundum samskipta og stíls og öðlist skilning á því hvernig tungutak og form er aðlagð að móttakanda og markmiði textans.“⁴ Tekið er skýrt fram að hæfileikinn til að tjá sig munnlega sé „mikilvægur liður í félagslegum og menningarlegum þroska og jafnframt brýnn þáttur í listrænni tjáningu og upplifun.“ Hvað þýðir þetta? Því eiga hæfniviðmiðin að svara. Þess vegna er við hæfi að skoða nokkur af hæfniviðmiðum þessa meginsviðs nánar.

Að loknum fjórða bekk þegar nemendurnir eru 9–10 ára gamlir eiga þeir meðal annars að geta

- átt samskipti við aðra í leik, leiklist, samræðum og rökræðum og fylgt reglum hópsamræðna.
- rökstutt eigið val á texta og sagt frá eigin vangaveltum um, sem og upplifun á barnabókmenntum, leikritum, kvikmyndum, tölvuspilum og sjónvarpsefni.⁵

Listinn yfir það sem nemendur eiga að kunna að loknum tíunda bekk, það er að segja þegar grunnskólanámi lýkur, er í sjö liðum. Nemendurnir eiga meðal annars að geta

- rætt hvernig orð geta stuðlað að misrétti og niðurlægingu.
- tekið þátt í umræðum sem miða að því að greina bókmenntir, leiklist og kvikmyndir.
- skilið sænskt og danskt talmál.

Að loknum öðrum bekk í framhaldsskóla eiga nemendur meðal annars að geta

- metið og fjallað um munnleg verkefni annarra nemenda.
- kynnt verkefni í norsku og fjallað um verkefni á gagnrýnn hátt.

Meginsviðið *skriflegur texti* tekur eins og nafnið segir til skriflegrar tjáningar – að lesa og skrifa norsku. Nemendur eiga smám saman að ná valdi á ný-

norsku og bókmáli og þeir eiga að efla færni sína í ritun meðal annars með því að vinna úr mismunandi textum í skólanum. Þeir eiga að lesa og skrifa bæði upplifunarinnar vegna og til að læra, eins og segir í námskránni. Ennfremur stendur þar að þjálfun í meðferð mismundandi texta skerpi textavitund nemenda almennt. Í þessu samhengi er jafnframt notast við orðalagið að nemendur eigi að læra „áðferðir við lestur og ritun“ (n. *lese- og skrivestrategier*) en þessi hugtök gegna lykilhlutverki í lýsingunni á því hvað skiptir mestu í ritunarkennslu (og lestrarkennslu) og hvernig nemendur eiga að tileinka sér þessa kunnáttu og hugtakið kemur því margsinnis fyrir í lýsingunni á hæfniviðmiðum. Til að skýra nánar hvað nemendur eiga að læra á sviðinu *ritaður texti* er rétt að líta aftur á nokkur af hæfniviðmiðunum í námskránni.

Að loknum fjórða bekk eiga nemendurnir meðal annars að geta

- lesið fagurbókmenntir og fræðsluefni ætlað börnum, lesturinn skal vera samfelldur og nemendur skulu skilja innihald og samhengi.
- beitt lestraraðferðum og textakunnáttu sinni markvisst við nám.
- skrifað sögur, kvæði, bréf og faglega texta.
- leitað upplýsinga, skrifað, vistað og endurheimt texta með hjálp stafrænna tækja.

Að loknum tíunda bekk eiga nemendur meðal annars að geta

- lesið og skrifað texta af mismunandi gerðum, bæði sögur og faglegan texta á bókmáli og nýnorsku: Greinar, lesendabréf, formleg bréf, smásögur, frásagnir, kvæði, leikritshandrit og pistla.
- greint eftirfarandi stílbrigði og beitt þeim í eigin texta: Húmor, ádeilu, andstæður og samlíkingar, tákngerfingu og myndhverfingu.
- tjáð sig skýrt og beitt margbreyti-

legum orðaforða í mismunandi texta á bókmáli og nýnorsku.

- lagt mat á eigin texta og skriftarhæfileika og beitt til þess þekkingu á norskri tungu.

Að loknum öðrum bekk í menntaskóla eiga nemendur meðal annars að geta

- lesið tiltekna norska texta allt frá miðöldum til 1870 í upprunalegri útgáfu og fjallað á gagnrýnni hátt um málfar þeirra og innihald.
- gert grein fyrir eigin aðferðum við túlkun og samningu texta og fellt gagnrýnið mat á þær.
- skrifað bókmenntaumfjöllun og aðrar tegundir ritgerða á bókmáli og nýnorsku þar sem tekið er mið af fagurbókmenntum eða norskri bókmennta- og málsögu.

Þriðja meginsviðið, *samsettur texti*, tengist vikkaða textahugtakinu, það er að segja texta þar sem boðskapnum er ekki miðlað með textanum einum saman, heldur jafnframt hljóði eða mynd, svo dæmi sé tekið. Nemendur eiga að geta „lesið“ og túlkað slíka texta, en líka samið þá og gert sér grein fyrir hvernig mismunandi þættir þeirra tengjast saman í teiknimyndasögum, á netsíðum, í söngtextum, kvikmyndum og leiksýningum. Að neðan eru nokkur dæmi úr námskránni varðandi þetta meginsvið.

Að loknum fjórða bekk eiga nemendur meðal annars að geta

- samið sögur þar sem orð, hljóð og myndir fara saman.
- rætt um samspil orða og mynda í tilteknum texta.

Að loknum tíunda bekk eiga nemendur meðal annars að geta

- notað mismunandi miðla, heimildir og tjáningaraðferðir við samningu



Christi Krybbe skólinn í Bergen er elsti starfandi skóli Norðurlandanna. Skólahaald þar hófst árið 1739.

texta í norsku og við samningu þverfaglegra texta.

- fjallað um notkun tjáningaraðferða í samsettum texta í fræðslufni, skemmtiefni, auglýsingum og listgreinum og um áhrif hljóðs, orða og mynda á móttakandann.

Að loknum öðrum bekk í framhaldsskóla eiga nemendur meðal annars að geta

- notað mismunandi miðla til að túlka og kynna texta frá mismunandi tímabilum.
- fjallað um notkun tjáningaraðferða í mismunandi miðlum.

Fjórða og síðasta meginsviðið er *tunga og menning*. Það lýtur samkvæmt námskránni að „norsku og norrænni menningu á sviði tungu og bókmennta en einnig í alþjóðlegu samhengi“. Mikil áhersla er lögð á samanburðaraðferðir í lýsingu námskránnar á þessu meginsviði. Samanburðurinn skal gerður milli mismunandi tímabila (til dæmis samanburður á bókmenntaverkum eða málfari frá mismunandi tíma) og menningarsvæða (til dæmis norskar hefðir í

alþjóðlegu samhengi). Ennfremur eru ýmsir hefðbundnir þættir norsku-kennslunnar á sviði *tungu og menningar* en það gildir um málsögu, bókmenntasögu, málfræði og að nokkru leyti um bókmenntafræði. Lítum á nokkur hæfniviðmið á þessu sviði.

Að loknum fjórða bekk eiga nemendur meðal annars að geta

- tjáð sig um málfar, persónur og atburði í hversdagslegum texta og fagurbókmenntum frá mismunandi tímabilum og menningarsvæðum.
- lýst tilteknum norskum talmálsafbrigðum, hvað þau eiga sameiginlegt og hvað greinir þau að.
- lýst málnotkun og málfari, orðflokki og hlutverki þeirra.

Að loknum tíunda bekk eiga nemendur meðal annars að geta

- kynnt helstu viðfangsefni og tjáningarform í þekktum samtímaverkum og borið þau saman við sígild norsk bókmenntaverk: Ást og kynjahlutverk, hetja og andhetja, raunveruleiki og draumsýn,

- vald og mótþrói, lygi og sannleikur, bylting og ábyrgð.
- gert grein fyrir hvernig félagslegum aðstæðum, gildismati og hugarfari er lýst í þýddum textum úr samísku og öðrum tungumálum.
 - skýrt orsakir þess að tvö jafnréttá ritmálsafrígríði eru í Noregi og gert grein fyrir umræðum um málfar og mállýskur í Noregi í dag.
 - skýrt hvernig innihaldi og formi er miðlað og hvernig það breytist við þýðingu á einföldum frásögnum, teiknimyndasögum og dægurlagatextum á norsku.

Að loknum öðrum bekk framhaldsskóla eiga nemendur meðal annars að geta

- gert grein fyrir meginráttum norskrar og evrópskrar bókmenntasögu frá miðöldum til rómantíkur, nokkrum þekktum rit höfundum og tengslum fagurbókmennta við evrópska menningarsögu á sama tímabili.
- rætt þætti eins og sameiningartákn og menningarlega sundrunu, frjósöm samskipti mismunandi menningarheima og menningarátök, með tilvísun til verulegs fjölda norskra og erlendra samtímatexta á mismunandi sviðum.
- rætt málfarsviðhorf og menningarþróun í Noregi á tímum alþjóðavæðingar.

Námskráin gildir í öllum skólum í Noregi. Á grunnskólastigi er aðeins ein námskrá í norsku en á framhaldsskólastigi gildir hluti námskrárinnar fyrir nemendur á öllum sviðum en annar hluti hennar gildir sérstaklega fyrir þá sem eru á almennri námsbraut. Auk

námskrárinnar eru samræmd lokapróf í norsku bæði á grunnskólastigi og framhaldsskólastigi og ennfremur samræmd próf í lestri og ritun (auk annarra greina) í fimmta og áttunda bekk. Síðarnefndu prófin voru innleidd árið 2004 og þótt menntayfirvöld og stjórnálamenn almennt hafi verið einhuga um að þeim skyldi komið á hafa þau verið gagnrýnd mjög af kennurum. Mörgum kennurum þykir það viðhorf til þekkingar sem prófin endurspeglar vera ansi þröngt og að líkt og lokaprófin hafi þau óæskileg áhrif á kennslu, meðal annars með því að kynda undir utanbókarlærdóm á kostnað gagnrýnnar og sjálfstæðrar hugsunar og samstarfs. Þessi gagnrýni minnir að ýmsu leyti á viðbrögð kennara og kennslufræðinga við PISA-rannsóknunum í Noregi.

Þrátt fyrir að námskráin sem hér er fjallað um sé ekki glæný hafa fyrstu árgangarnir sem fylgja henni enn ekki lokið grunnskóla. Aðeins einn árgangur hefur lokið unglingastigi eftir þessari námskrá og einn árgangur hefur lokið framhaldsstigi. Það er með öðrum orðum of snemmt að skera úr um hvort nemendur ná þeim hæfniviðmiðum sem til er ætlast. Ekki liggur heldur fyrir hversu vel heppnaða kennarar, sem störfuðu við kennslu áður en námskráin var innleidd árið 2006, og hafa þannig samanburðargrundvöll, telja hana vera. Hins vegar eru hafnar rannsóknir með það fyrir augum að leiða þetta í ljós – og á sama hátt væri vissulega fróðlegt að spyrja kollega okkar við aðra skóla, t.d. í Berlevåg, Florø og Bærum, hversu ánægðir þeir eru. Á hvaða braut hefur nýjasta námskráin leitt móðurmálskennsluna? Ná nemendurnir hæfniviðmiðunum sem greint hefur verið frá

hér að ofan? Upplifa þeir að móðurmálskennslan skipti sköpum fyrir „menningarlæsi, samskipti, menntun og sjálfsvitund“ nemenda eins og námskráin fullyrðir að hún eigi að gera? Og hefur námskráin haft áþreifarlegar breytingar í för með sér – varðandi kennsluaðferðir og viðhorf kennara – eða eru breytingarnar í raun óverulegar?

Höfundur er doktorsnemi við háskólann í Bergen.

Kjersti.Lea@hib.no

Heimildir

- Core curriculum – námskráin m.a. á ensku, frönsku og þýsku http://www.udir.no/Artikler/_Lareplaner/_english/Core-Curriculum-in-five-languages/
- Almenni hluti námskrárinnar (*Den generelle delen av læreplanen*): http://www.udir.no/Artikler/_Lareplaner/Den-generelle-delen-av-lareplanen/
- Rannsóknir (LK06, alþjóðlegar skýrslur eins og PISA og PIRLS og fleira): <http://www.udir.no/Tema/Forskning/>
- Grunnleggjende ferdigheter (Grundvallarkunns-
åtta): <http://www.udir.no/grep/Grunnleggjende-ferdigheter/>
- Kunnskapsløftet: <http://www.regjeringen.no/nb/dep/kd/tema/grunnopplaring/kunnskapsloftet.html?id=1411>
- Námskrá í norsku: <http://www.udir.no/grep/Lareplan/?laereplanid=1001576&visning=1>
- Samræmd próf: http://no.wikipedia.org/wiki/Nasjonale_pr%C3%B8ver
- Prinsipp for opplæringa i Kunnskapsløftet: http://www.udir.no/Artikler/_Lareplaner/Prinsipp-for-oppleringa-i-Kunnskapsloftet/

Tilvísanir

- 1 Á þessari vefsíðu er að finna lýsingu á hlutverki grundvallarkunnáttunnar í móðurmálskennslu: <http://www.udir.no/grep/Lareplan/?laereplanid=1001576&visning=4>
- 2 <http://www.udir.no/grep/Lareplan/?laereplanid=1001576&visning=2>
- 3 <http://www.udir.no/grep/Lareplan/?laereplanid=1001576>
- 4 Sjá eftirfarandi vefsíðu þar sem meginsviðum norskukennslunnar er lýst: <http://www.udir.no/grep/Lareplan/?laereplanid=1001576&visning=2>
- 5 Líkt og eftirfarandi tilvitnanir er þessa lýsingu á hæfniviðmiðum námskrárinnar að finna á vefsíðunni: <http://www.udir.no/grep/Lareplan/?laereplanid=1001576&visning=5>. Þar er jafnframt að finna heildarlýsingu á hæfniviðmiðunum.

**Hefurðu skoðað heimasíðu
Samtaka móðurmálskennara nýlega?**

ki.is/sm



ÍSLENSKA Á ALÞJÓÐAVETTvangi

Alþjóðasvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (áður Stofnun Sigurðar Nordal) annast stuðning við kennslu í íslensku við erlenda háskóla af hálfu íslenskra stjórnvalda. Það tekur þátt í norrænu samstarfi um stuðning við kennslu Norðurlandamála á háskólastigi, sem fram fer við um 200 háskólastofnanir víða í heiminum, annast sumarnámskeið fyrir norræna stúdenta, **NORDKURS**, sem haldið er hvert ár í Háskóla Íslands og tekur þátt í samstarfi um sams konar námskeið annars staðar á Norðurlöndum.

Þingsályktun um íslenska málstefnu

Alþingi ályktaði að samþykkja tillögur Íslenskrar málnefndar um íslenska málstefnu sem opinbera stefnu í mál-efnum íslenskrar tungu 12. mars 2009. Var það í fyrsta skipti sem alþingi ályktaði um þessi mál enda hefur svo víðtæk íslensk málstefna ekki verið unnin áður. Einn kafli málstefnunnar fjallar um íslensku erlendis. Þar er m.a. sagt að markmið íslenskrar málstefnu sé að „efla kennslu í íslensku erlendis þannig að sem flestir eigi kost á henni“. Meðal aðgerða í þessa veru er lagt til að „myndarlega verði staðið að íslenskukennslu fyrir erlenda stúdenta og íslensk börn erlendis og stefnt verði að því að fjölga möguleikum til íslenskunáms í skólum, á kvöldnámskeiðum og í fjarnámi“. Þá er nefnt að „leitað verði leiða til að þróa enn frekar og gefa út námsefni sem hæfir ólíkum nemendahópum, bæði í prentformi og á Netinu“. Enn er lagt til að „leitað verði leiða til að fjölga orðabókum á Netinu. Loks er talið æskilegt að „efla íslensk fræði við erlenda háskóla og kynningu á íslenskri bókmenningu erlendis“.

Stuðningur við íslenskukennslu erlendis

Stuðningur íslenskra stjórnvalda við

kennslu í íslensku við erlenda háskóla má rekja aftur til ársins 1974 þegar íslenskulektorar, sem þá störfuðu á Norðurlöndum, efndu til fyrsta sendikennarafundarins í Gautaborg og fóru þess þá á leit við menntamálaráðuneytið að það styrkti slíka fundi árlega, veitti sendikennarastólunum bóka- og blaðastyrki, styrkti útgáfu kennslubóka í íslensku fyrir erlenda námsmenn og léti kennurunum í té upplýsingar um mennta- og menningarmál er varðaði starf þeirra. Þeir sem sátu þennan fund voru Erlingur Sigurðsson sem kenndi íslensku við Helsinkiháskóla um langt árabíl, Heimir Pálsson, sem lætur senn af störfum sem dósent í íslensku við Uppsalaháskóla, Kristinn Jóhannesson, sem nú lætur af störfum sem íslenskulektor í Gautaborg, Svavar Sigmundsson, fv. rannsóknarprófessor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, og Helga Kress, fv. prófessor við Háskóla Íslands. Þess má geta að Heimir og Kristinn munu sækja sinn síðasta lektorafund í maí 2010.

Síðan þetta gerðist hafa íslensk stjórnvöld tekið upp launaframlög til íslenskulektora erlendis, þó mjög lítil á Norðurlöndum, komið á bókastyrkjum, styrkt kennslubókagerð að einhverju marki og greitt fyrir að lektorarnir geti hist árlega. Frá árinu 1992 hefur Stof-

un Sigurðar Nordal (nú alþjóðasvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum) annast þessa fyrirgreiðslu. Jafnframt hefur þeim stöðum þar sem íslenskukennsla er studd fjölgað nokkuð. Er nú svo komið að fimm háskólastofnanir á Norðurlöndum, fimm á þýska málsvæðinu, tvær á Frakklandi, ein á Ítalíu, tvær á Bretlandi, ein í Kanda, Japan og Kína njóta nokkurs stuðnings í formi launauppbóta, bókastyrkja og framlaga til árlegs fundar lektoranna. Auk þeirra skóla sem njóta styrkja frá íslenskum stjórnvöldum til kennslunnar eru álíka margir sem bjóða upp á íslenskunám án slíkrar aðstoðar og munu nú um fjörutíu skólar erlendis kenna nútímaíslensku að einhverju marki. Við þessa skóla stunda á annað þúsund nemandar íslenskunám árlega.

Áður fyrr var helsti hvati þeirra stúdenta, sem vildu læra íslenskt nútímamál, áhugi þeirra á fornbókmenntum og vilji til að lesa um þær á íslensku. Nú er hins vegar hópur þeirra erlendu stúdenta sem leggja stund á íslensku orðinn miklu stærri og fjölbreyttari. Samkvæmt könnun, sem Magnús Hauksson, þá íslenskulektor við Kaupmannahafnarháskóla, gerði haustið 2008 meðal nemenda hjá íslenskukennurum við erlenda háskóla, er

aðeins fjórðungur sem nefnir sem meginástæðuna fyrir að læra íslensku að þeir hafi kynnst fornbókmenntum. Hins vegar nefna langflestir að áhugi þeirra beinist einkum að málinu sjálfu sem þeim þykir merkilegt. En önnur meginástæðan er hrifning þeirra af landinu. Þá nefna margir áhuga á íslenski tónlist og samtímabókmenntum sem hvata að íslenskunámi. Yfirgnæfandi meirihluti nemanna vill ekki einvörðungu læra að lesa málið heldur einnig tala það og skrifa.

Sumarnámskeið í íslensku

Það er ekkert sjálfgefið að margt erlent fólk vilji læra tungumál sem er talað af 320 þúsund manna þjóð. Sá mikli áhugi sem menn sýna íslensku víða um lönd er vexti og viðgangi tungumálsins mikill stuðningur. Augu stjórnálmanna og háskólafélags hafa fyrir löngu opnast fyrir þessari staðreynd. Í meira en hálföld hefur menntamálaráðuneytið stutt erlenda námsmenn til að stunda íslenskunám við Háskóla Íslands eða talsvert lengur en íslenskukennsla erlendis hefur notið styrkja.

Allt síðan á sjötta áratug síðustu aldar hefur verið boðið upp á sumarnámskeið í íslensku fyrir norræna stúdenta við Háskóla Íslands. Þessi námskeið hafa verið á hverju ári í um tvo áratugi. Norræna ráðherranefndin styrkir námskeiðin og eru þau einkum ætluð þeim háskólanemum sem stunda norræn fræði og hyggjast leggja kennslu Norðurlandamála fyrir sig. Íslenskir námsmenn eiga hins vegar kost á að sækja námskeið í Norðurlandamálum annars staðar á Norðurlöndum.

Alþjóðleg sumarnámskeið í íslensku hafa verið haldin við Háskóla Íslands ár hvert síðan 1989 og hefur Stofnun Sigurðar Nordal, nú alþjóðasvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, annast framkvæmd þeirra. Vaxandi aðsókn hefur verið að námskeiðinu og lengi hefur ekki verið unnt að anna eftirspurn. Koma nemarnir

Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir

ISLEX – ÍSLENSK-NORRÆN VEFORÐABÓK

ISLEX er orðabókarverk sem er unnið á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (áður Orðabókar Háskólans) í samstarfi við þrjár stofnanir á Norðurlöndum: *Institutionen för svenska språket* við Gautaborgháskóla, *Institut for lingvistiske, litterære og estetiske studier* (LLE) við háskólann í Bergen og *Det Danske Sprog- og Litteraturselskab* í Kaupmannahöfn. Þetta er sex ára verkefni sem lýkur á árinu 2011. Verkið er fjármagnað með opinberu fé frá þáttökulöndunum fjórum auk styrkja úr norrænum og innlendum sjóðum.

Verkið og markmið þess

ISLEX hefur að geyma um 50.000 íslensk uppflettiorð með þýðingum á sænsku, norsku (bókmáli og nýnorsku) og dönsku. Verkið endurspeglar íslenska málnotkun samtímans. Við afmörkun orðaforða, merkingargreiningu og val notkunardæma er að miklu leyti tekið mið af safni rafrænna texta frá síðustu árum sem safnað hefur verið hjá Orðabók Háskólans og síðar hjá SÁ.

Orðabókin á að nýtast öllum þeim sem þurfa á íslensk-norrænum orðabókum að halda, en sérstök áhersla er lögð á að sinna þörfum sænskra, norskra og danskra notenda, ekki síst þýðenda úr íslensku á skandinavísku málin. Við ritstjórnina er notaður gagnagrunnur sem er hannaður sérstaklega fyrir verkefnið og er eingöngu notaður opinn hugbúnaður við gerð hans. Gagnagrunnurinn er veftengdur og fer ritstjórnarvinnan fram samhliða í öllum löndunum.

Orðabókin er fyrst og fremst hugsuð til birtingar á vefnum. Það form býður upp á nýjar aðferðir við framsetningu efnisins og má þar nefna hljóddæmi, myndskýringar og hreyfimyndir. Einnig er mögulegt að birta ítarlegri upplýsingar en kostur er á í prentaðri bók. Loks er unnt að bjóða upp á margvíslega leitarmöguleika og tengingar milli efnispáttá sem ekki standa til boða í hefðbundnum orðabókum. Auk þess að setja fram vandaðar þýðingar á einstökum orðum er lögð meiri áhersla á að lýsa merkingu og notkun ýmiss konar orðasambanda (“fraseologi”) en hingað til hefur tíðkast í íslensk-erlendum orðabókum. Samhliða orðabókarvinnunni verður til nýr íslenskur orðabókarstofn.

Efni orðabókarinnar

Orðaforðinn í ISLEX er sem fyrr segir 50.000 orð. Miðað er við að íslenskt nútímamál fái að njóta sín sem best en nokkuð er einnig um orð úr eldra máli, m.a. formáli, sem líklegt er að notendur kunni að rekast á. Hér verður í stuttu máli greint frá öðrum þáttum verksins.

Beygingar

Beygingar orða eru sýndar í heild í ISLEX-orðabókinni. Það er gert með tenglum. Ef notandinn er til dæmis staddur í flettunni *köttur* getur hann smellið á tengil og opnast þá nýr gluggi með fullu beygingardæmi orðsins. Beygingin er sótt til *Beygingarlýsingar íslensks nútímamáls*, en það er gagnagrunnur með

framhald á bls. 39



Fundur um fornöfn í ISLEX-orðabókinn. Halldóra Jónsdóttir, Jón Hilmar Jónsson, Þórdís Úlfarsdóttir og Ásta Svavarsdóttir. Þau eru öll starfsmenn orðfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

flestir frá Norður-Evrópulöndum og Norður-Ameríku, þar sem áhugi á íslenskunámi er mestur, einnig frá fjarlægari löndum, t.d. Japan og Ástralíu.

Skiptinimum við háskóla hér á landi hefur fjölgað ár frá ári síðan Ísland gerðist aðili að menningaráætlunum Evrópusambandsins. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins með tilstyrk Evrópusambandsins hefur skipulagt íslenskunámskeið fyrir skiptinema áður en háskólar hefjast á haustin. Alþjóðaskrifstofan gerði fyrir þremur árum samning við Háskólasetur Vestjarða um að halda þessi námskeið en þá var Háskólasetrið þegar byrjað að bjóða upp á sumarnámskeið í íslensku í ágúst. Hefur það haldið því áfram jafnframt námskeiðunum fyrir skiptinema.

Icelandic Online

Lengi hefur verið ljóst að erfitt yrði að bjóða upp á íslenskunámskeið fyrir alla þá háskólanema víða um lönd sem hafa áhuga á að nema málið, hvað þá sinna öðru áhugafólki um nám í íslensku. Með veraldarvefnum opnuðust möguleikar á að búa til kennslufni á netinu. Um aldamótin var hafist handa á vegum Hugvísindastofnunar Háskólans, heimspekideildar og Stofnunar Sigurðar Nordal í samstarfi við háskóla erlendis að gera vefkennslufnið *Icelandic Online*. *Icelandic Online 1* og *Icelandic Online 2* hafa verið í notkun í nokkur ár við mikla ánægju nema í

öllum heimsálfum. Eru nú um 16.000 skráðir notendur að *Icelandic Online* og heimsóknir á vefinn um 600 á dag. *Icelandic Online* er notað sem aðfararnám fyrir alla þá sem hefja nám í íslensku fyrir erlenda stúdenta við Háskóla Íslands, í íslenskum miðaldafræðum fyrir útlendinga og á íslenskunámskeiði við Háskólasetur Vestjarða. Þá er vefnámssefni notað sem ítarefni í háskólakennslu og sem fjarnámsefni en Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands býður upp á fjárnámskeið bæði á haustmisseri og vormisseri. Með vefnámskeiðinu *Icelandic Online* hefur verið unnt að sinna fjölmörgum íslenskunemum sem annars hefðu ekki átt þess kost að læra málið. Enda hefur vefnámskeiðið verið talið með bestu tungumálanámskeiðum á vefnum, sem völ er á, og hefur það sýnt sig að nemarnir læra vel grundvallatriði málsins með því að fara í gegnum það.

Þess vegna er nú unnið að því með nokkrum háskólastofnunum erlendis að búa til framhaldsnámskeið á vefnum, *Icelandic Online 3* og *Icelandic Online 4*. Þá er verið að vinna að aðfaranámi í íslensku á vefnum, *Icelandic Online Survival* (málbjörgum). Aðfaranámið ætti að hjálpa þeim sem vilja koma til Íslands og geta bjargað sér í daglegu amstri en einnig auðvelda þeim að hefja nám með aðstoð *Icelandic Online 1*. Ætti það sérstaklega að koma innflytjendum að gagni eða

þeim sem koma til Íslands til stuttrar dvalar vegna vinnu eða ferðalaga. Vonir standa til að þessi þrjú námskeið verði tilbúin til notkunar fyrir jafndægur á hausti 2010.

ISLEX

Í tengslum við vinnuna við *Icelandic Online* var *Íslensk-ensk orðabók* eftir Sverri Hólmarsson, Christopher Sanders og John Tucker endurskoðuð fyrir tilstuðlan háskólans í Wisconsin-Madison og sett á vefinn. Annaðist Christopher Sanders endurskoðunina. Er orðabókin eitt hjálpargagnið sem nemarnir á *Icelandic Online* námskeiðunum hafa aðgang að. Nú er unnið að mun stærri orðabókargrunni á orðfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Verður hann þýddur á skandinavísku málin, dönsku, norsku og sænsku. Er ekkert því til fyrirstöðu að hann verði síðar þýddur á fleiri tungumál ef fjármagn fæst til verksins. Íslensk-norræna veforðabókarverkefnið, ISLEX, er kynnt á öðrum stað hér í þessari *Skímu*.

Samstarfsnefnd um kennslu í Norðulandafræðum erlendis

Á vegum Norræna ráðherranefndarinnar hefur verið samstarf milli þeirra stofnana á Norðurlöndum, sem annast stuðning við kennslu erlendis í ríkismálunum fimm, síðan í lok áttunda áratugarins. Þessar stofnanir hafa m.a.

greitt að verulegu leyti fyrir kennslu í Norðurlandamálum við Háskóla Íslands í áratugi. Nefndin nýtur fjárhagslegs stuðnings frá Norrænu ráðherra-nefndinni til að efna til ráðstefna um kennslu Norðurlandamála og veita styrki til átaksverkefna sem kennarar í Norðurlandamálum utan heimalandanna vilja sérstaklega vinna að til að kynna Norðurlönd, tungumál, menningu og sögu. Nefndinni er einnig ætlað að vinna norrænum málum brautargengi í heiminum og kynna norræna samvinnu. Hefur nefndin sérstaka fjárveitingu til slíkra verkefna og hefur hún m.a. staðið fyrir málþingum í Japan, Kína og á Indlandi. Skrifstofa nefndarinnar er á alþjóðasviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Styrkir Snorra Sturlusonar

Í tilefni af 750. árstíð Snorra Sturlusonar, 23. september 1992, ákvað ríkisstjórn Íslands að efna til styrkja sem kenndir yrðu við nafn hans. Samkvæmt reglum um styrkina, sem gefnar voru út 1992, skulu þeir árlega boðnir erlendum rit höfundum, þýðendum og fræðimönnum til að dveljast á Íslandi í því skyni að kynnast sem best íslenskri tungu, menningu og mannlífi. Styrkimir skulu veittir í þrjá mánuði hið minnsta og miðast við greiðslu á ferðakostnaði styrkþega og dvalarkostnaði innanlands. Hafa alls 35 karlar og konur frá 19 löndum notið styrkjanna frá upphafi.

Styrkir Snorra Sturlusonar fyrir árið 2010 voru auglýstir í júlí sl. með umsóknarfresti til 1. nóvember. Fimmtíu og fimm umsóknir bárust frá 24 löndum. Þau sem hljóta styrki árið 2010, til þriggja mánaða hvert, eru: Claudia Di Sciacca, dósent í þýskri textafræði við háskólann í Udine á Ítalíu, til að vinna að rannsóknum á íslensku þýðingunni á *Elucidarius* eftir Honarius Augustodunensis; Imreh András, rithöfundur og þýðandi í Búdapest, til að kynna sér íslenska ljóðlist og þýða á ungversku og Marcel Otten,

beygingum um 270 þúsund íslenskra orða sem byggður hefur verið upp hjá SÁ.

Orðasambönd

Orðasambönd skipa veigamikinn þátt í orðabókarverkinu og eru nú þúsundir algengra orðasambanda í flettugreinunum. Dæmi um slík orðasambönd eru *herða upp hugann, vera gull af manni og hreyfa hvorki hönd né fót*. Meirihluti fastra orðasambanda er valinn með hliðsjón af *Stóru orðabókinni um íslenska málnotkun* (JPV forlag 2005) eftir Jón Hilmar Jónsson, og hefur höfundur séð um að velja orðasamböndin í ISLEX.

Myndefni

Í ISLEX-orðabókinni eru þúsundir mynda auk hreyfimynda. Myndunum er ætlað að skerpa merkingu orðanna, auk þess sem þær prýða orðabókina stórlega. M.a. er þar að finna myndir Jóns Baldurs Hlíðberg af fyrirbærum úr ríki náttúrunnar, einkum af plöntum, fiskum og fuglum.

Framburður

Framburður uppflöttiorðanna er sýndur með hljóddæmum en einnig er að finna önnur hljóð í verkinu, s.s. brak og ískur.

Þýðingar á dönsku, norsku og sænsku

Í ISLEX-orðabókinni eru þýðingar á dönsku, norsku (bæði nýnorsku og bókmáli) og sænsku. Þegar notandinn flettir upp orði í orðabókinni getur hann stillt á hvaða máli þýðingin birtist, jafnframt getur hann séð þýðingar á öllum málunum samtímis.

ISLEX-verkefnið er komið langt á veg og er búið að smíða notendaviðmót fyrir það. Stefnt er að því að fyrsta útgáfa af ISLEX-orðabókinni verði öllum opin á vefnum um mitt árið 2011.

Pórdís Úlfarsdóttir er aðalritstjóri verkefnisins og Halldóra Jónsdóttir er verkefnisstjóri.

þýðandi, Mountcharles Co. Donegal á Írlandi, til að þýða *Gerplu* á hollensku.

Að lokum

Íslenskukennsla fyrir útlendinga er tungumálinu til styrktar þar sem fleiri en þeir sem eiga íslensku að móðurmáli læra að beita því. Kennsla við erlenda háskóla er íslenskum fræðum til eflingar enda veitir hún fjölda fræðimanna aðstöðu til að stunda þessi fræði og birta niðurstöður sínar. Um leið fjölgar þeim ekki aðeins sem fræðin stunda heldur er þeim einnig sinnt frá ólíkum sjónarhólum sem gerir þau miklu frjórri en ella. Íslensk fræði verða þar með alþjóðleg. Við erlenda háskóla nema

einnig og hafa numið fjölmargir sem seinna á lífsleiðinni þýða íslenskar bókmenntir á erlend tungumál. Kennslan í íslensku erlendis hefur m.a. gert það kleift að efna til nýrra þýðinga á Íslendingasögnum á skandínávísku málin og þýsku. Þessar þýðingar verða væntanlega gefnar út á næsta ári.

1 *Íslenska til alls*. Tillögur íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu samþykktar á Alþingi 12. mars 2009. http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/islenska_til_all_2009-11-06.pdf

Höfundur er rannsóknarprófessor hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
ulfarb@hi.is



GÆTU NÁMSBÆKUR Í Íslensku

komið frá Noregi?

Umfjöllun um námsefni fyrir unglingastigið

Í tengslum við nýja námskrá árið 2006 gáfu norsk bókaforlög út kennslubækur fyrir unglingastig grunnskólanna í Noregi. Sem dæmi má nefna að forlagið Damm gaf út bókina *Nb! 8* eftir F. A. Asdal og H. Justdal og forlagið Samlaget gaf út *Neon 8* eftir J. Aske, S. Larsen, K. Rosslund og A. Stenberg. Ég kynnti mér bókina *Kontekst 8-10* sem forlagið Gyldendal gefur út.

Kontekst 8-10 virðist njóta mestra vinsælda eins og kemur fram í *Norskklæren* nr. 3, 2006, systurtímariti

Skímu í Noregi. Sú bók og útgáfa sem henni fylgir byggir á annarri nálgun á kennslu móðurmáls en við eigum að venjast. Grunnstefið í norsku námskránni 2007 er læsi og þykja *Kontekst*-bækurnar standa öðrum útgáfum fram- ar að fylga því eftir. Útgáfan sam- anstendur af nokkrum mismunandi þáttum sem eru þessir helstir.

Fryst er að nefna *Kontekst basisbok*, sem er grunnbók og fjallar í ellefu köfl- um um skriflega- og munnleg þjálfun tungumálsins. *Kontekst tekster 1* og 2 innihalda texta, sú fyrri er með eldri

texta fram til 1980 og seinni inniheldur texta frá 1980 til nútímans. Báðar textabækurnar eru ríkulega mynd- skreyttar ljósmyndum og málverkum. Þriðja bókin nefnist *Kontekst oppgaver*, þar eru mismunandi verkefni til viðbótar fyrir bæði grunnbók og textabækur. Fjórða bókin inniheldur málfræði- og stafsetningarverkefni.

Bókunum fylgir útgáfa sem styður við bækurnar. *Kontekst ressusperm* inniheldur kennluleiðbeiningar, tillögur að námáætlunum, efni til ljósritunar og glærur. Heimasiðan www.gyldendal.



no/kontekst inniheldur stuðningsefni, sbr. stutt myndbönd, gagnvirkar æfingar og efni til útprintunar. Allar bækur má fá á geisladiskum eða í mp³ formi.

Áherslan í grunnbók *Kontekst 8–10* er á námstækni og færni sem snýr að læsi. Fókusinn er settur á kennslu á ákveðnum grunnhugtökum sem snúa að ólíkri nálgun á tungumálakennslu. Mismunandi lestrartækni, ritunarfærni og framsagnaraðferðir fá ríkulega umfjöllun. Greinilegt er að samhliða því fá nemendur tækifæri til að vinna með hugtök á fjölbreyttan og skapandi hátt. Að þessu leyti er áherslan á málfræði og stafsetningu mun minni en við eigum að venjast, vægi ritunar, lesturs og framsagnar er mun meiri.

Námsáætlanir sem fylgja *Kontekst 8–10* miða við að hver námsþáttur sé kenndur í tveggja vikna lotum. Þannig virðist tiltölulega auðvelt að nýta sér bókina til grundvallar varðandi grunnþætti en auðvelt að leita út fyrir hana eftir öðru efni. Sem dæmi þá má velja ákveðna kjörbók sem þema. Með kjörbókinni væri svo hægt að velja sér efni úr grunnbók, t.d. efni sem tengist mismunandi ritun, ólíkum lestraraðferðum, fróðleik um sambærilegt efni frá sama höfundi eða í þeim anda sem

bókin er skrifuð og tengingu við málfræði og stafsetningu.

Einnig má hugsa sér að grunnbókin stýri ákveðnu þema, t.d. með mismunandi form texta eða ólíkum aðferðum í tjáningu. Þá er líka auðvelt að leita út fyrir bókina eftir efni sem hentar hverju sinni, sbr. ólíkar blaðagreinar, smásögur, ljóð, myndefni o.s.frv.

Grunnbók *Kontekst 8–10* nýtist sem uppflettirit. Ef nemandi vill fá leiðbeiningar um hvernig á að bera sig að til að flytja góða ræðu getur hann m.a. flett upp á kaflanum um framsögn. Vilji nemandi skrifa ritgerð eða ákveðna tegund af texta getur hann flett upp í nokkrum mismunandi köflum og fengið skýr dæmi um hvernig setja á upp texta og fengið leiðbeiningar um hvaða áhrif texti getur haft. Málfræði og skýringarnar með hverjum námsþætti í *Kontekst 8–10* er einfalt og auðskilið. Með hverju atriði eru líka áhugaverð verkefni. Þó svo að undirritaður hafi einungis kynnt sér textabækurnar, *Kontekst 8–10 tekster 1* og *2*, á netinu er auðséð að þar fylgir líka stór verkefnabanki.

Eins og eflaust sést á þessari hugleiðingu er undirritaður heillaður af norsku bókinni *Kontekst 8–10*. Hann fékk bókina að láni hjá Sigríði Wöhler,

ritstjóra hjá Námsgagnastofnun, um miðjan apríl. Eftir lestur 4. kafla, grunnbókar, sem heitir *Skriveprosessen – fra tanke, til tekst* fengu nemendur í unglingadeild Langholtsskóla að spreyta sig á nokkrum verkefnum. Óhætt er óhætt að segja að ritunarverkefni sem lögð voru fyrir féllu í kramið hjá nemendum. Sjaldan hef ég fengið eins jákvæð viðbrögð við útfærslu á efni og verkefni sem fylgdi.

Nú eru meira en sjö aldir síðan skáld komu færandi hendi til Noregskonunga með drápur frá Íslandi. Kannski ættum við að fá Norðmenn til að launa okkur skáldskapinn með því að fá kennslubókina *Kontekst 8–10* þýdda og staðfærða yfir á íslensku.

Heimildir:

Kathinka Blichfeldt, Tor Gunnar Heggem og Ellen Larsen. 2006. *Kontekst 8-10 Basisbok*. Gyldendal norsk forlag AS.

Briten Russdal-Hamre. 2006. *Smarte løsninger på utfordringene Kunnskapsløftet. Norskklæringen nr. 3* Sótt 3. maí 2010: http://web2.gyldendal.no/nyhetsbrev/grunnskole/kontekst/pdf/Utdrag_Kontekst.pdf

Höfundur er íslenskukennari við Langholtsskóla og formaður Samtaka móðurmálskennara. saemundurhe@langholtsskoli.is



Kristinn Jóhannesson lektor í Háskólanum í Gautaborg



1. Af hverju ákvaðst þú að verða íslenskukennari?

Ég tók kannski enga ákvörðun sjálfur. Ég hóf nám í íslenskum fræðum vegna áhuga á bókmenntum, sögu og máli. Hafði mestan áhuga á bókmenntum, þar næst á sögu en minnstan á málfræði. Kannski dreymdi mig helst um að starfa við bókaútgáfu. Hins vegar langaði mig að reyna flugfjaðrirnar og kynnast heiminum utan Íslands. Örlögin höguðu því svo til að mér bauðst starf við háskólann í Helsingfors strax að námi loknu og ég þáði það en flutti mig svo um set yfir til Gauta-borgarháskóla eftir þennan fyrsta og eina vetur í Helsingfors. Þá ákvörðun tók ég hins vegar sjálfur þar sem ég hafði mikinn áhuga á sænskum bókmenntum og menningu og hafði skrifað kandidateitritgerð um þýðingar Magnúsar Ásgeirssonar á kvæðum Gustafs Frödings.

Ævistarf mitt hefur því eins og margra annarra beinst í annan farveg en ætlað var í upphafi. En sú staðreynd að málfræðin var ekki mitt uppáhald hefur kannski gert mig að betri kennara í íslensku en ella. Ég skil sem sagt mjög vel erfiðleika þeirra útendinga sem eru að reyna að ná valdi á íslenskunni og ég held líka að ég hafi lært meira á fyrstu kennsluárum mínum erlendis en í háskólanáminu heima. Ég varð nefnilega æði oft að útskýra fyrir nemendum mínum ýmis þau atriði í íslensku sem mér þóttu sjálfgefin en nemendum mínum fundust undarleg út frá þeirra eigin málkerfi og menningu. Þær skýringar lágu ekki alltaf á lausu.

2. Hvað finnst þér jákvæðast við starf þitt?

Það er ákaflega skemmtilegt og mannþætandi að hjálpa öðrum. Að reyna að aðstoða fólk við að taka framförum á braut sem það hefur af einhverjum ástæðum valið sér. Nemendur mínir hafa að mestum hluta verið tiltölulega ungt en þroskað fólk, um títugt og þar yfir. Það er ánægjulegt að sjá dyrnar að íslenskunni opnast fyrir þessum nemendum. Jafnvel þótt næstum öll námskeið mín hafi verið málfræðinámsskeið hef ég ætíð reynt að miðla upplýsingum um íslenska menningu, sögu, bókmenntir og aðrar listir til

nemenda. Það hefur fallið í góðan jarðveg og er mjög skemmtilegur hluti kennslunnar.

3. Hverju vildir þú helst breyta í starfi þínu?

Samkvæmt sænsku háskólakerfi eru flest námskeið fimm vikur að lengd. Það er að vísu regla sem ég hef margbrotið og teygi fimm vikna námskeið yfir heila önn. Þetta þýðir hins vegar ekki að ég fái fleiri kennslutíma til umráða. Nám í framandi máli krefst hins vegar mikils tíma og mikillar vinnu bæði nemenda og kennara og ég hefði gjarnan viljað geta hitt nemendur mína miklu oftar. Erlendir nemendur í íslensku utan íslensks málsvæðis þurfa á mikilli og stöðugri hjálp að halda en þröngur fjárhagur háskólanna setur stól fyrir dyrnar. Þarna væri gott að fá meiri stuðning að heiman því stuðningur við þessa nemendur skilar sér á ýmsum sviðum í þágu Íslands.

4. Hvaða góð ráð átt þú handa öðrum íslenskukennurum?

Ég ætla mér ekki þá dul að fara að ráðleggja íslenskukennurum heima á Fróni eitt eða neitt þar sem ég hef aldrei starfað við að kenna íslenskum nemendum móðurmálið. Hins vegar vil ég ráðleggja þeim sem kenna íslensku erlendis að setja sig rækilega inn í menningu þeirra landa sem þeir starfa í. Þetta á auðvitað við um alla kennslu í framandi málum. Jafnvel bestu kennslugögn reynast gölluð og kannski ónothæf ef þau taka ekki mið af málsvæði og menningararfi nemandans. Kennarinn er besta hjálpargagn nemandans og hann á alla tíð að geta verið sveigjanlegur og breytt kennslu sinni í átt við þarfir nemenda. Með þeim hætti nær hann bestum árangri og uppsker mesta gleði í starfinu.

Málfarshornið

VETURLIÐI G. ÓSKARSSON



2. ÞÁTTUR

Góða frænkan danska

Í nálega sex aldir voru sterk tengsl á milli Íslands og Danmerkur sem héldust áfram þrátt fyrir formleg sambandsslit 1944. Danska er hvergi annars staðar í heiminum utan danska konungsríkisins skyldufag í skólakerfinu. Íslenskar húsmæður lásu *Familie Journal* og á níunda áratug 20. aldar auglýstu bókabúðir enn „ný dönsk blöð“. Fram yfir 1980 lásu öll íslensk börn um Andrés önd á dönsku. Sumir í andafjölskyldunni og vinnuhópi hennar gengu undir dönskum nöfnum en aðrir fengu nöfnin sín íslenskuð: *Jóakim von And*, *Fættur Højben*, *Ripp*, *Rapp* og *Rupp*, *Andrésína*, *Fetmúli*, *Plútó*. Kaupmannahöfn var lengi gluggi Íslendinga að umheiminum og allt fram undir síðustu aldamót gátu íslenskir námsmenn í Danmörku nýtt sér skattaívilnanir sem giltu fyrir íbúa Færeyja, Grænlands og Íslands – ef þeim var bent á það.

Málfræðingar og aðrir sem rannsaka gagnkvæm áhrif milli mála og menningarsvæða undrast stundum hversu dönsk áhrif urðu tiltölulega takmörkuð hér ef borið er saman við áhrif ýmissa menningarþjóða á nýlendur sínar og aflönd. Íslensk menning naut þess að landið lá langt frá herraþjóðinni sem krafðist þess ekki að tunga hennar yrði tekin upp eins og gerðist á Írlandi undir stjórn Englendinga.

Lengi var barist gegn dönskum áhrifum á íslenskt mál og enn heyrast raddir sem kvarta yfir dönskuslettum þó að algengara sé nú um stundir að enskum áhrifum sé mótmælt. Þeir sem gengu í skóla á seinni hluta tuttugustu aldar muna sumir hverjir eftir orðum og orðasamböndum eins og *gamaldags*, *nú til dags* og *til að byrja með* – þetta voru taldar hinar verstu slettur og eru kannski enn settar í þann flokk hjá sumum þeirra sem ólust upp við þann rauða penna og muna svo langt. Orðabækur hjálpuðu notendum – með skýrum spurningarmerkjum á undan orðum – að muna að *aflslappaður* var sá sem hefur slakað á taugum eða á vöðvum, *barti* var vangaskegg við eyru, *bóhem* var léttúðarmaður eða lausingi, *dúkka* var brúða, *edru* maður var ódrukkinn eða allsgáður, *flottur* var finn, viðhafnarmikill eða stásslægur, *mattur* var sama og gljáalaus, *messi* var matsalur skipverja, *rekki* var rimlahilla, *skaffa* var að útvega, *skrall* var ómerkileg skemmtun, *vesen* var vafstur eða snúningar, *viskustykki* var bollapurrika eða diskapurrika og *yfirhalning* var lúskrun, refsing eða ádrepa. Meira að segja það íslenskasta af öllu íslensku, að *redda*, var að „bjarga einhverju við“, ef átti að orða það á tækri íslensku.

Margt hefur breyst og nýjasta útgáfa *Íslenskrar orðabókar* frá 2002 hefur sæst á mörg þessi orð og merkir þau ekki lengur

með spurningarmerki. Andstaðan gegn dönskum orðum og áhrifum átti sér sínar skýringar. Dönsk áhrif á tungumálið voru notuð í táknrænum tilgangi í sjálfstæðisbaráttu 19. aldar og langt fram eftir 20. öld og sú táknræna krafa var gerð að málið skyldi hreinsað af erlendum áhrifum og fært aftur í sömu skorður og það var í á gullöld Íslands, þjóðveldisöld. Tókst það? Já, að nokkru leyti en alls ekki alveg. Við ættum sennilega talsvert erfitt ef við þyrftum að fara að tjá okkur án þess að nota nein tökuorð úr dönsku. Til dæmis er matarmenning okkar enn þann dag í dag mjög dönsk og mörg orð sem tengjast matreiðslu eru tekin beint úr „Det flade lands bløde klistersprog“ eins og dönsk fræðikona kallaði sitt elskaða móðurmál eitt sin í samtali við þann sem þetta skrifar.

Eitt þeirra orða sem okkur þykir flestum vænt um og sem ýmist minnir okkur á hlýlegar ömmur bernskunnar, hippa-öngur vinkonur og kærustur frá liðinni öld eða aðgerðasinnaðar stúlkur (jafnvel dætur) í nútím-anum af þeirri yndislegu *krúttkynslóð* sem ber í sér hið sprengifima danska orð *krudt*, 'eldfimt sprengiefni, byssupúður', er orðið *sjal*. Um það skrifaði málfræðingurinn Bjarni Vilhjálmsson í tímaritið *Syrpa*, 3. tölublað, árið 1947 (bls. 91):

Það hefur unnið hér þegnrett, enda mun nú um seinan að búa til orð af innlendum stofni um þá flík, þar sem hún virðist vera búin að lifa sitt fegursta. Einnig ber þess að gæta, að mikið skarð yrði höggvið í orðaforða þann í málinu, er lýtur að klæðabúnaði, ef brottræk ætti að gera öll þau orð, er við höfum þegið úr erlendum málum á því sviði. Ætli við megum við því að missa orð eins og *buxur*, *vesti*, *jakki*, *frakki*, *hempa*, *pils*, *pell*, *purpuri*, *skarlat* o.fl.

Það er bæði notalegt og lærdómsríkt að lesa þessi vísu orð gamals málræktar- og málvöndunarmanns. Hann hafði þá víðsýni að skilja að erlend orð, tökuorð (sem á bernskuskeiði sínu eru gjarnan kölluð *slettur*), auðga tungumálið á sama hátt og nýjungar í matreiðslu, tónlist og öðrum listum auðga menninguna, sem og erlent fólk sem kærir sig um að setjast hér að auðgar íslenskt mannlíf.



Helga Ágústsdóttir
og
Helga Dís Sigurðardóttir



NORRÆN SÝN Á *barnabókmenntir*

Leiklistaræfingar, skemmtilegir fyrirlestrar, spennandi bókakynningar og umræður um dauða og kvíða, gæsir og húmor, myndskreytingar og boðskap í barnabókmenntum setti m.a. svip sinn á námskeið í barnabókmenntum við Háskólann í Malmö sem fjórir nemendur Menntavísindasviðs HÍ sóttu ásamt leiðbeinanda sínum á haustmíssi 2009.

Háskólinn í Malmö, í tengslum við ICE-net (Internordic Cooperation within Education), stóð fyrir námskeiði í barnabókmenntum í góubyrjun síðastliðinn og bar það yfirskriftina *Children's literature from a Nordic perspective*. Þátttakendur komu frá Norðurlöndunum og Grænlandi auk þess sem námskeiðið var samofið alþjóðlegu námskeiði í

barnabókmenntum innan háskólans, *Children's literature from a Global perspective*, og komu nemendur því einnig þaðan.

Spennandi viðfangsefni

Námskeiðið var yfirgripsmikið og hver dagur var nýttur í þau enda voru kennarar margir og viðfangsefnin ólík. Greina mátti tvo rauða þræði hvað nálgun kennara á viðfangsefni sín varðar. Annars vegar rýndu kennarar í barnabækurnar með það fyrir augum að rannsaka hvers konar skilaboð væri að finna í þeim og hvernig hinir ýmsu hlutir, staðir og persónur birtust í barnabókum. Að auki vörpuðu þeir fram spurningum um lesandann og hvernig

FERÐASAGA

Á haustmánuðum 2009 bauðst nemendum Menntavísindasviðs HÍ að sækja um á námskeið í barnabókmenntum við Háskólann í Malmö. Svo fór að úr hópi nær 40 áhugasamra nemenda voru fjórir valdir til fararinnar, þ.e. Helga Ágústsdóttir myndskreytir, Kristín Ingibjörg Mar leikskólakennari og Henning Emil Magnússon grunnskólakennari auk Helgu Dísar Sigurðardóttur, matsfræðings sem stundar kennsluréttindanám. Leiðbeinandi hópsins var Þórdís Þórðardóttir, leikskólakennari og doktorsnemi.

Hópurinn undirbjó sig vel fyrir námskeiðið og hittist fyrst í byrjun janúar og hóf að glugga í námsefni og upplýsingar um námskeiðið. Eftir mikinn undirbúning var flogið til Kaupmannahafnar en þaðan var farið með lest yfir til Malmö. Námskeiðið stóð yfir í fimm viðburðaríka daga í glæsilegum húsakynnum Háskólans í Malmö. Drjúgum hluta fyrsta dagsins var varið í leiklistarkennslu sem gegndi því tvöfalda hlutverki að hrista hópinn saman og að sýna fram á fjölbreytta möguleika í notkun leiklistar í tengslum við kennslu barnabókmennta. Kennslan fór annars fram í formi fjölbreyttra fyrirlestra, hópverkefna og kynninga nemenda á barnabókahöfundum frá heimalöndum sínum. Tvisvar var boðið upp á kvöldbíó þar sem sýndar voru sænskar

kvikmyndir fyrir börn og unglina og tvisvar var alþjóðlegu þátttakendunum boðið út að borða.

Íslenska hópnun til nokkurrar hrellingar kom í ljós að hið mikla og yfirgripsmikla lesefni, sem mikið hafði verið haft fyrir að koma höndum yfir og lesa áður en námskeiðið hófst, var ekki skyldulesefni fyrir þann hluta námskeiðsins sem opinn var alþjóðlegum þátttakendum. Íslensku þátttakendumir voru því mjög vel undirbúinir.

Eftir fimm skemmtilega daga, sem óhætt er að segja að hafi varpað algerlega nýju ljósi á víddir barnabókmennta, var komið að kveðjustundinni. Nemendur skiptust á netföngum og loforðum um farsæl framtíðarsamskipti á Facebook og öðrum netmiðlum. Vegna niðurfellingar flugs þurftu Íslendingarnir að bíða fram á sunnudagskvöld til að komast heim en ekki reyndist erfitt að fullnýta tímann í verslunarleiðangur og menningarviðburði. Það voru því hæstánægðir fulltrúar lands og þjóðar sem komu heim skömmu fyrir miðnætti sunnudaginn 7. mars, innblásnir af fróðleik og skemmtun liðinnar viku.

Þátttakendur á námskeiðinu í Malmö.

hann væri í stakk búinn til að takast á við efni bókarinnar. Hins vegar var lögð áhersla á kennslu og lestraráhuga; hvernig hægt er að kenna ólíkar tegundir bókmennta á skemmtilegan hátt og halda ungum lesendum við efnið.


Hluti námskeiðsins fólst í kynningu þátttakenda á barnabókahöfundum frá heimalandi sínu. Nemendur mættu með veggspjöld og sýnishorn af bókum eða verkum höfunda og héldu örstutta tölu um rithöfundinn og verk hans. Guðrún Helgadóttir, Áslaug Jónsdóttir, Sigrún Eldjárn og Kristín Helga Gunnarsdóttir urðu fyrir valinu hjá íslensku þátttakendum og vakti Áslaug Jónsdóttir sérstaka hrifningu meðal Svíanna fyrir bókina *Ég vil fisk*. Örkynningarnar voru margar hverjar mjög vel unnar og langflestir kynntust spennandi rithöfundum sem þeir höfðu aldrei heyrt minnst á áður.

Fyrirlestrar um leiklist, viðsýni, samfélagsrými og landslag

Mikael Björk stýrði vinnu með leikræna myndlýsingu barnabóka. Hann kynnti kennsluáðferðir sem eru til þess fallnar að veita nemendum innsýn í barnabókmenntir. Það var sérlega áhugavert að rýna í ævintýrin í ljósi leiklistarinnar og velta fyrir sér staðalmyndum um hetjur og illmenn. Ein kennsluáðferðanna fólst í réttarhöldum yfir öllum aðalsöguhetjum tiltekins ævintýris. Hver hópur nemenda fékk það hlutverk að verja sína sögupersónu og

BÓKAKYNNING

Idiot! er myndabók sem segir sögu þroska-hamlaðs drengs sem elst upp hjá móður sinni. Sagan er sögð út frá hugarheimi og sjónarhorni drengsins og er mjög átakanleg. Hann er sífellt uppnefndur fáviti en leggur enga merkingu í orðið. Bókin endar hræðilega, móðirin sér fram á dauða sinn og að enginn muni geta annast litla drenginn hennar svo hún sér til þess að hann fylgi henni yfir móðuna miklu. Myndskreytingar eru kraftmiklar og fullar af húmor. Þær gefa sögunni sérstakan tón og fyrir bragðið verður hún mun bjartari en ella.



Garmann's Summer fjallar fyrst og fremst um ótta. Hinn sex ára Garmann fær þrjár aldraðar frænkur í heimsókn í sumarlok. Honum finnst þær minnka með hverju árinu og hann hefur áhyggjur af því að þær muni ekki sjá upp úr grasinu einhvern næstu daga. Þegar ein þeirra segist þurfa göngugrind býður hann henni hjólabrettið sitt. Garmann hefur áhyggjur af því að hafa ekki enn misst fyrstu tónnina og að bráðum byrji hann í skóla. Hann spyr fólkið í kringum sig við hvað það sé hrætt og veltir óttanum fyrir sér á barnlegan hátt. Í bókinni er mjög einlæg umfjöllun um áleitna hluti á borð við kvíða, breytingar og dauðann. Myndskreytingar eru samsettar úr ljósmyndum og teikningum og gefa bókinni litríkan og ævintýrlegan blæ.



mátti setja á svið myndefni úr eftirlitsmyndavélum. Ævintýrið var krufið niður í smæstu öreindir og nemendur bættu við það eftir því sem hentaði málf lutningi hverrar sögu-persónu.

Danski bókmenntafræðingurinn *Nine Christensen* hélt fyrirlestur um víðsýni í barnabókmenntum 17. og 18. aldar og tengdi umfjöllunarefni gamalla barnabóka við nýútkomnar barnabækur á Norðurlöndunum. Hún varpaði fram spurningum um hlutverk barnabókmennta og hversu langt væri hægt að seilast í umfjöllunarefni í bókum ætluðum börnum. Hún tók dæmi um tvær bækur, *Idiot!* eftir Oscar K. og Dorte Karrebæks og *Garmann's sommer* eftir Stian Holme. Þátttakendur voru flestir sammála um að það mætti fjalla um hvað sem væri, svo lengi sem börnin væru ekki rænd allri von og bjartsýni. Sum viðfangsefni væru vand-meðfarin en fullorðnir mættu þó ekki falla í gryfju ritskoðunar. Efni fyrirlestursins rímaði vel við fyrirlestur Þórdísar Þórðardóttur. Niðurstöður rannsóknar hennar á menningar-læsi leikskólabarna benda til að leikskólabörn skilji sögurnar miklu betur en fullorðnir vilja trúá. Það sýnir mikilvægi þess fyrir leikskólabörn að hafa aðgang að vönduðum barna-bókum. Fagfólk og foreldrar verða að standa undir þeim kröfum með því að skoða barnabækur með gagnrýnum huga.

Hin finnska *Jaana Johanna Pesonen* hélt mjög athyglis-verðan fyrirlestur um samfélagsrýni í gegnum barnabók-menntir. Hún rýndi í birtingarmyndir fjölmennningar í finnskum barnabókum fyrr og nú og lagði mikla áherslu á að kennarar og uppalendur væru vakandi fyrir birtingarmyndum fordóma

í barnabókmenntum og benti á að stundum væru fordómarnir svo fastgrónir í menninguna og samfélagið að erfitt væri að koma auga á þá.

Björn Sundmark ræddi um birtingarmyndir Skánar í *Nilla sögu Hólmgeirssonar* eftir Selmu Lagerlöf. *Nilla saga Hólm-geirssonar* var upphaflega samin sem kennslubók í landa-fræði Svíþjóðar. Í bókinni ferðast aðalsöguhetjan yfir Svíþjóð á baki gæsar og heimsækir merkilega staði. Hann sér Svíþjóð úr lofti og horfir því á landið eins og það birtist á landakorti. Bókin var samin árið 1906 og það er áhugavert að rýna í landslag Svíþjóðar eins og Lagerlöf lýsti því fyrir rúmum hundrað árum.

Að lokum

Aðrir kennarar námskeiðsins voru Primrose Duvander, Görel Reimer, Kirsti-Nina Frönæs og Susan Kjær. Hvert þeirra var með áhugaverðan fyrirlestur eða innlegg í umræðuna um norrænar barnabókmenntir. Í lok vikunnar unnu þátttakendur að kennsluverkefnum í blönduðum hópum og kynntu afraksturinn fyrir samnemendum sínum. Nemendur sneru síðan til síns heima með höfuðið sneisafullt af spennandi hugmyndum um barnabækur, barnabókmenntir og hvernig nýta má þær í kennslu.

Höfundar eru kennaranemar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

*Helga Ágústsdóttir hea11@hi.is
Helga Dís Sigurðardóttir hds2@hi.is*

LAUGARDAGUR TIL LUKKU

Í *Ísafold*, 38. tbl., 11. maí 1892, bls. 150, er grein sem heitir „Þjóðarfylgjur“. Þar segir (og þulan er hér feitletuð):

Þá er hjátrúin ekki síður rík í hinum alkunnu veðurspám hjer á landi; hafa fjöldamargir sterkan átrúnað á, hverju viðrar á vissum dögum, svo sem á Pálmessu, kyndilmessu, öskudaginn o. s. frv., en einkum eru það imbruvikurnar, sem allt er undir komið! Vikudagarnir eru mishappasælir; kveður svo rammt að því, að sumir menn þora ekki að ráðast í einstaka athafnir nema á vissum dögum; **mánudagur er til mæðu, þriðjudagur til þrautar, miðvikudagur til moldar, fimmtudagur til frama, föstudagur til fjár, laugardagur til lukku;** fyrir þessa skuld þykir það óheillaefni að giptast á mánudegi eða þriðjudegi, en heillavænlegt að giptast á föstudegi eða laugardegi; enda má það heita föst regla til sveita, að menn giptist á þeim dögum.



Mýnd: flickr.com.

Heimsókn í bókasafn Norræna hússins

Bókasafn Norræna hússins er hið eina sinnar tegundar á landinu, miðstöð norrænna bókmennta á dönsku, færeysku, grænlenzku, samísku, norsku, finnsku og sænsku. Safnið hóf starfsemi árið 1969 í Norræna húsinu sem er hannað af hinum heimsþekktu finnska arkitekt Alvar Aalto. Í safninu eru til útlána norrænar skáldsögur og fræðibækur fyrir börn og fullorðna, tímarit, dagblöð, hljóðbækur, tónlist, kvikmyndir og nótur auk grafíkmynda eftir norræna listamenn. Barnadeild safnsins er í kjallara og gengur undir heitinu Barnahellir í daglegu tali. Safnkostur er skráður í bókasafnskerfið *Mikromarc*, sem hægt er að leita í á heimasíðunni www.nordice.is/bokasafn.

Bókasafn Norræna hússins býður sérstaklega velkomin í heimsókn börn og unglina á leik- og grunnskólaaldri, foreldra þeirra og kennara. Tekið er á móti börnunum í „Hellinum“ í kjallara hússins þar sem barnabækur á Norðurlandamálunum er að finna en unglingsbækur og myndasögur eru í útlánasal.

Leikskólar og grunnskólar á Íslandi fá ókeypis bókasafnskort og útlánatími safnefnis er einn mánuður í senn nema á DVD-myndum sem eru lánaðar í eina viku í einu. Eldri dagblöð og tímarit hafa verið gefin í leikskóla og grunnskóla til notkunar þar. Dagblaða- og tímaritsgreinar geta nýst vel í kennslu fyrir nemendur. Slíkur lestur skapar tilbreytingu, eykur orðaforða og fræðir um það sem efst er á baugi á líðandi stundu í hverju landi.

Bókasafnið kaupir nokkur tímarit ætluð börnum og unglimum s.s. *Kamratposten*, sænskt tímarit fyrir börn með fjölbreyttu efni, *Vi unge*, vinsælt danskt unglingsblað, *Julia*, stelpnablað á sænsku, *Frida*, unglingsblað á sænsku, *Illustrerad vetenskap* og *PC för alla*. Fyrir kennara í leik- og grunnskólum eru vönduð tímarit eins og *Förskolan*, *Sproglærere*, *Språkbruk*, *Språknytt* og *Utdanning* og fyrir foreldra er *Vi föräldrar*. Til að panta tíma fyrir heimsóknir eða fá eldri blöð eða tímarit gefins í skólastarfið er hægt að hafa samband við bókasafnsfræðinga í síma 551 7090 eða senda tölvupóst til nordlib@nordice.is

Bókasafn Norræna hússins leggur áherslu á barnastarf og barnamenningu og tekur þátt í Mýrinni sem er alþjóðleg barna- og unglingsbókmenntahátíð. Þema hátíðarinnar í apríl 2010 var myndskreyttar bækur fyrir börn og unglina og tengsl texta og mynda í barna- og unglingsbókmenntum. Í sumar býður Norræna húsið börnum og unglimum í heimsókn í Tilraunalandið sem sýnir náttúruvísindin í nýju samhengi á skemmtilegan og fjörugan hátt með áherslu á gagnvirkni og upplifun allra skilningavita. Þar er að finna vatnatilraunir og margar aðrar spennandi tilraunir og tæki. Gestir eru beðnir um að skrá sig í Tilraunalandið á netfangið nh@nordice.is, í síma 551 7030 eða að bóka tíma á heimasíðu Norræna hússins til að tryggja að tilraunirnar og tækin séu laus þegar komið er á staðinn.

*Verið velkomin í heimsókn í bókasafn Norræna hússins.
Margrét I. Ásgeirsdóttir og Pia Viinikka*



Nemendavæn bókmenntasaga

Um fjöllum um Bókmenntir í nýju landi

Bókmenntir í nýju landi – Íslensk bókmenntasaga frá landnámi til siðaskipta eftir Ármann Jakobsson kom út árið 2009. Bókin er 134 síður, prentuð í lit. Útgáfan Bjartur í Reykjavík gaf bókina út.

Í formála skrifar höfundur að bókin sé ætluð til kennslu í framhaldsskólum til stuðnings lestri miðaldarita á borð við Íslendingasögur, eddukvæði og Snorra-Eddu. Hann gerir líka grein fyrir meginmarkmiði bókarinnar, þ.e. að glæða skilning lesenda á íslenskum miðaldabókmenntum en þar er vissulega um auðugan garð að gresja. Þá kveðst hann kosta kapps um að bókin sé litrík og heillandi eins og miðaldabókmenntirnar sjálfar og þess vegna hafi mikil áhersla verið lögð á útlit og myndefni.

Ármann Jakobsson tileinkar þessa bók nemendum sínum við Menntaskólann í Reykjavík 2002–2008 og þess sér víða stað að hann býr að góðri reynslu við að miðla ungu fólki íslenskum fornabókmenntum eða miðaldabókmenntum eins og hann kys að kalla þær. Hann nær greinilega því markmiði sínu að bókin sé litrík og heillandi því að hún iðar af lífi, ekki bara hið ytra heldur eru efnistösk einkar lipur og laus við tildur og viðhafnarbrag sem stundum einkenna skrif um íslenskan bókmenntaarf. Nemendur mínir við Verzlunarskóla Íslands, sem fengu forsmeikinn af *Bókmenntum í nýju landi*, höfðu orð á því hversu aðlaðandi bókin væri og málfar og öll framsetning aðgengileg. Þar er einnig þungt á metum hversu lagið höfundur er að tengja bókmenntaarfinn nýsköpun á sviði skáldsagna og kvikmyndagerðar sem átt hefur sér stað á síðustu árum.

Að þessu leyti þótti mér mikill fengur að *Bókmenntum í nýju landi* í áfanganum íslenska 303 og tilraunir til að nýta hana til verkefnavinnu gáfust allvel, einkum kaflarnir um eddukvæði og dróttkvæði. Þar skýrir höfundur skilmerkilega frá upphafi og þróun þessara kveðskapargreina sem bárust hingað með landnámsmönnum og urðu síðan íslenskar ef svo má að orði kveða því að það kom í okkar hlut að varðveita þær og ávaxta. Misvel hefur mér gengið hingað til að glæða áhuga nemenda á þessum fræðum en í framsetningu Ármanns urðu þau bæði ljós og áhugaverð svo að nemendur unnu verkefni sín og fluttu með ánægju.

Samkvæmt eðli málsins er bókmenntasaga einkum stuðningsrit við þær bókmenntir sem lesnar eru hverju sinni og fyrir vikið hef ég þurft að sleppa ýmsum áhugaverðum köflum, til dæmis því sem segir um upphaf ritmennta, menntun á Íslandi á 11. og 12. öld, skólasetur, bókagerð, þýðingar erlendra helgisagna og konungasögur, svo að

nokkuð sé nefnt en eins og höfundur bendir svo skemmtilega á hefst íslensk sagnaritun á þýðingum úr latínu. Í þessum köflum koma glöggt fram þau nánú tengsl sem íslenskar bókmenntir höfðu við evrópskar menntir og menningu og hversu mjög íslensk sagnaritun í árdaga styðst við erlendar fyrirmyndir.

Um Íslendingasögur segir Ármann Jakobsson að þær megi vel kallast íslensk nýjung því þær eigi sér engar beinar fyrirmyndir. Mikið rétt og þess vegna skiptir máli að bókmenntasaga geri góða grein fyrir tilurð slíkrar nýsköpunar sem hefur markað okkur nokkurn sess sem bókmenntaþjóðar. Gagnrýni okkar Verzlunarskólakennara lýtur hins vegar að því hvernig um þessa bókmenntagrein er fjallað í svo vönduðu riti. Þar er litlum getum að því leitt hvort sögurnar hafi spröttið upp af munnmælum eða hvort þær styðjist við



Fyrsta uppnefnið

Samkvæmt miðaldafrásögnum um landnámið er íslensk orðlist eldri en sjálft landnám Íslands.

Þó að ritöld væri ekki hafin þegar landnám hófst kunnu ýmsir landnámsmenn að orða hugsanir sínar skáldlega. Meðal fylgdarmanna Hrafna-Flóka var Þórólfur nokkur sem var öllu jákvæðari í garð hins nýfundna lands en húsbóndinn. Þegar Flóki hallmælti Íslandi sagði Þórólfur að þar drypi smjör af hverju strá. Er það óneitanlega skáldleg lýsing og Þórólfur má þess vegna vel heita fyrsta skáldið sem steig fæti á Ísland. Ekki var þessari fallegu lýsingu hins vegar betur tekið en svo að Þórólfur var síðan kallaður „Þórólfur smjör“. En af þessu má ráða að uppnefni eru líka gömul hefð, jafn gömul og byggð á Íslandi.

aðrar heimildir. Ekki er heldur fjallað um formgerð sagnanna sem ýmsir fræðimenn hafa velt fyrir sér en reynsla okkar er sú að slíkar vangaveltur vekja almennt áhuga nemenda. Kaflinn um bíræfin börn í Íslendingasögum er að vísu skemmtilegur sem og ýmsir fróðleiksmolar um helstu persónur sagnanna en fræðilegur kaflinn um stíl Íslendingasagnanna stingur í stúf við aðra framsetningu og helsta

skrautfjöldur íslenskra bókmennta hefði að mínu mati verðskuldað markvissari umfjöllum.

Niðurstaðan er sú að ritið *Bókmenntir í nýju landi* sé ýmsum kostum búið, einkum hvað varðar málfar, framsetningu og myndefni og sé um margt nemendavænt ef svo má að orði komast. Hins vegar falli ritið ekki nægilega að áfanganum íslenska 303 sem er í áfangalýsingu langflesttra íslenskra framhaldsskóla. Þar skortir á stuðning við lestur Íslendingasagna sem er að mati höfundar eitt af meginmarkmiðum verksins.

Guðrún Egilsson
gudrun@verslo.is

RITFRÉTTIR

Námshagnastofnun

Leikur að íslenskum orðum

Vefur í íslenski og enski útgáfu (*Play with English*). Hann er ætlaður til málörvunar í íslensku, fyrir nemendur með hægan málproska og ekki síður nemendur sem eru með annað móðurmál en íslensku. Enska útgáfan hentar til enskukennslu á yngsta stigi. Vefirnir nýfast einnig byrjendum í ensku og íslensku á miðstigi. Markmiðið er fyrst og fremst að kenna nemendum algeng orð, ritun þeirra, lestur og framburð.

Náðu tökum á náminu

Lítið hver fyrir nemendur í námstækni. Kíktu í bókina, þar finnur þú ýmis svör. Bókin er í litlu broti (12x18 cm).



Viltu bæta námsárangur þinn?
Parftu að skipuleggja tímann betur?
Viltu endurskoða lífsvenjur þínar?
Viltu ná betri einbeitingu?
Viltu setja þér skýr markmið?
Parftu að vinna gegn prófkvíða?

Ritrún 1, 2 og 3

Nýjar Ritrunarbækur leysa af hólmi bækurnar *Pínulítla Ritrun*, *Litla Ritrun* og *Ritrun*. Höfundar, Þóra Kristinsdóttir og



Kolbrún Sigurðardóttir, hafa endurskoðað bækurnar og bætt við þær mörgum nýjum verk-efnum.

Ritrún 1. Bókin er ætluð nemendum sem eru orðnir allvel stautandi í lestri og á því stigi í ritun að vilja skrifa en ráða ekki við stafsetningu að neinu ráði.




Ritrún 2. Í þessari bók er miðað við að börn séu farin að lesa sér til skilnings. Verkefni eru m.a. ætluð til að auka orðaforða þeirra, styrkja málkennd og kynna þeim grunnatriði í málfræði og ritun.



Ritrún 3. Í þriðju bókinni eru viðfangsefni miðuð við nemendur sem hafa náð nokkrum tökum á ritun og lestri. Í bókinni kynnast þeir grunnatriðum í málfræði, greinarmerkjum og nokkrum stafsetningarreglum.

Putalestin

Ný smábók í öðrum þyngdarflokki samkvæmt röðun Námshagnastofnunar á lestrarbókum. Smábækurnar eru einkum ætlaðar börnum sem eru að læra að lesa. *Putalestin* er bók um litla lest sem ekur um borgina Vasa í Finnlandi. Hún heimsækir staði sem krökkum finnst gaman að koma til. *Putalestin* er handa börnum sem eru að æfa lestur og uppgötva heiminn. Bókin er væntanleg um miðjan maí.



Sófus og svínið

Ný smábók í fimmta þyngdarflokki samkvæmt röðun Námshagnastofnunar á lestrarbókum. Smábækurnar eru einkum ætlaðar börnum sem eru að læra að lesa. Í afar skýrtnu húsi í Rósarými bjó maður sem hét Sófus. Hann var mjög flinkur listmálari og verk hans voru þekkt víða. Þeir sem sáu þau ýmist hlógu eða grétu af gleði yfir því hvað þau voru falleg. Allir vildu eiga mynd eftir Sófus í Rósarými.



Heimir – handbók um heimildaritun

Væntanleg fyrir haustið er bókinn *Heimir – handbók um heimildaritun*. Hún er ætluð þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í fræðaskrifum eða heimildaritun. Í bókinni er farið yfir helstu þætti heimildaritunar, allt frá efnisvali til útprentunar. Höfundur er Svanhildur Kr. Sverrisdóttir.



Forlagið

Köttur út í mýri

Ævintýrabókin *Köttur út í mýri* geymir 22 íslensk ævintýri úr safni Jóns Árnasonar í endursögn Silju Aðalsteinsdóttur og með myndum eftir Halldór Baldursson. Í bókina valdi Silja bæði þekkt ævintýri á borð við Búköllu, söguna af kerlingu sem vildi hafa nokkuð fyrir snúð sinn og ævintýrið um Hlína kóngsson, en einnig minna þekkt ævintýri sem sjaldan hafa ratað á bók. *Köttur út í mýri* opnar heim íslenskra ævintýra fyrir börnum á öllum aldri og býður upp á margs konar nálgun og úrvinnslu. Bókin er rúmlega 200 síður í stóru broti, þar af eru fjölmargar myndasíður í lit.




Pvílík vika

Unglingasagan *Pvílík vika* hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin 2009. Þetta er kraftmikil og innihaldsrík saga úr samtímanum sem gerist á einni viku í byrjun júní. Þrír vinir eru að ljúka grunnskóla og ætla að fagna því rækilega. En margt getur breyst á einni viku og ýmislegt fer öðruvísi en þeir höfðu ætlað. Höfundur bókarinnar, Guðmundur Brynjólfsson, er bókmennta- og leikhúsfraeðingur að mennt. Hann hefur skrifað leikrit og smásögur en *Pvílík vika* er fyrsta bók hans. Bókin er auðlæsileg og stutt og hentar því vel fyrir nemendur sem ekki ráða við langan og flókinn texta.



Maxímús músíkús trítlar í tónlistarskólann

Fyrsta bókinn um tónlistarmúsina Maxímús Músíkús sló í gegn fyrir tveimur árum og nú snýr músinn aftur í nýrri og bráð-



RITFRÉTTIR

skemmtilegri bók eftir Hallfríði Ólafsdóttur og Þórarín Má Baldursson. Að þessu sinni lendir Maximús í ævispennandi ævintýri innan veggja tónlistarskóla um leið og hann kemst að því að börn geta líka spilað á hljóðfæri. Allt endar á stórum tónleikum í tónlistarhúsinu sem fylgja með á geisladiski. Þar leikur Sinfóníuhljómsveit Íslands úrval sigildra tónverka með ungum einleikurum og hópum tónlistar-nema. Á disknum er sagan einnig flutt með skemmtilegum leikhljóðum. Höfundarnir eru hljóðfæraleikarar í Sinfóníuhljómsveit Íslands.



Tvær nýjar Tungutaksbækur

Tungutak – félagsleg málvísindi og *Tungutak – Hljóðfræði og hljóðkerfisfræði* eru nýjar bækur í námsefnisflokknum Tungutaki. Áður hafa komið út *Beygingarfræði*, *Málsaga*, *Ritun* og *Setningafræði*. Höfundar nýjustu bókanna tveggja eru Ásdís Arnalds og Sólveig Einarsdóttir, kennarar við Kvinnaskólann í Reykjavík. Í *Tungutaki – félagslegum málvísindum* er fjallað um máltöku barna, tvítýngi, mállýskur og mál mismunandi hópa, tal- og málmein og ýmislegt er varðar tjáskipti manna. Í *Tungutaki – hljóðfræði og hljóðkerfisfræði* er fjallað m.a. um grundvallarhugtök hljóðfræðinnar, myndunarstað og myndunarhátt máhljóða í íslensku, atkvæðaskiptingu, hljóðritun og íslenskar framburðarmál-lýskur. Margvísleg verkefni eru í bókunum sem til þess eru gerð að efla skilning nemenda á efninu og hvetja þá til sjálfstæðrar hugsunar. Myndir í bókunum eru eftir Hugleik Dagsson.

Bjartur & Veröld

Góði elskhuginn

Á kaldri vetrarnóttu er löngu brottfluttur Íslendingur allt í einu staddur fyrir utan

heimili æsku-ástarinnar, á Seltjarnarnesi. Þau áttu saman sjö mánuði fyrir sautján árum en hafa ekki sést síðan. Hún hefur aldrei vikið úr huga hans. Hvað gerist í nótt?

Ævilok eða nýtt upphaf? *Góði elskhuginn* er saga um ást og aðskilnað,

einsemd og eftirsjá, hamingju og vonbrigði – og amerískan geðlækni sem skrifar raunveruleikaskáldsögu með fræðilegu ívafi. Höfundur er Steinunn Sigurðardóttir.



Harmur englanna

Tíminn er stundum bölvæð kvikindi, færir okkur allt til þess eins að taka það burt aftur. Það eru þrjár vikur síðan strákurinn kom í Plássið með stórhættulegan skáldskap á bakinu og vegalengdin milli Bárðar og lífsins eykst miskunnarlaust með hverjum degi. Jens landpóstur er kominn í Plássið, rétt slapp undan norðanvindinum þótt komið væri vor. Saman fara þeir strákurinn yfir að Vetrarströndinni, það eru apríllök og snjókoman tengir saman himin og jörð, þurrkar út áttirnar og landslagið. Hafi djöfullinn skapað eitthvað í þessum heimi, fyrir utan peningana, þá er það skafrenningur uppi á fjöllum. *Harmur englanna* er sjálfstætt framhald *Himnaríkis og helvítis* sem út kom árið 2007. Höfundur er Jón Kalman Stefánsson.



Horðu á mig

Þóra Guðmundsdóttir lögmaður reynir að fá endurupptekið mál fatlaðs manns sem vistaður er á réttargeðdeildinni á



Sogni fyrir að kveikja í sambýli með skelfilegum afleiðingum. Ungum útvarpsmanni berast torkennileg skilaboð og ógnvekjandi símtöl. Látin stúlka sækir í að standa við fyrirheit um að passa lítinn dreng. Saman fléttast þessir þræðir í glæpasögu sem fær hárin til að rísa. Höfundur er Yrsa Sigurðardóttir.

Bókaútgáfan Hólar

Þessi útgáfa af *Gunnlaugs sögu ormstungu* er sérstaklega sniðin fyrir unglingadeildir grunnskólans hvað varðar orðskýringar og verkefni. Vísað er til þess að eittþúsund ár eru liðin frá því að Gunnlaugur og Hrafn börðust á Dinganesi og einvíginn gerð sérstök skil í myndum og máli. Umsjón með útgáfunni hafði Ragnar Ingi Aðalsteinsson.



Skólavefurinn

Vanda málið

Vanda málið er námsefni í íslensku fyrir miðstig grunnskóla. Efnið skiptist í þrennt, þ.e. *Þetta er málið*, *Ekki málið* og *Minnsta málið*. Um er að ræða

sex bækur í hverjum árgangi (samtals 18 bækur), lesbækur og vinnubækur. Prentaða efninu fylgir efni á vef þar sem m.a. eru leiðbeiningar til kennara, gagnvirkar æfingar, upplestur á öllu lesefni og hugtakabanki. Lausnir og svör fylgja öllum verkefnum. Í námsefninu er lögð áhersla á ritun, lesskilning og munnlega tjáningu, umræður og gagnrýna hugsun en einnig frásagnarlistina. Aðalhöfundar námsefnisins eru Ingólfur Kristjánsson og Baldur Hafstað. Meðhöfundar eru Þórður Helgason og Sigurður Konráðsson.



HLJÓÐFRÆÐI OG FÉLAGSLEG MÁLVÍSINDI Í NÝJUM TUNGUTAKSBÓKUM!

Í námsefnisflokknum Tungutaki eru komnar út tvær nýjar bækur:

Í *Tungutaki – félagslegum málvísindum* er fjallað um máltöku barna, tvítyngi, mállýskur og mál mismunandi hópa, tal- og málmein og ýmislegt er varðar tjáskipti manna.

Í *Tungutaki – hljóðfræði og hljóðkerfisfræði* er fjallað m.a. um grundvallarhugtök hljóðfræðinnar, myndunarstað og myndunarhátt máhljóða í íslensku, atkvæðaskiptingu, hljóðritun og íslenskar framburðarmállýskur.

Höfundar bókanna eru Ásdís Arnalds og Sólveig Einarsdóttir, kennarar við Kvennaskólann í Reykjavík, og bækurnar eru prýddar myndum eftir Huggleik Dagsson.



FAGURSKREYTTUR FJÁRSJÓÐUR

22 ÆVINTÝRI ÚR SAFNI JÓNS ÁRNASONAR

Silja Aðalsteinsdóttir valdi ævintýrin og bjó til prentunar en Halldór Baldursson myndskreytti glæsilega.



FORLAGIÐ
www.forlagid.is



Heildstætt námsefni í íslensku



VANDA MÁLIÐ



nýtt



heildstætt
námsefni í íslensku
fyrir
miðstig grunnskóla



Höfundar

Baldur Hafstað,
Sigurður Konráðsson,
Þórður Helgason og
Ingólfur Kristjánsson

